# FRÉTTABLAÐIÐ

92. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. APRÍL 2016





**Byrjuðu með látum** Þessir kátu piltar voru hæstánægðir með leik sinna manna í KR gegn Haukum í fyrsta leik liðanna í lokaúrslitum Domino's-deildar karla. KR vann afar sannfærandi, 91-61, og þarf nú tvo sigra í viðbót til að vinna sinn þriðja Íslandsmeistaratitil í röð. Haukar fá tækifæri til að svara fyrir sig á heimavelli í Hafnarfirði á föstudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Erlent vinnuafl streymir aftur til Íslands

**Hlutfall erlendra ríkisborgara af vinnuafli nam átta prósentum eftir hrun en nemur nú milli níu til tíu prósentum. Þörf er á allt að tvö til þrjú þúsund erlendum starfsmönnum árlega næstu árin. Fyrir hrun komu nær einungis karlmenn en nú koma bæði konur og karlar.**

**EFNAHAGSMÁL** Vegna vaxtar í ferðaþjónustu styttist í að hlutfall erlendra ríkisborgara af vinnuafli verði hærra en fyrir hrun.

Þetta er mat Karls Sigurðssonar, sérfræðings hjá Vinnumálastofnun.

Með hruninu dró úr þörf fyrir erlent vinnuafl. Hlutfall erlendra ríkisborgara af vinnuafli lækkaði úr tíu niður í átta prósent. Nú er hlutfallið milli níu og tíu prósent.

„Störfum fór að fjölga árið 2012 og síðan hefur orðið mikil aukning. Til urðu sex þúsund ný störf 2015 og stefnir í jafn mörg störf 2016," segir Karl. Munur á náttúrulegri fjölgun á vinnumarkaði og fjölda nýrra starfa nemur tveimur til þremur þúsundum.

> Við þurfum tvö til þrjú þúsund erlenda starfsmenn á ári.
>
> Karl Sigurðsson hjá Vinnumálastofnun



„Fólk á atvinnuleysisskrá dekkar hluta af þessu og gerir enn þó að ekki sé mikið þar að hafa í framtíðinni. Síðan hefur atvinnuþátttaka aðeins verið að aukast. Þó má áætla að sá tími sé að koma að við þurfum tvö til þrjú þúsund erlenda starfsmenn á ári," segir Karl.

Eftirspurnin fyrir hrun var örari og snerist aðallega um byggingariðnaðinn. Fyrst og fremst komu hingað karlmenn að sögn Karls.

„Þetta er miklu hægara núna, er tengt ferðaþjónustu að mestu leyti og nú koma bæði konur og karlar. Það hefur þó verið vaxandi eftirspurn eftir erlendu vinnuafli í byggingariðnaði í lok síðasta árs og í ár," segir Karl. – sg

## Fílabindið var gjöf frá Dorrit

**LÍFIÐ** „Bindið er í uppáhaldi hjá mér, ég hef notað þetta bindi oft," segir Ólafur Ragnar Grímsson, sem tilkynnti framboð sitt til embættis forseta Íslands á mánudag með bindi með fílamynstri um hálsinn.



Eftir blaðamannafund Ólafs Ragnars veltu margir því fyrir sér hvaðan gula bindið með fílunum væri komið. Það fékk hann að gjöf frá eiginkonu sinni, Dorrit Moussaieff, og var þetta ekki í fyrsta sinn sem hann skartar því. – gjs, gló / sjá síðu 38

## Fréttablaðið í dag




**MARKAÐURINN** Hagfræðingurinn John Kay segir fjármálakerfið of upptekið af innbyrðis viðskiptum.

**SKOÐUN** Hin stóra flétta hrægammastjórnarinnar. 17

**SPORT** Teitur Örlygsson ætlar ekki að taka við Njarðvík. 22

**MENNING** Dómur um Auglýsingu ársins í Borgarleikhúsinu eftir Tyrfing Tyrfingsson. 30

**LÍFIÐ** Jóhannes Haukur fylgdist með fæðingu dóttur sinnar í gegnum Skype. 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● ÖRYGGISÞJÓNUSTA


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðvestan og vestan 8-15 m/s í dag, hvassast sunnan til á landinu. Skúrir eða él, en úrkomulítið austan til fram yfir hádegi. Norðvestan 8-13 í kvöld og úrkomuminna. Hiti 0 til 8 stig að deginum, hlýjast sunnanlands.

SJÁ SÍÐU 28

# Gleðin er byrjuð




Barnamenningarhátíð í Reykjavík var sett í Hörpu í gær með opnunarviðburði sem tileinkaður var margbreytileika menningar og tungumála. Sjö hundruð leikskólabörn og fjögur hundruð grunnskólakrakkar tóku lagið með Pollapönki. Hátíðin stendur fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verktakar úr varðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Fimmmenningarnir sem setið hafa í gæsluvarðhaldi síðastliðna viku grunaðir um stórfelld skattalaga- og bókhaldsbrot losnuðu úr haldi í gær. Ekki var farið fram á frekara gæsluvarðhald þar sem rannsóknarhagsmunir þóttu ekki standa til þess.

Fimmmenningarnir eru meðal þeirra níu sem handteknir voru í umfangsmiklum aðgerðum héraðssaksóknara og lögreglunnar síðastliðinn þriðjudag. Handtökurnar snúa að rannsókn á stórfelldum brotum hjá nokkrum verktakafyrirtækjum í byggingariðnaðinum en grunur leikur á að fleiri hundruð milljónum króna hafi verið skotið undan.

„Það er búið að vinna í þessu af miklum krafti þessa viku á meðan þau voru í gæslu og það hefur orðið ágætis framvinda í málinu,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari aðspurður hvernig rannsókn málsins miði. „En það liggur samt sem áður engu að síður fyrir að það er þó nokkuð mikið verk sem þarf að vinna í framhaldinu.“ **– bá**

## Fjárhaldsstjórn afstýrt um sinn

**STJÓRNMÁL** Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur frestað að leita eftir því að innanríkisráðuneytið skipi bænum fjárhaldsstjórn.

Stuttu fyrir fund bæjarstjórnarinnar í gær óskuðu lífeyrissjóðir, sem eru meðal kröfuhafa, eftir fresti. Greiðsluvandi Reykjanesbæjar var viðurkenndur og kröfuhafar sögðust tilbúnir að leita lausna.

„Það er ánægjulegt að menn skuli gefa þessu meiri tíma og skoða nýjar leiðir,“ segir Böðvar Jónsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem lagðist gegn fjárhaldsstjórninni.

„Ég taldi strax að við ættum að gefa þessum viðræðum meiri tíma. Nú liggur fyrir að menn eru til í það,“ segir Böðvar. **– srs**




# Hjólreiðafólk neitar því að verða gert hornreka

**Formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur segir sprengingu í fjölda hjólreiðamanna á götum kalla á betra samtal vegfarenda. Sveitarfélög fara í hjólastígagerð í vor. Allir sammála um að kappakstur eigi ekki heima meðal gangandi vegfarenda.**

**UMFERÐ** „Skýrt merki um aukningu hjólreiðamanna er að það hafa þúsund skráð sig í Bláalónsþrautina en við vorum tíu fyrir tuttugu árum,“ segir Albert Jakobsson, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá hraðskreiðum hjólreiðamönnum á göngustíg á Seltjarnarnesi. Margir tjáðu sig um fréttina á Vísi og voru sögur af „hættulegum hjólreiðamönnum“ víðs vegar um höfuðborgarsvæðið sagðar.

Albert segir það gefa augaleið að hjólreiðamenn þurfi að hjóla með skynsemina í fyrirrúmi og sem gestir á útivistarstígum borgarinnar. Það sé leiðinlegt að fáeinir sem séu með glannaskap sverti orðspor allra. Hjólreiðamenn fái undanþágu til að vera á göngustígum en þeir séu samt einnig í víkjandi stöðu á götum borgarinnar.

„Í báðum tilfellum verðum við að passa okkur að vera ekki fyrir. Ökumenn vilja hafa okkur á göngustígum og gangandi vegfarendur vilja hafa okkur á götunum.“

Með mikilli aukningu hjólreiðamanna telur Albert því mikilvægt að byggja upp hjólastíga og að allir í umferðinni sýni tillitssemi.

„Það gengur ekki að við séum hornreka bæði á götum og gangstéttum. Það mætti fræða betur um hvernig skuli aka í kringum hjólreiðafólk, taka tillit og skapa ekki hættu þegar keyrt er fram hjá með því að strjúka okkur með speglunum,“ segir Albert.

Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður skipulagsnefndar Seltjarnarnesbæjar, er sammála Alberti um nauðsyn hjólastíga. Tvöföldun á göngustígum bæjarins hafi verið í bígerð frá því í fyrra og sé nú á fjárhagsáætlun. Framkvæmdir við fyrsta áfanga hefjist í vor með hjólastíg frá borgarmörkum í Reykjavík og vestur eftir norðurströndinni.

„Þetta eru heilmiklar framkvæmdir, jarðvegsskipti og malbikun, og hleypur fyrsti áfanginn á tugum milljóna króna,“ segir Bjarni.

Einnig verða hjólastígar lagðir í Reykjavík. Í nýsamþykktri hjólreiðaáætlun borgarinnar er lögð áhersla á að byggja upp aðgreinda stíga.

„Það eru heilmiklar aðgerðir í bígerð í Elliðaárdalnum og verður framkvæmdum á hjólastíg við Stekkjarbakka og við nýja brú til móts við gömlu rafstöðina líklega lokið 1. júní,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

erlabjorg@frettabladid.is

### Hjólastígar í Reykjavík

**4,5%**

**er hlutfall hjólastíga í Reykjavík þar sem umferð hjólandi er aðgreind frá gangandi og akandi umferð, eða 17 kílómetra leið.**

**» Markmið borgarinnar er að hlutfall hjólaleiða af heildarstígakerfinu verði 6% árið 2017 og 8% árið 2020.**

> Það eru heilmiklar aðgerðir í bígerð í Elliðaárdalnum.
>
> Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar



> Ökumenn vilja hafa okkur á göngustígum og gangandi vegfarendur vilja hafa okkur á götunum.
>
> Albert Jakobsson, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# HYBRID STJÖRNUTILBOÐ




**Yaris Hybrid** **Auris Hybrid**

**Yaris Hybrid og Auris Hybrid bjóðast núna á stjarnfræðilega góðum kjörum í takmarkaðan tíma.**

Þú færð stjörnur í augun þegar þú sérð Yaris Hybrid og Auris Hybrid á sérstöku stjörnutilboði*. Við erum að tala um áður óséð sértilboð sem bjóðast ekki á hverjum degi. Komdu og fáðu stjörnur í augun hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun** | **Tryggt framtíðarvirði** | **Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Stjörnutilboð gildir ekki með öðrum tilboðum.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Lausanne-búar prófa borgarlaun

**SVISS** Svissneska borgin Lausanne ætlar að fylgja fordæmi Utrecht í Hollandi og gera tilraun sem felst í því að veita íbúum borgarinnar svokölluð borgaralaun.

Um er að ræða skilyrðislausa grunnframfærslu sem felur í sér að allir fá greidda lágmarksupphæð frá ríkinu. Bótakerfi verða aflögð og þar með sparast vinna opinberra stofnana. Vinnutekjur leggjast ofan á borgaralaun. Ekki er gert ráð fyrir neinum skerðingum.

Borgarráð Lausanne, þar sem 150 þúsund manns búa, samþykkti með 39 atkvæðum gegn 37 að hefja tilraunina. Ekki liggja fyrir nákvæmar lýsingar á hvernig tilraunin mun fara fram, annað en að hún verði svipuð og í Utrecht. Einungis lítill hluti borgarbúa mun taka þátt og verður tilraunin fjármögnuð bæði af fé borgarinnar og landsins.

Áform eru um aðra slíka tilraun í Finnlandi. Tilraunin á að standa yfir í eitt ár og hefjast á næsta ári. Rætt er um að borgaralaunin muni nema um 800 evrum á mánuði eða sem samsvarar 112 þúsundum íslenskra króna.

Hér á landi hafa þingmenn Pírata lagt fram þingsályktunartillögu um borgaralaun eða skilyrðislausa grunnframfærslu. **– sg**



**Einungis lítill hluti borgarbúa mun taka þátt og verður tilraunin fjármögnuð bæði af fé borgarinnar og landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þarf spretthörku til að sigra Ólaf Ragnar

## Tveir hafa hætt við forsetaframboð eftir að Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti um endurkjör. Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að framboð Ólafs gerbreyti landslaginu. Guðni Th. Jóhannesson, sem hugleitt hefur framboð, kynnir ákvörðun síðar í vikunni.

**STJÓRNMÁL** Fullyrða má að við tilkynningu Ólafs Ragnars Grímssonar um að hann hygðist sækjast eftir endurkjöri sem forseti Íslands í sjötta sinn hafi hrikt í stoðum íslenskra stjórnmála.

Þegar hefur fjöldi fólks tilkynnt um forsetaframboð en fimmtán manns höfðu tilkynnt um framboð áður en að Ólafur tilkynnti um sitt framboð.

Í kjölfarið hættu tveir við framboðið, Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur og Guðmundur Franklín Jónsson athafnamaður.

Þá hafa fleiri einstaklingar verið orðaðir við framboð og hafa legið undir feldi vegna þessa. Meðal þeirra eru Linda Pétursdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri, og Bergþór Pálsson söngvari. Þau hafa bæði ákveðið að bjóða sig ekki fram en tilkynningar þeirra komu fram eftir að Ólafur tilkynnti um sitt framboð.

Bergþór Pálsson segir að framboð Ólafs hafi að hluta til haft áhrif á það að hann ákvað að bjóða sig ekki fram. „Sitjandi forseti hefur gríðarlegt forskot í kosningum og Ólafur Ragnar hefur ekkert verið að skandalísera í embætti þannig að fólk þarf ekkert að koma honum frá þess vegna. Hann hefur að mörgu leyti staðið sig vel í embætti og margir eru ánægðir með hann."

Bergþór segir að með tilkomu Ólafs í kosningabaráttuna virðist stefna í einvígi á milli hans og Andra Snæs Magnússonar.

Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, var byrjuð að undirbúa framboð. Hún er ekki búin að taka ákvörðun um hvort hún fari fram eftir tilkynningu Ólafs.

„Eftir þetta útspil í fyrradag þá ákvað ég að minnsta kosti að leyfa þeim stormi að ganga yfir en ætla ekki að loka neinum dyrum á þessum tímapunkti."

Vigfús Bjarni Albertsson er einn þeirra sem mældust ágætlega í skoðanakönnunum en hann dró einnig framboð sitt til baka. Honum þykir forsendur kosninganna hafa breyst.

„Mér finnst staðan vera orðin þannig að þetta séu orðnar pólitískar kosninga," segir hann. „Ég var ekki tilbúinn til að taka þátt í því. Mér finnst umræðan hafa verið sett á þann stað að þetta sé orðin pólitísk umræða og um það hver sé ómissandi," segir hann en honum þótti það erfitt að hætta við.

Guðmundur Franklín Jónsson var búinn að tilkynna um framboð en dró það til baka sama dag og Ólafur ákvað að gefa kost á sér til endurkjörs.

„Hann er mjög vinsæll enn þá og ég vissi það alveg að það væri erfitt að sigra sitjandi forseta," segir hann. Guðmundur fann fyrir því þegar hann safnaði undirskriftum til stuðnings framboði sínu var lítið um það að fólk vildi breytingar.

„Ég myndi segja að þrír af hverjum fjórum sem maður talaði við vildu hafa Ólaf áfram," segir Guðmundur sem kveðst ánægður með framboð Ólafs enda hafi hann lagt upp með svipaðar áherslur.

„Tíðindi mánudagsins gerbreyttu landslaginu," segir Guðni Th. Jóhannesson sem tilkynnir síðar í vikunni hvort hann muni gefa kost á sér til. Hann segir Ólaf hafa gerbreytt forsendum kosninganna.

„Með því að sitjandi forseti gefi kost á sér er stóra breytingin. Sitjandi forseti hefur svo svakalegt forskot á aðra og menn verða að vera svo svakalega sprettharðir til að vinna upp forskotið," segir segir Guðni Th. Jóhannesson.

**stefanrafn@frettabladid.is**



**Ólafur gefur kost á sér til embættis forseta í sjötta sinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Eftir þetta útspil í fyrradag þá ákvað ég allavega að leyfa þeim stormi að ganga yfir en ætla ekki að loka neinum dyrum á þessum tímapunkti.**
>
> Sigrún Stefánsdóttir



> **Ég myndi segja að þrír af hverjum fjórum sem maður talaði við vildu hafa Ólaf áfram.**
>
> Guðmundur Franklín Jónsson






# Hænuskref stigin í viðræðunum

**KJARAMÁL** „Segja má að þetta hafi mjakast hænuskref áfram, en það er langt í land enn þá," segir Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, um samningafund með fulltrúum Isavia og Samtaka atvinnulífsins hjá ríkissáttasemjara í gærmorgun. „En það er svo sem ekki mikið að frétta af þessu."

Ótímabundið yfirvinnubann flugumferðarstjóra tók gildi sjötta þessa mánaðar.

Sigurjón segir menn þó vongóða á meðan ræðst sé við og hlutir þokist í rétta átt, en viðurkennir um leið að hægt gangi. Vika líður á milli funda, en næsti fundur hefur verið boðaður á þriðjudag.



**Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra**



**Samninganefnd flugumferðarstjóra fundaði með samninganefnd Isavia og SA hjá ríkissáttasemjara fyrir hádegi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Einhver röskun varð á flugi, bæði innanlands- og millilandaflugi, fyrstu dagana eftir að yfirvinnubann flugstjóra tók gildi. Flug hefur hins vegar gengið vandkvæðalaust síðustu daga. Sigurjón segir hins vegar ómögulegt að segja til um hvar áhrif yfirvinnubannsins kunni að koma niður næst. Það ræðst af mönnun og forföllum á hverjum stað. **– óká**

# OPEL BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!

1975 | Bílabúð Benna | 2015

Verð frá:
**3.190.000 KR.**




## Margfaldur sigurvegari.

Opel hefur varla haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, frá bílasérfræðinum jafnt sem neytendum, fyrir Opel Astra. Fyrir utan titilinn Bíll ársins í Evrópu, sem er eftirsóttasta viðurkenning sem bílaframleiðendum hlotnast, má nefna Gullna stýrið, Bíll ársins í Danmörku, Bíll ársins í Skotlandi, ásamt sérstakri umhverfisviðurkenningu þar í landi, svo fátt eitt sé nefnt.
**Sjáðu meira á opel.is.**

CAR OF THE YEAR 2016

## Ný Opel Astra.
**Meira en þú átt að venjast.**

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.**

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16

**OPEL Á ÍSLANDI**
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is



**Við getum veitt allt að 8.158 tonn af þorski.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Samdist við Rússa um þorsk

**SJÁVARÚTVEGUR** Ísland og Rússland undirrituðu á miðvikudag samning um veiðar íslenskra skipa í rússneskri lögsögu á árinu 2016 og munu Íslendingar samkvæmt honum geta veitt allt að 8.158 tonn af þorski.

Samningurinn byggir á Smugusamningnum, þríhliða samningi Íslands, Noregs og Rússlands frá árinu 1999 um veiðar á þorski í Smugunni. Ísland og Rússland semja árlega um veiðar hvers árs en á fundi í desember í fyrra náðist ekki að landa samningi.

Á fundinum kom fram að Rússar hafa áhuga á því að endurskoða ákveðin atriði í Smugusamningnum í aðdraganda mögulegrar endurskoðunar hans árið 2018. Jafnframt lýstu þeir yfir áhuga á því að auka samstarf milli þjóðanna á sjávarútvegssviðinu. **– shá**

## Lónað í makindum á lóninu



**Selir láta sér fátt um finnast þótt halda þurfi fífldjörfu mannfólki frá því að ana í hugsunarleysi út á ísjakana sem fljóta um Jökulsárlón.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM

## Ólafur sjaldan jafn vinsæll

**STJÓRNMÁL** Ánægja með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, hefur sjaldan mælst jafn mikil. Þetta kemur fram í könnun MMR en 60,7 prósent svarenda segjast ánægð með störf forseta.

Kjósendur Framsóknarflokksins eru ánægðastir með störf forseta en 99 prósent þeirra segjast vera ánægð með störf Ólafs og enginn óánægður.

Minnst ánægja er með störf forseta meðal kjósenda Samfylkingarinnar eða 27 prósent en þá eru kjósendur Vinstri grænna óánægðastir með störf hans eða 35 prósent.

Þá er áberandi munur á milli ánægju og menntunarstigs en því meiri menntun sem svarendur hafa því meiri er óánægjan með störf forseta.

Könnun MMR var gerð 4. til 5. apríl. Fjöldi svarenda var 987. **– srs**

## Hunsi fyrirtæki í skattaskjólum

**DANMÖRK** Einn borgarstjóra Kaupmannahafnar, Ninna Thomsen sem er í Sósíalíska þjóðarflokknum, hefur lagt fram tillögu sem á að koma í veg fyrir að eignir sveitarfélagsins, sem nema 6,9 milljörðum danskra króna, fari til fyrirtækja sem hafa tengsl við skattaskjól.

Fleiri flokksfélagar Thomsen, sem sitja í bæjarráðum í Frederikssund, Hróarskeldu, Lyngby-Taarbæk, Køge, Hillerød og Gladsaxe, eru sama sinnis.

Samkvæmt upplýsingum úr Panama-skjölunum aðstoðaði Nordea-bankinn viðskiptavini sína við að stofna aflandsfélög í skattaskjólum. **– ibs**

**» Sósíalistar vilja að dönsk sveitarfélög sniðgangi fyrirtæki með tengsl við aflandsfélög.**

# Ekki undanþága vegna sparnaðar í útlöndum

**Lög og reglur um gjaldeyrishöft heimila ekki einstaklingum að flytja fé af innlendum bankareikningi á sparnaðarreikning í útlöndum. Ekki liggja fyrir gögn um hvernig greiðslum var háttað í eftirlaunasjóð Júlíusar Vífils Ingvarssonar.**

**PANAMA-SKJÖLIN** Ekki hefði fengist undanþága frá gjaldeyrishöftum til söfnunar inn á eftirlaunasjóð Júlíusar Vífils Ingvarssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, sem vistaður var í aflandsfélagi í Panama. Þetta kemur fram í svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Júlíus Vífill sagði sig frá borgarstjórn um síðustu mánaðamót eftir að ljóst var að nafn hans væri tengt félagi í Panama-skjölunum svonefndu.

Í svari Seðlabankans kemur fram að fjármagnshreyfingar á milli landa séu bundnar takmörkunum í samræmi við ákvæði laga og reglna um gjaldeyrismál. Aðeins sé unnt að flytja fjármuni á milli landa ef það er sérstaklega undanþegið takmörkunum eða á grundvelli sérstakrar undanþágu frá Seðlabanka Íslands.

„Innlendum aðilum er óheimilt að flytja fjármuni af reikningum sínum hjá fjármálafyrirtæki hér á landi yfir á reikning í sinni eigu hjá fjármálafyrirtæki erlendis í þeim tilgangi einum að halda úti sparnaði erlendis,“ segir þar jafnframt.

Um leið er þó bent á að innlendur aðili geti átt fjármuni erlendis, sem ekki séu háðir skilaskyldu hingað til lands í samræmi við ákvæði laga um gjaldeyrismál, til dæmis vegna þess að fjármunir hafi verið í eigu viðkomandi aðila frá því fyrir 28. nóvember 2008 þegar fjármagnshöft voru innleidd hér á landi.

„Í slíkum tilvikum getur innlendur aðili flutt þá fjármuni á milli tveggja bankareikninga í sinni eigu erlendis þar sem það telst ekki fjármagnshreyfing á milli landa í skilningi laga um gjaldeyrismál.“



**Júlíus Vífill Ingvarsson vill ekkert tjá sig frekar um aflandsfélag.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Innlendum aðilum er óheimilt að flytja fjármuni af reikningum sínum hjá fjármálafyrirtæki hér á landi yfir á reikning í sinni eigu hjá fjármálafyrirtæki erlendis í þeim tilgangi einum að halda úti sparnaði erlendis.**
>
> Úr svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins

Fram kom í umfjöllun Kastljóss 3. apríl að félag Júlíusar Vífils hefði verið stofnað í Panama í ársbyrjun 2014 og rík áhersla lögð á að leyna eignarhaldi hans. Ekki liggja fyrir upplýsingar um greiðslur í félagið.

Júlíus Vífill vildi ekki tjá sig frekar um málið þegar eftir því var leitað í gær, en vísaði þess í stað til yfirlýsingar sinnar frá 1. apríl og ræðu á í borgarstjórn 5. apríl, en þá var lausnarbeiðni hans frá borgarstjórn samþykkt. Þá sagði hann að allt sem við kæmi þessum sjóði væri í samræmi við íslensk lög og reglur.

„Enda naut ég sérfræðiráðgjafar til að tryggja að réttilega og löglega væri að málum staðið,“ segir í yfirlýsingu Júlíusar Vífils. **olikr@frettabladid.is**




LAND ROVER DISCOVERY

# UPPFÆRÐU ÆVINTÝRIN Á FYRSTA FARRÝMI

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




## KOMDU OG REYNSLUAKTU GLÆSILEGUM DISCOVERY

Land Rover Discovery hefur slegið í gegn um allan heim. Hann er ekki einungis einstaklega fallegur jeppi heldur er hann tæknilega fullkominn og hannaður fyrir ferðalagið og fjölskylduna. Farangursrýmið er eitt það allra mesta sem um getur eða 1.192 lítrar auk þess sem hann er fáanlegur 7 sæta.

Discovery sameinar betur en nokkur annar jeppi fullkomið notagildi og hæfni til að takast á við erfiðar akstursaðstæður. Dráttargeta er 3.500 kg og vaðdýpt 70 cm.

Discovery er með öfluga 210 hestafla vél og búinn loftpúðafjöðrun á öllum hjólum ásamt hinu rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfi.

**Land Rover Discovery S – verð frá 11.390.000 kr.**
Eldsneytisnotkun er einungis 8,8 l/100 km miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM74094

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Mikið hefur dregið úr notkun rafmagns á íslenskum heimilum

**ORKUMÁL** Þökk sé orkusparandi perum og sparneytnari heimilistækjum að árleg meðaltalsnotkun heimila á rafmagni hefur minnkað úr 4,9 megavattstundum (MWh) árið 2009 niður í 4,5 MWh árið 2014. Rafmagnsnotkun heimila hefur því minnkað um átta prósent frá 2009.

Þetta kemur fram í nýrri raforkuspá orkuspárnefndar sem áætlar að orkunotkun hvers heimilis muni minnka niður í 4 MWh á næstu árum. Í frétt á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segir að helstu orsakir minni raforkunotkunar á heimilum landsmanna séu breytingar í lýsingu þar sem mun orkugrennri perur en glóperurnar eru komnar til sögunnar og heimilistæki hafa orðið sparneytnari. Á móti kemur að tækjum á heimilum hefur farið fjölgandi en flestar nýjar tækjategundir eru orkugrannar.

Í raforkuspánni kemur fram að lengi vel hafi almenn heimilisnotkun utan rafhitunar farið vaxandi og náði hún hámarki árið 2009. Núna hefur hún hins vegar ekki verið jafn lítil í áratug. Gert er ráð fyrir að fyrrnefndar breytingar í lýsingu fari einnig að skila sér í garðyrkju eftir nokkur ár og mun þá raforkunotkun í landbúnaði minnka.

Haldi þróunin áfram eins og spáin gerir ráð fyrir þá nemur árlegur þjóðhagslegur sparnaður um tveimur milljörðum króna. Þetta hefur líka



**Sparperan og betri raftæki spara samfélaginu milljarða.** NORDICPHOTOS/GETTY

það í för með sér að nú á tímum umframeftirspurnar eftir raforku hafa orkufyrirtækin 130 GWst til sölu án þess að leggja í kostnað við nýjar virkjanir.

Til samanburðar er orkuvinnsla Steingrímsstöðvar 122 GWst/ári. Rekstur Steingrímsstöðvar hófst árið 1959 og er uppsett afl hennar 27 megavött (MW) – en þar er virkjað fall Efra-Sogs úr Þingvallavatni í Úlfljótsvatn. **– shá**

# Ný viðmið í raforkumálum eftir París

**Nýundirritaður loftslagssamningur mun breyta raforkumarkaði heimsins og þegar eru teikn á lofti því til sönnunar. Forstjóri Landsnets segir að fyrirtækið standi frammi fyrir miklum áskorunum enda muni raforka gegna lykilhlutverki í þróun næstu áratugi.**

**ORKUMÁL** Loftslagssamningurinn sem þjóðir heims undirrituðu í París í desember mun þýða miklar breytingar fyrir raforkuiðnaðinn um allan heim, og þess mun gæta hérlendis rétt eins og annars staðar. Ör þróun er fyrirsjáanleg með rafbílavæðingu, millilandaviðskiptum með raforku og ekki síst þróun í rafgeymatækni.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, vék að þessari þróun á vorfundi fyrirtækisins í síðustu viku. Hann sagði að Parísarsamkomulagið frá því í desember, þar sem þjóðir heims settu sér það markmið að halda hlýnun jarðar vel innan við tvær gráður hefði sett ný viðmið fyrir samfélagið. Ef markmið Parísarsamkomulagsins eiga að nást þá er það mat Guðmundar að raforka muni gegna lykilhlutverki í þeirri þróun. Það auki kröfurnar til flutningskerfis raforku og þar með Landsnets sem hann telur að standi frammi fyrir miklum áskorunum og því fylgi nauðsynleg endurskoðun á gildandi viðmiðum fyrirtækisins eins og samfélagsins alls.

„Þessi þróun er þegar hafin. Það er að verða umbreyting í orkuvinnslu og á ýmsum sviðum orkunotkunar. Þetta er eitthvað sem við þurfum að huga að,“ sagði Guðmundur og tók sem sitt fyrsta dæmi fjölda smávirkjana hérlendis, en hann taldi að slíkar virkjanir í undirbúningi myndu geta framleitt um 100 megavött. „Og við vitum að miklu fleiri eru að skoða ákveðna kosti. Þarna er orðin ákveðin þróun sem er hliðstæð því sem hefur orðið í öðrum löndum, til dæmis Noregi.“



**Tesla Model S á stóran þátt í því að rafbílar eru álitnir raunhæfur og eftirsóttur kostur í bílakaupum.** NORDICPHOTOS/GETTY

Guðmundur nefndi einnig uppgang vindorkunnar, sem Ísland fer ekki varhluta af, og rafbílavæðingu. Eins millistór fyrirtæki sem eru að breyta sinni orkunotkun, og þar má finna dæmi í sjávarútvegi á Íslandi. Í framtíðinni gætu rafbílar byrjað að selja inn á orkukerfin, sagði Guðmundur, og í Kaliforníu í Bandaríkjunum hlaði menn sína rafbíla að nóttu til og fá rafmagn á betra verði en ef hlaðið er að degi til þegar álagið er mest.

Nefndi hann sérstaklega að mögulegt sé að nota rafbílinn sem varaaflstöð fyrir heimilið ef þess gerist þörf, sem vekur athygli á heillandi þróun sem tilkomin er vegna stórstígra framfara í þróun rafgeyma, eða rafhlaðna, í bíla.

„Kannski er mikilvægasta þróunin í rafgeymum þar sem þeir eru að verða stærri og hagkvæmari og við getum hugsanlega nýtt þá til að geyma raforku sem mun hafa gríðarleg áhrif á flutningskerfið og raforkukerfið allt,“ sagði Guðmundur.

svavar@frettabladid.is

## Orkuskipti og rafbílar á oddinn

- Átta verkefni innan sóknaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum miða að því að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi; í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun.
- Lögð verður fram heildstæð áætlun um orkuskipti í samgöngum og lagður grunnur að því að bæta innviði fyrir rafbíla á landsvísu.
- Í sjávarútvegi og landbúnaði verða unnir vegvísar um minnkun losunar í samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda.
- Sett verður aukið fé til landgræðslu og skógræktar og hafist handa við endurheimt votlendis.
- Einnig verður gert átak til að draga úr matarsóun, sem veldur óþarfa losun.

**Kannski er mikilvægasta þróunin í rafgeymum þar sem þeir eru að verða stærri og hagkvæmari og við getum hugsanlega nýtt þá til að geyma raforku sem mun hafa gríðarleg áhrif á flutningskerfið og raforkukerfið allt.**



Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets

**Í Kaliforníu hlaða menn rafbíla sína að nóttu til og fá rafmagn á betra verði en ef hlaðið er að degi þegar álagið á raforkukerfið er mest.**


Velkomin á opnun kosningaskrifstofu á sumardaginn fyrsta.

Hæðasmára 6, Kópavogi, kl. 14.00.

Halla 2016












OPIÐ FRÁ 10-21
Á SUMARDAGINN FYRSTA

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Ástand heimsins







1. Stúlka sem særðist í sjálfsvígsárás í Kabúl, höfuðborg Afganistans, flutt af vettvangi. Sprengingin kostaði tugi manna lífið auk þess sem meira en 300 særðust. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Íbúi í Mashiki á Kyushu-eyju í Japan brotnar niður með mynd af móður sinni, sem fannst í rústum húss eftir jarðskjálftann sem varð þar 14. apríl. NORDICPHOTOS/AFP

3. Tvö börn í tjaldbúðum flóttamanna skammt frá gríska bænum Idomeni rétt við landamæri Makedóníu. NORDICPHOTOS/AFP

4. Lutz Bachmann, einn upphafsmanna Pegida-hreyfingarinnar í Þýskalandi, mætir ásamt stuðningskonu sinni til réttarhalda í Dresden þar sem hann þarf að svara til saka, ákærður fyrir að æsa upp hatur og hræðslu. Bæði eru þau með ferköntuð sólgleraugu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Janis Varúfakis, fyrrverandi fjármálaráðherra Grikklands, heimsækir mótmælahreyfinguna „La Nuit Debout“ í París, en hún hófst 31. mars síðstliðinn og hefur efnt til mótmæla á Place de la République í París. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA












# 25% afsl. af húsgögnum og gjafavöru!

## Ath. tilboðið gildir aðeins dagana 20. til 25. apríl






**Day home kaffibollar,** kr. 1.450,- stk., **nú kr. 1.088,- stk.**



**PB home** skápur
Verð frá kr. 149.000,-, nú **kr. 111.750,-**



**Camerich Crescent** sófar
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll
Verð í áklæði: 3ja sæta verð frá 379.000,-, **nú frá 284.250,-.**
Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, **nú frá 581.250,-.**



**Elvang teppi,**
verð kr. 18.900,-, **nú kr. 14.175**



**Pb home körfur (28-40 cm)**
kr. 5.700,-, 7.900.- og 8.900.-,
**nú kr. 4.275, 5.925,- og 6.675,-**



**LSA blómavasi 25 cm,**
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.550,-**



**LSA kanna 1,5L,**
kr. 5.300.-, **nú kr. 3.975,-**



**Asiama** tungusófi í leðri
Stærð; 250 x 158 cm
Litir; svart, ljóst og brúnt
Verð; 398.000,- , **nú kr. 298.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

# Mikið undir hjá forsetaframbjóðendum í New York-fylki

**BANDARÍKIN** Niðurstöður úr forvalskosningum í New York-fylki sem fram fór í gær gætu skipt sköpum fyrir frambjóðendur, en því er spáð í skoðanakönnunum að Hillary Clinton muni bera sigur úr býtum meðal demókrata en Donald Trump meðal repúblikana.

Sá demókrati sem sigrar í New York-fylki fær 247 kjörmenn, en repúblíkani 95 kjörmenn. Samtals þarf frambjóðandi demókrata að tryggja sér atkvæði 2.383 kjörmanna til að hljóta tilnefningu, en frambjóðandi repúblikana 1.237.

Gríðarlega mikilvægt er að Clinton og Trump sigri í fylkinu þar sem helstu andstæðingar þeirra, Bernie Sanders og Ted Cruz, hafa verið mjög sigursælir í síðustu fylkjum þar sem kosið var. Sanders hefur til að mynda unnið sjö af síðustu átta forkosningum.

Fyrir forvalið í gær munaði einungis um atkvæði tvö hundruð kjörmanna milli Clinton og Sanders, Clinton er með 1.289 kjörmenn og 469 ofurkjörmenn, en Sanders með 1.045 kjörmenn og 31 ofurkjörmann. Trump var aftur á móti

**» Næstu forkosningar fara fram þann 26. apríl í fimm ríkjum á austurströnd Bandaríkjanna.**

með 744 kjörmenn og helsti keppinautur hans Ted Cruz með 559 kjörmenn.

Næstu forkosningar fara fram þann 26. apríl í fimm ríkjum á austurströnd Bandaríkjanna. Síðustu forkosningar flokkanna verða haldnar þann 14. júní. – sg



Hillary Clinton þykir sigursælust í New York-fylki en hún var öldungadeildarþingmaður fyrir fylkið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Tveir menn á þrítugsaldri, nefndir Ayoub B. og Ebrahim Hadj B., mættu fyrir dómara í Þýskalandi síðasta haust, eftir að hafa farið til Sýrlands í þeim tilgangi að ganga til liðs við Íslamska ríkið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Eru ungir, einhleypir og fáfróðir um trúmál

**Skjöl, sem stolið var frá Daish-samtökunum, innihalda upplýsingar um meira en fjögur þúsund einstaklinga sem gengu til liðs við samtökin á árunum 2013 til 2014. Einn mannanna segist hafa búsetu á Íslandi en ekki íslenskt ríkisfang.**

**BANDARÍKIN** Skjölin frá Íslamska ríkinu, Daish-samtökunum svonefndu, sem lekið var til fjölmiðla staðfesta það að liðsmenn þeirra eru flestir ungir og einhleypir karlmenn sem hafa aðeins yfirborðskennda þekkingu á trúmálum.

Mennirnir voru meðal annars spurðir um ríkisfang og búsetu. Þar kemur fram að einn mannanna sagðist hafa búsetu á Íslandi, en enginn sagðist vera með íslenskt ríkisfang.

Alls voru upplýsingar um meira en 4.600 einstaklinga í skjölunum, sem voru á USB-lykli sem stolið var frá Daish í Sýrlandi.

Maður að nafni Abu Muhammed stal lyklinum og kom honum til NBC-fréttastofunnar í Bandaríkjunum. Fréttastofan afhenti stjórnvöldum upplýsingarnar og nú hafa sérfræðingar hersins í West Point unnið upp úr þeim skýrslu sem varpar ljósi á margt varðandi starfsemi Daish.

Á lyklinum voru eyðublöð sem hafa verið útfyllt þegar einstaklingarnir fóru yfir landamærin frá Tyrklandi til Sýrlands til að ganga til liðs við samtökin.

Að meðaltali voru mennirnir 26 til 27 ára þegar þeir fylltu út eyðublöðin, fæddir 1987 eða 1988. Sá elsti

## Upplýsingar úr skjölunum

**Ósk um hlutverk innan samtakanna**
Bardagamaður **89%**
Sjálfsvígssprengjumaður **7%**
Sjálfsvígsbardagamaður **5%**

**Þekking á sjaríalögum**
Grunnþekking **70%**
Meðalgóð þekking **23%**
Mikil þekking **5%**
Ekki vitað **2%**

**Hjúskaparstaða**
Ókvæntir **61%**
Kvæntir **30%**
Ekki vitað **9%**

**» Sá elsti sem gekk til liðs við Íslamska ríkið var sjötugur, fimm barna faðir sem vildi berjast en tók fram að hann vildi ekki vera í hópi sjálfsvígsmanna samtakanna.**

var þó fæddur 1945 og þar með að nálgast sjötugt. Hann var kvæntur fimm barna faðir sem óskaði eftir því að berjast með samtökunum en vildi ekki fylla flokk sjálfsvígsárásarmanna.

Athygli vekur að einungis tólf prósent mannanna bjóða sig fram til sjálfsvígsárása. Hin 88 prósentin vilja aðeins taka þátt í hernaði af öðru tagi.

Flestir þessir menn virðast hafa harla yfirborðskennda þekkingu á íslamstrú. Þannig segjast einungis fimm prósent þeirra hafa mikla þekkingu á sjaría-lögum múslima. Sjötíu prósent segjast einungis hafa byrjendaþekkingu á sjaría.

Menntunarstig þeirra er engu að síður frekar hátt. Meira en þriðjungur hefur sótt nám á háskólastigi en einungis fimmtán prósent segjast eingöngu hafa lokið barnaskólanámi. Reyndar gefa álíka margir ekki upp menntun sína þannig að þeir gætu verið allt að 30 prósent sem ekki hafa lokið nema barnaskólanámi.

Flestir þeir, sem hafa haldið áfram í skóla eftir framhaldsskólapróf, eru í störfum sem krefjast ekki sérstakrar menntunar, eða eru atvinnulausir.

gudsteinn@frettabladid.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Úthlíð 12 - Sérinngangur.
Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45




Björt 99,2 fm. íbúð á jarðhæð að meðtöldum tveimur sér geymslum í Hlíðunum. Húsið var allt steinað upp á nýtt að utan árið 2014. Þá var einnig skipt um hluta af gluggum og nánast allt gler í íbúðinni. Fallegur bogadreginn gluggi í stofu. Sérinngangur er í íbúðina.
**Verð 36,4 millj. Verið velkomin**

DOMUSNOVA Fasteignasala
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717
GISTIHEIMILI/HÓTEL TIL LEIGU - MIKLIR TEKJUMÖGULEIKAR



**Engimýri III sem stendur við þjóðveg 1 um er að ræða 284,6 fm gistiheimili/hótel með fullkomnum veitingastað ca 25-30 mín fjarlægð frá Akureyri. Eignin er skráð sem gistiheimili hjá Fmr.**

Mikil tækifæri ! Viltu skapa þínar eigin tekjur ! Aukning ferðamanna ! Í boði er langtímaleiga á þessu vandaða gistiheimili á norðurlandi fyrir réttan aðila. Hagstæð leiga. Auðvelt að skapa sér mjög arðbæran rekstur í þessari hratt vaxandi atvinnugrein. BÓKUNARSTAÐA góð fyrir sumarið

Frekari upplýsingar veitir Agnar í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is og Haukur Halldórsson hdl./lögg.fastsali haukur@domusnova.is

www.domusnova.is



# SUMARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI



Húllahringur
verð frá
779

Hlaupahjól
verð frá
6.989

Sippuband
verð frá
499



Grafa
1.389

Vörubíll
1.389

Hvolpasveitin fötusett
1.299

Krítar
299

Sápukúlu byssa
979

Brennibolti
699



Nerf byssur
verð frá
2.899

Vatnsblöðrupumpa
1.299

Frisbí diskur
699

Bolti, 15 cm
599


24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BAUHAUS

# Mikið úrval af garðhúsgögnum

## - ekki bara byggingarvöruverslun



**169.995.-**

**Louise hornsófasett**

Í settinu eru 75 x 75 cm borð og hornsófi með sætum fyrir 5. Gráar sessur og púðar fylgja með.



**249.995.-**

**Sandhamn hægindastólasett**

Í settinu eru 4 einingar úr áli/flötu pólýrattan, í svörtu. Ljósgráir púðar og sófaborð með 5 mm hertu gleri fylgir.

**Mosel garðborðsett**

Úr svörtu fjögurra strengja viðarlíki.

**19.995.-**





**Diana garðborðsett**

Í settinu er 65 x 65 cm fellborð og 2 klappstólar úr FSC-vottuðum viði.

VERÐ Á SETTI

**24.995.-**

27.385.-

Stóll ........................ 8.695.-
Borð ........................ 9.995.-



**9.995.-**

**Emma sólbekkur**

202 x 69 x 51 cm. Stálrammi með svörtu textíleni.



**32.995.-**

**Anne sólbekkur**

198 x 62 x 31 cm. Stálrammi með náttúrulituðu hálfhringlaga rattan. Ljósar sessur fylgja.

BAUHAUS®

BAUHAUS










**Gitte hægindastóll**
Ál rammi og svart rattan, með sessu.




**Saale bekkur**
Með stálgrind og viðarsetu.

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

## MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 21. apríl til og með sunnudeginum 24. apríl 2016.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Nauðsynlegar breytingar



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Meðal þess sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segist munu leggja áherslu á verði hann kosinn til áframhaldandi setu er stjórnarskráin. Ólafur sagði núgildandi stjórnarskrá að mörgu leyti hafa reynst vel og ekki hindrað lýðræðislegar lausnir á alvarlegum stjórnskipulegum krísum.

Umræða um breytingar á stjórnarskránni eru ekki nýjar af nálinni. Lengi hafa fræðimenn, stjórnmálamenn og leikmenn tekist á um ýmis ákvæði hennar – ekki síst þau er snúa að hlutverki og völdum forsetans. Í flestum tilvikum eru þátttakendur þeirrar umræðu sammála um að þessi ákvæði séu óskýr og framkvæmd þeirra háð duttlungum þess sem fer með völdin hverju sinni.

Eftir yfirlýsingu Ólafs um að hann sækist eftir fjórum árum til viðbótar, og ekki síður hamaganginn á Alþingi fyrir tveimur vikum, hefur nauðsyn þess að endurskoða þessi ákvæði enn skotið upp kollinum í umræðunni.

Nærtækt dæmi er spurningin um hvort setja eigi hömlur á hversu lengi forseti getur setið í embætti, enda óvanalegt í seinni tíð að lýðræðislega kjörnir þjóðhöfðingjar á Vesturlöndum eigi svo langan tíma í embætti að baki líkt og Ólafur.

Auk þess hefur fjöldi frambjóðenda vakið upp spurningar um hvort ekki sé tímabært að setja ákvæði um að forseti verði að fá meirihlutakosningu, þannig að kosið verði í tveimur lotum ef enginn frambjóðenda hlýtur meira en 50 prósent atkvæða. Staðan sem uppi er núna er þannig að líklegt er að þjóðin sitji uppi með forseta með lítið fylgi og meirihlutinn verði þannig ósáttur við viðkomandi. Slíkur forseti yrði seint talinn sameiningartákn.

Auk þess má rifja upp deilur um málskotsrétt forsetans, sem núorðið er óumdeilt að er fyrir hendi. Hins vegar er enga takmörkun að finna á beitingu þess valds í stjórnarskránni. Það hefur hingað til ekki valdið teljandi vandræðum, nema fyrir sitjandi stjórnvöld hverju sinni, en eftir umrót síðustu vikna borgar sig ekki að útiloka neitt. Fræðilega séð getur forsetinn skotið fjárlögum til þjóðaratkvæðis, hlutast til um utanríkisstefnu ríkisstjórna eða mögulega stjórnarathafnir framkvæmdavaldsins.

Þegar Ólafur bauð sig fram árið 2012 varaði hann við þeirri óvissu sem endurskoðun stjórnarskrárinnar kynni að hafa í för með sér. Tillögur stjórnlagaráðs, hvað svo sem mönnum þykir um þær, taka á þessum vandræðum. Þar er gert ráð fyrir fleiri meðmælendum til að geta gefið kost á sér í kjöri til forseta, frambjóðendum skal raðað upp í forgangsröð og takmarkanir eru á tíma sem forseti getur setið í embætti.

Ljóst er að hvar svo sem menn standa á hinu pólitíska litrófi þá er bráð nauðsyn á skjótri afgreiðslu á endurskoðun ýmissa ákvæða stjórnarskrárinnar. Eftir óteljandi fjölda nefnda og ráða hlýtur að vera hægt að klára eitthvað af því sem brýnast er að klára – eins og að skýra hlutverk forseta Íslands. Breytingar sem eru löngu tímabærar.

**Umræða um breytingar á stjórnarskránni eru ekki nýjar af nálinni.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**ÓRG-ASM**

**Framboð Ólafs Ragnars Grímssonar til embættis forseta Íslands í sjötta sinn virðist hafa dregið úr væntingum annarra sem gengu með embættið í maganum. Fljótlega eftir tilkynninguna drógu tveir frambjóðendur framboð sitt til baka og aðrir sem voru að íhuga tóku allan vafa af. Einn þeirra er Bergþór Pálsson, hann segir í samtali við Fréttablaðið í dag að nú virðist stefna í einvígi á milli Ólafs og Andra Snæs Magnasonar. Margir líta svo á að þarna muni gömlu tímarnir mæta þeim nýju og að undir kjósendum sé komið að skera úr um hvort kalla eigi eftir breytingum á öllum vettvangi stjórnmálanna, ekki bara á Alþingi.**

**Stokkhólmsheilkenni**

**Í nýrri skoðanakönnun MMR kom fram að 60,7 prósent landsmanna væru ánægð með störf Ólafs Ragnars Grímssonar. Margt í könnuninni vekur athygli. Til dæmis eru 99 prósent framsóknarmanna ánægð með störf Ólafs þrátt fyrir að hann hafi svo gott sem hoggið höfuðið af Framsóknarflokknum fyrr í mánuðinum. Þá er það athyglisvert að 54 prósent Pírata eru ánægð með Ólaf sem er athyglisvert þar sem hann er einna líklegastur til að setja helsta stefnumáli Pírata, nýrri stjórnarskrá, stólinn fyrir dyrnar.**

stefanrafn@frettabladid.is

# Fjárpökkun eða verðmætasköpun?



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Um allan heim er nú talað um þann vanda sem felst í „financialisation“ í atvinnulífinu. Hugtakið er ekki auðþýðanlegt en lýsir því þegar til verður peningaafurð sem auðgar þá sem yfir hana komast, án þess að hún skapi nein ný samfélagsleg verðmæti. Það mætti kalla þetta „fjárpökkun“ því búnir eru til vafningar en það má líka hugsa hugtakið „ónytjafjársýsla“, því um er að ræða fjársýslu sem þjónar ekki neinum hagsmunum raunhagkerfisins en skapar iðnu fólki stöðu til að búa sér til fé með tryggingu í annarra manna fé eða almannafé.

Íslenskt efnahagslíf hefur alla tíð einkennst af því að menn auðgast á að komast yfir aðstöðu eða eignir ríkisins, án þess að eiga fyrir þeim. Marshall-aðstoðin, verktaka fyrir Varnarliðið, lóðaúthlutun í Reykjavík í gamla daga, kvótakerfið og einkavæðing ríkiseigna: Allt hefur verið frátekið fyrir útvalda, sem síðan hafa auðgast á selja það sem þeim var gefið. Allar almenningseignir hafa verið hrifsaðar í valdabaráttu – sumum beinlínis rænt eins og stofnfé sparisjóðanna en öðrum eignum skákað til og frá, eins og við höfum séð þegar valdamiklir aðilar í viðskiptalífinu hafa um árabil þvingað undir sig afl lífeyrissjóða almennings.

Þessu verður að breyta með nýjum grundvallarreglum í viðskiptalífinu. Við eigum að setja framleiðniaukningu en ekki bólugróða í forgang atvinnu- og efnahagsmálastefnunnar og koma í veg fyrir að einstaklingar auðgist á annarra manna fé. Hagvöxtur og hagvöxtur er ekki það sama. Vöxtur sem byggir undir fjölbreytt atvinnulíf og stendur undir vel launuðum störfum fyrir venjulegt fólk er öllum til góða. Vöxtur sem byggir á bólugróða eykur misskiptingu, lyftir þeim allra ríkustu og skaðar almenna velsæld.

Vegna þessa hefur Samfylkingin boðið hingað til lands hinum heimsfræga hagfræðingi John Kay, sem skrifaði nýverið bókina „Other people's money“ sem fengið hefur verðskuldað lof. Hann mun tala á opnum fundi á Grand hóteli kl. 11, sunnudaginn 24. apríl nk. Ég hvet allt áhugafólk um nýjar leikreglur í atvinnulífinu og heilbrigðara fjármálakerfi til að mæta.

**Íslenskt efnahagslíf hefur alla tíð einkennst af því að menn auðgast á að komast yfir aðstöðu eða eignir ríkisins, án þess að eiga fyrir þeim.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hin stóra flétta hrægammastjórnarinnar




Þórður Már Jónsson
héraðsdómslögmaður

Lýður Árnason
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Þegar íslensku bankarnir féllu haustið 2008 horfði almenningur á hlut sinn í eigin húsnæði fuðra upp í verðbólgubáli verðtryggingarinnar. Krónan snarféll, lánin hækkuðu en húsnæðisverð hækkaði ekki að sama skapi. Til að bæta gráu ofan á svart minnkaði kaupmáttur um tæpan helming á sama tíma. En eignir örfárra Íslendinga rýrnuðu hins vegar ekki, heldur þvert á móti tvöfölduðust í verði. Þetta voru eignir Íslendinga í skattaskjólum á Tortóla og víðar, fjármunir sem fluttir voru úr landi fyrir efnahagshrunið.

Enginn veit með vissu hversu mikið fé Íslendingar fela í skattaskjólum, en giskað hefur verið á að það nemi að minnsta kosti 1.200 milljörðum króna í beinhörðum gjaldeyri. Líklegt er að þessi upphæð sé mun hærri. Ástæðan fyrir geymslu fjármuna í skattaskjólum er tvenns konar: Annars vegar til að komast hjá því að greiða skatta af ávöxtun þessara peninga og hins vegar til að leyna eignarhaldinu. Eins og skattrannsóknarstjóri hefur bent á er nær útilokað að fá upplýsingar um fé í skattaskjólum, eigendur njóta bankaleyndar og engar kröfur eru gerðar um ársreikninga.

### Kröfur á bankana seldar á hrakvirði

En hvað gerðist fyrstu dagana eftir bankahrunið á Íslandi? Samfélagið og þjóðin voru í áfalli. Lánardrottnar íslensku bankanna voru einnig í áfalli, enda höfðu alþjóðleg matsfyrirtæki gefið íslensku bönkunum toppeinkunn. Lánardrottnar sem hér um ræðir voru að stórum hluta evrópskir og bandarískir risabankar auk sveitarfélaga og lífeyrissjóða. Vogunarsjóðir og fjárfestar nýttu sér óvissuna sem ríkti á peningamarkaði á þessum tíma og keyptu kröfur lánardrottna á 3-5% af upphaflegu virði. Þegar tíminn leið og rykið fór að setjast seldu þessir aðilar svo kröfurnar á 16-22% af upphaflegu virði og högnuðust því verulega.

### Íslenskir hrægammar kaupa kröfurnar

Þeir sem keyptu kröfurnar á þessum eftirmarkaði voru að stórum hluta til Íslendingar. Til þess voru notaðir peningar úr skattaskjólum sem var forðað úr landi árin fyrir hrun. Staðan er því sú að stór hluti hinna erlendu kröfuhafa er í raun Íslendingar sem þannig nota félög sín í skattaskjólum til að leyna eignarhaldi sínu á kröfunum. Svokallaðir hrægammar.

Þegar stjórnvöld kynntu hugmyndir sínar um stöðugleikaskatt fór verulega um þessa íslensku skattaskjólshrægamma. Stöðugleikaskatturinn þýddi að þeir myndu ekki fá nema 12-14% af upphaflegu virði sem þýddi verulegt tap þar sem kaupverðið var 16-22% af upphaflegu virði. Það hlýtur því að hafa verið mikið fagnaðarefni hjá þessum hópi þegar stjórnvöld hurfu frá stöðugleikaskattinum og kynntu nýja hugmynd um svokallað stöðugleikaframlag. Það þýddi endurheimtur upp á 30-35% af upphaflegu virði krafnanna og hagnaðurinn því ævintýralegur.

Þetta þýðir að íslenska ríkið verður af 300 milljörðum króna vegna þess að ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ákvað að semja við kröfuhafa um stöðugleikaframlög í staðinn fyrir að leggja á stöðugleikaskatt. Og á sama tíma og ríkissjóður sér á eftir þessum 300 milljörðum hagnast íslensku hrægammarnir um sömu fjárhæð. Hver er forgangsröð þessarar ríkisstjórnar og hverjir eru eiginlega þessir hrægammar? Upplýsing á því er nauðsynleg og myndi skýra margt.

### Flétta hrægammanna fullkomnuð

En þar með er ekki öll sagan sögð, endataflið er eftir. Þegar íslenska ríkið er búið að taka við stöðugleikaframlagi íslensku hrægammanna verður gjaldeyrisútboð hjá Seðlabankanum. Þar gefst þeim tækifæri á því að skipta út þeim krónueignum sem þeir eiga eftir þennan 300 milljarða „stöðugleikastyrk“ ríkisstjórnarinnar og fá í staðinn gjaldeyrisvarasjóð Íslands sem mun þá að öllum líkindum enda í skattaskjólum. Í kjölfarið á svo miklu útstreymi gjaldeyris má búast við að krónan falli umtalsvert og þá minnkar kaupmáttur almennings enn á ný og skuldir hækka í verðbólguskotinu sem fylgir.

**En þar með er ekki öll sagan sögð, endataflið er eftir. Þegar íslenska ríkið er búið að taka við stöðugleikaframlagi íslensku hrægammanna verður gjaldeyrisútboð hjá Seðlabankanum. Þar gefst þeim tækifæri á því að skipta út þeim krónueignum sem þeir eiga eftir þennan 300 milljarða „stöðugleikastyrk“ ríkisstjórnarinnar og fá í staðinn gjaldeyrisvarasjóð Íslands sem mun þá að öllum líkindum enda í skattaskjólum.**

Og þegar gjaldeyrishöftum verður endanlega aflétt er fléttan fullkomnuð því þá koma hrægammarnir beint úr skattaskjólunum með sinn sterka gjaldeyri gagnvart veikri krónu. Aðstöðumunurinn mun þá enn og aftur veita þeim forgengi að íslensku samfélagi, þ.m.t. talið ríkisbönkunum sem þá verða til sölu. Kannast einhver við uppskriftina?

Skyldu þetta vera stóru málin sem ríkisstjórnin þarf að klára? Hin stóra flétta hrægammastjórnarinnar?

# Ólafur fer enn fram



Haukur Sigurðsson
sagnfræðingur

Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú gert heyrinkunnugt að hann ætli enn einu sinni að bjóða fram starfskrafta sína sem forseti Íslands. Aftur eru óvissutímar líkt og 2012 og þess vegna getur hann boðið sig fram á fjögurra ára fresti það sem hann á eftir ólifað. Óvissa mun ríkja í öllum þjóðfélögum samtímans eins og sjá má þegar litið er yfir veröldina.

Hann nefndi í ávarpi sínu á Bessastöðum hin fjölmennu mótmæli á Austurvelli, en ekki var ljóst í máli hans hvort hann teldi að þau væru til marks um upplausn í þjóðfélaginu eða að þar mætti greina þjóðarsálina. Í huga hans gæti hafa verið ótti við svipaðar afleiðingar og urðu af mótmælunum 2008-9 sem leiddu af sér vinstri stjórn sem var honum ekki að skapi. Er sama hætta á ferðinni nú? Þetta hljómar eins og afsökun fyrir framboði. Aðalástæðan er að hann langar til að vera áfram forseti og sér í hendi sér að hann gæti látið margt til sín taka ef óvissan er svona mikil.

Þá er runnin upp stundin til að eyða allri óvissu sem hrjáir forseta. Stjórnarandstöðuflokkarnir verða að tala markvisst saman, ná samstöðu í meginmálum þjóðarinnar, móta sér sameiginlega stefnu fyrir næstu kosningar. Þjóðin kallar á sameiginlegan lista sem setur á oddinn að draga fram stjórnarskrá stjórnlagaráðs, ákveða þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-umsóknina og gerbreyta um stefnu í heilbrigðismálum svo að eitthvað sé nefnt.

Verði Ólafur Ragnar enn kjörinn forseti mun hann þurfa að mæta slíkri ríkisstjórn sem gengur samhent fram með þjóðarfylgi að baki sér. Þá verður hann verkefnalaus á þessu sviði. Hann fær ekki að fást við stjórnarmyndun ósamstæðra flokka þar sem hann getur möndlað um, fært til hér og tekið þar. Til fundar við hann gengur samhent ríkisstjórn af einum lista. Þá verður Ólafur Ragnar Grímsson í vanda staddur.

# Hlusta, ræða, virða, þakka…



Kristín Ólafsdóttir
upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar



Vilborg, mér leiðist svo að tala alltaf um fjölda þeirra sem búa við fátækt og hversu skammarlegt það er í velferðarsamfélaginu okkar að hér séu börn sem eru félagslega einangruð sökum efnaleysis. Er ekki einhver annar flötur á því hvernig við tölum um fátækt og leiðir til að komast út úr henni? Eitthvað sem er uppbyggilegt og sem fólk nennir að lesa?“ spurði ég félagsráðgjafa og umsjónarmann innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar, í leit að efnistökum fyrir þessa grein.

„Jú, skrifaðu um hvað það er mikilvægt að hlusta á það sem fólk sem býr við fátækt er að segja okkur: Að við hlustum og ræðum og reynum að skilja og vinnum síðan með fólkinu út frá aðstæðum þess og á þess forsendum. Þú getur svo líka rætt um það hvað við ráðgjafarnir erum heppnir að fá að standa upp frá skrifborðinu til að vera með fólkinu í verkefnum sem við skipuleggjum saman. Þá upplifum við nefnilega allt aðra hlið á notendum þjónustu okkar heldur en þegar við tökum á móti þeim við skrifborðið þar sem við tölum frekar um það sem miður fer og á bjátar. Það er svo miklu auðveldara að byggja starfið á styrkleika sem við fáum að upplifa þegar við vinnum saman að sjálfstyrkingar- og virkniverkefnum,“ sagði Vilborg.

**Við erum alltaf að safna fé til verkefna okkar og ein leiðin er að selja tækifæriskort í tilefni sumarkomu nú. Þau fást í verslunum Bónuss og í þjónustustöðvum N1 og kosta 1.200 krónur stykkið.**

Meginmarkmið með verkefnunum sem Vilborg talar um er að styrkja sjálfsmyndina og efla þannig getu fólks til að takast á við aðstæður og komast út úr félagslegri einangrun. Við leggjum sérstaka áherslu á að styrkja sjálfsmynd barna og unglinga og auka virkni þeirra og þátttöku í samfélaginu; að sjá til þess að efnislegur skortur takmarki ekki möguleika þeirra til farsæls lífs. Um 250 börn nutu stuðnings Hjálparstarfsins á síðasta starfsári vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Og þá er nú komið að markmiðinu með þessum skrifum mínum. Við erum alltaf að safna fé til verkefna okkar og ein leiðin er að selja tækifæriskort í tilefni sumarkomu nú. Þau fást í verslunum Bónuss og í þjónustustöðvum N1 og kosta 1.200 krónur stykkið. Andvirðið fer í ofangreind verkefni. Við erum þakklát fyrir allan stuðning. Gleðilegt sumar!



# Samfélagslegar framfarir – Hvað virkar?




Hákon Gunnarsson
Rósbjörg Jónsdóttir
stjórnendur Gekon

Mælingar á hagsæld þjóða og landsvæða er mjög vandasöm. Í mælingum World Economic Forum er Ísland í 29. sæti af 140 þjóðum en þegar hagsæld á Íslandi er metin út frá nýlegum mælikvarða um gæði samfélagsinnviða er landið í 4. sæti af 133 þjóðum, aðeins Noregur, Sviss og Svíþjóð eru ofar. Hvað veldur? Og hvor staðan er eftirsóknarverðari?

Simon Kuznets, síðar Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, kom fram árið 1932 með aðferðafræði sem mældi svokallaða landsframleiðslu á einstakling (GDP pr. capita). Þrátt fyrir að Kuznets sjálfur hafi bent á marga annmarka sem slíkri aðferðafræði fylgja er þessi aðferð notuð enn í dag sem einn algildasti mælikvarði á hagsæld þjóða. Síðar var farið að þróa ýmsa mælikvarða sem tóku tillit til fleiri þátta sem hefðu áhrif á almenna hagsæld og mældu einnig almenna samkeppnishæfni, svo sem hagkvæmni atvinnulífsins, hæfi til nýsköpunar og almenna grunngerð samfélaga.

Þekktasti mælikvarðinn í þessum efnum er eflaust World Economic Forum (WEF) sem allt frá 1971 hefur verið talið leiðandi í þessum efnum og gefur árlega út skýrslu sem raðar þjóðum eftir styrk í samkeppnishæfni. Aðrir mælikvarðar eru til dæmis Human Development Index hjá Sameinuðu þjóðunum sem hefur mjög sterkan félagslegan vinkil. Þá má nefna IMD-mælikvarðann frá samnefndum háskóla í Sviss en Samtök atvinnulífsins hafa kynnt þær niðurstöður árlega.

**Verkfæri sem gæti nýst hér**

Michael Porter, prófessor við Harvard, var lengi vel ritstjóri WEF-skýrslunnar og vildi þróa áherslur skýrslunnar í nýjar áttir. Það hlaut ekki hljómgrunn og hann hóf því ásamt fjölda leiðtoga í atvinnulífi og háskólum víða um heim að þróa nýjan mælikvarða. Sá mælikvarði hefur fengið heitið „Social Progress Index“ (SPI) og hefur verið gefinn út í þrjú ár. Þessi mælikvarði er ólíkur World Economic Forum að því leyti að hann tekur eingöngu til samfélagslegra og umhverfislegra þátta en ekki neinna hagrænna eða peningalegra breyta. Þá er ekki verið að mæla hagstærðir og efnahagsskipan heldur hvernig þegnunum líður. Til dæmis myndi SPI aldrei mæla „hlutfall af vergri landsframleiðslu“ sem mælikvarða – heldur mæla lýðheilsuþætti til dæmis lífaldur, ungbarnadauða, farsóttir og slíkt. Og þetta mat skilar Íslandi í 4. sætið eða mun ofar en á lista WEF.

Atburðir síðustu vikna hafa vakið upp margar spurningar um styrk samfélagslegra innviða á Íslandi. Margt bendir til að styrkur Íslands liggi á styrkri velferð og sjálfbærni orkunnar í stóru landi. Verkefnið framundan er því að laga hér hagstjórn og peningastefnu – en halda áfram í þá grunngerð, velferð og umburðarlyndi sem vissulega er hér til staðar. Social Progress Index er verkfæri sem gæti nýst hér.

# Matvara gæti verið 35 prósent ódýrari




Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur

Jóhannes Gunnarsson
formaður Neytendasamtakanna

Nýlegir útreikningar sýna að ef tollar og innflutningshindranir á matvöru verða felld niður ætti verð á innfluttum matvörum til neytenda að vera 19 til 53 prósent (nálægt 35 prósentum að meðaltali) lægra en verð á sams konar innlendum matvörum. Í meðfylgjandi töflu sést verð einstakra vörutegunda og verð á sambærilegum innfluttum vörum.

Verð í kr./kg með virðisaukaskatti út úr búð (Bónus) í febrúar 2016 og eins og þau hefðu verið með tollfrjálsum innflutningi að því gefnu að verðlækkun skili sér til neytenda.

Verð innlendrar vöru er verðið eins og það var í Bónus í febrúar 2016. Verð innfluttu vörunnar er það sem það hefði verið ef innflutningur væri tollfrjáls og án annarra innflutningshindrana en af heilbrigðisástæðum að því gefnu að það skilaði sér til neytenda. Verð á innfluttum vörum byggir á upplýsingum frá Högum.

Matið nær til allra vöruflokka sem nú njóta tollverndar. Hvað viðkemur mjólkurvörum nær könnunin bara til algengra osta.

Þegar tollum var aflétt af helstu tegundum grænmetis árið 2002 minnkaði sala innlendrar framleiðslu talsvert fyrstu árin. Greinin var styrkt af skattfé til að takast á við aukna samkeppni. Vöruþróun efldist og salan jókst þannig að hlutdeild innlends grænmetis hefur vaxið aftur. Reikna má með svipaðri þróun hvað varðar kjöt, egg og mjólk. Margir munu velja íslenskt þó það kosti meira m.a. þar sem þeir þekkja vöruna og treysta heilbrigði hennar betur.

Í heild greiða neytendur um 22 milljarða króna á ári aukalega vegna tollahindrana á landbúnaðarvörum og skattgreiðendur um 14 milljarða vegna styrkja (beingreiðslna) eða samtals um 35 milljarða króna á ári eða rúmar 100 þús. kr. á hvern Íslending.

Nýlegum búvörusamningum er ætlað að gilda til 10 ára. Þeir verða til umfjöllunar á Alþingi og í þjóðfélaginu á næstu vikum og mánuðum. Alþingismenn hljóta fyrst og fremst að gæta almannahagsmuna umfram sérhagsmuna. Því er eðlilegt að í þessu máli gæti alþingismenn hagsmuna neytenda og skattgreiðenda.

Stefna þarf að afnámi tolla og hafta í landbúnaði og gera bændum kleift að bæta hag sinn á frjálsum markaði. Kjúklinga-, svína- og eggjabændur eru einungis um 50 á landinu. Byrja ætti á að aflétta tollahindrunum af eggjum, kjúklinga-, svína- og nautakjöti. Hagur neytenda af slíkri aðgerð yrði um 10 milljarðar króna á ári. Bæta mætti tjón þeirra bænda og vinnslustöðva sem yrðu fyrir röskun, eftir því sem eðlilegt gæti talist. Þegar litið er á hag neytenda, skattgreiðenda og landsins sem ferðamannastaðar er ekki forsvaranlegt að fresta umbótum í 10 ár.

**Áætlaður verðmunur á innlendri og innfluttri matvöru verði tollar felldir niður**

| Vöruflokkur | Vörutegund | Innlend vara | Innflutt vara | Verðmunur kr. | Verðmunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ostar** | Góðostur | 1.398 | 930 | 468 | **-33%** |
| | Camembert | 2.966 | 1.681 | 1.285 | **-43%** |
| **Kindakjöt** | Lambalæri | 1.400 | 1.100 | 300 | **-21%** |
| | Lambahryggur | 1.898 | 1.210 | 688 | **-36%** |
| **Kjúklingar** | Heill kjúklingur | 759 | 495 | 264 | **-35%** |
| | Bringur | 1.898 | 898 | 1.000 | **-53%** |
| **Svínakjöt** | Kótelettur | 1.198 | 976 | 222 | **-19%** |
| | Bacon | 1.698 | 1.330 | 368 | **-22%** |
| **Nautakjöt** | Nautahakk | 1.898 | 1.210 | 688 | **-36%** |
| | Nautalundir | 5.998 | 3.346 | 2.652 | **-44%** |
| **Egg** | Venjuleg egg | 710 | 497 | 213 | **-30%** |

Verð í kr./kg með virðisaukaskatti út úr búð (Bónus) í febrúar 2016 og eins og þau hefðu verið með tollfrjálsum innflutningi að því gefnu að verðlækkun skili sér til neytenda.

**Stefna þarf að afnámi tolla og hafta í landbúnaði og gera bændum kleift að bæta hag sinn á frjálsum markaði.**

# Jafnrétti til náms



Stella Rún Guðmundsdóttir
2. árs læknanemi, fulltrúi nemenda í jafnréttisnefnd HVS

Þegar ég hóf nám við HÍ í læknisfræði sagði forstöðumaður deildarinnar að þetta nám væri full vinna (meira á próftímabilum) og varaði okkur við því að vinna með námi. Ég lagði mikið á mig til þess að komast inn og vildi leggja allt mitt í námið svo ég tók þá ákvörðun að vinna ekki. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Ég er núna á mínu öðru ári í læknisfræði og er einn af þeim fjölmörgu nemendum sem eiga erfitt með að ná endum saman. Samkvæmt úttekt Félagsvísindastofnunar eru það 40% háskólanema.

Ég fékk í byrjun annar 708.000 krónur í fyrirframgreiðslu námslána. Það gera 141.000 krónur á mánuði. 118.000 krónur ef júní er tekinn með en önnin klárast ekki fyrr en 22. maí og því eru ekki margir vinnudagar í maí.

Samkvæmt neysluviðmiði velferðarráðuneytisins er grunnviðmið einstaklings án barns 102.565 krónur, þ.e.a.s. heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar. Um grunnviðmiðin stendur á vefnum „grunnviðmið gefur vísbendingu um hvað lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokkum“. Grunnviðmið er það lægsta sem hægt er að lifa á.

Einhvern veginn eigum við námsmenn að framfleyta okkur fyrir minna.

Ég bý ein og leigi íbúð á Stúdentagörðum. Leigan er 81.800 krónur á mánuði en ég fæ 22.000 krónur í húsaleigubætur. Ég þarf því að borga 59.800 í leigu. Auk þess þarf ég að borga önnur föst gjöld eins og símreikning og ræktaráskrift. Ég sit því eftir með 71.000 krónur í ráðstöfunartekjur. Ég þarf 21.000 krónur til að ná upp í grunnviðmið velferðarráðuneytisins. Það gefur augaleið að lítið má fara úrskeiðis.

**Í vítahring**

En ýmislegt hefur farið úrskeiðis, óvænt útgjöld eru óumflýjanleg. Ég þurfti til að mynda að fara í rannsóknir á Landspítalanum á þessari önn. Það kostaði mig 17.000 krónur. Þann mánuðinn var ég með 54.000 krónur í ráðstöfunartekjur. Ég spyr þann sem les – myndi það duga þér?

Ég byrjaði að vinna á þessari önn þegar ég sá í hvað stefndi. Auk þess þurfti ég að taka yfirdrátt til að geta borgað mat og leigu. Ég þarf að vinna eins og hestur næsta sumar til að borga upp yfirdráttinn en í kjölfarið munu námslánin mín lækka á næsta ári. Frítekjumarkið er einungis 930.000 krónur. Ég er komin í vítahring.

Ég er í prófum að læra um töfrandi heim sýkla í von um að síðar geti ég aðstoðað þá sem þeir herja á. Ég get hins vegar ekki notið þess sem skyldi, því ég er með hnút í maga og óbragð í munni. Er háskólanám á Íslandi virkilega einungis fyrir þá sem eiga fjárhagslegt bakland? Hvað með okkur hin?

# Sigurður Ingi efni loforðin við aldraða og öryrkja!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Nýr forsætisráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, hefur tekið við af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Það kemur í hlut hans að efna stærsta kosningaloforð flokksins við aldraða og öryrkja.

Eftirfarandi var samþykkt á flokksþingi Framsóknarflokksins fyrir þingkosningarnar 2013: Lífeyrir aldraðra og öryrkja verði hækkaður vegna kjaraskerðingar (kjaragliðnunar) þeirra á krepputímanum. Þetta kosningaloforð var endurtekið af frambjóðendum flokksins í kosningabaráttunni 2013. Það er ekki farið að efna þetta loforð enn.

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík sagði að hækka þyrfti lífeyri um 20% til þess að efna þetta loforð. Nú hefur verið ákveðið að flýta næstu þingkosningum til haustsins. Sigurður Ingi hefur því stuttan tíma til þess að efna loforðið.

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti það sama fyrir kosningar 2013. Á landsfundi flokksins var eftirfarandi samþykkt: Ellilífeyrir sé leiðréttur STRAX til samanburðar við þær hækkanir, sem orðið hafa á lægstu launum síðan í ársbyrjun 2009. Hér kemur það alveg skýrt fram á hvern hátt á að leiðrétta lífeyri vegna kjaragliðnunar krepputímans og það er tekið fram, að þetta skuli gert strax.

Sigurður Ingi, nýr forsætisráðherra, ætti því ekki að vera í vandræðum með að fá samþykki fjármálaráðherrans, Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins við mál þetta.

Sigurður Ingi er vandaður maður. Ég hygg, að það megi treysta honum til þess að efna þetta stærsta kosningaloforð við aldraða og öryrkja. Það er engin undankoma. Efni ríkisstjórn Sigurðar Inga ekki þetta loforð við aldraða og öryrkja fljótlega bætist það við syndaregistur stjórnarinnar og verða viðbótarrök fyrir því, að stjórnin fari frá. Stjórnin hefur hálft ár til þess að efna þetta loforð.

Síðan hefur bæst við ný kjaragliðnun á árinu 2015. Á því ári hækkuðu lágmarkslaun um 14,5% en lífeyrir hækkaði aðeins um 3%. Hér vantar því 11,5 prósentustig. Ríkisstjórnin hefur ekki lofað að leiðrétta lífeyri vegna þessarar kjaragliðnunar. En rökin fyrir því að leiðrétta vegna kjaragliðnunar 2015 eru nákvæmlega þau sömu og rökin fyrir leiðréttingu vegna fyrri kjaragliðnunar. Ég vona að nýi forsætisráðherrann vilji leiðrétta kjör aldraðra og öryrkja vegna kjaragliðnunar síðasta árs.

Ef hvort tveggja er leiðrétt samtímis þarf að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja um rúm 30%. Aldraða og öryrkja munar um þá hækkun. Hún skiptir sköpum um það hvort þeir geti lifað af lífeyrinum eða ekki. Þessi leiðrétting gæti verið liður í því, að stjórnvöld sættist við þjóðina.

Ég skora á Sigurð Inga forsætisráðherra að efna loforðin við aldraða og öryrkja strax.

**Efni ríkisstjórn Sigurðar Inga ekki þetta loforð við aldraða og öryrkja fljótlega bætist það við syndaregistur stjórnarinnar og verða viðbótarrök fyrir því, að stjórnin fari frá.**


MERKJAVÖRU
MARKAÐUR
NORTH 3000 kr
Duo Shou 4.000 kr
VANS 6.000 kr
4.000 kr
ecco 9.000 kr
adidas 10.000 kr
Duo Shou 4.000 kr
Duo Shou 4.000 kr
CONVERSE 8.000 kr
CONVERSE 8.000 kr
adidas 13.000 kr
VANS 6.000 kr
hummel 6.000 kr
4.000 kr
ecco 10.000 kr
10.000 kr
SIXMIX 5.000 kr
13.000 kr
4.000 kr
LLOYD 12.000 kr
ecco 2.000 kr
3.000 kr
viox 3.000 kr
ecco 5.000 kr
20. APRÍL – 8. MAÍ
HÚSIÐ OPNAR kl. 11⁰⁰
— opið til kl. 18 —
Toppskórinn
SMÁRATORGI
( við hliðina á Toys 'R' Us )

# Um ókosti þess að endurbyggja Kjalveg



Guðmundur Ögmundsson
BA í ferðamálafræði og fyrrverandi landvörður á miðhálendinu

Í byrjun apríl var á Alþingi borin fram tillaga til þingsályktunar um endurbyggingu vegarins yfir Kjöl. Þar er kallað eftir því að ríkisstjórnin kanni hagkvæmni og áhrif þess að vegurinn sé endurbyggður í einkaframkvæmd. Faglega unnin könnun ætti að leiða í ljós að framkvæmdin yrði í flesta staði óhagkvæm fyrir náttúru, ferðaþjónustu, byggðaþróun og almenning í landinu.

**Hagsmunir náttúru**
Sé litið á málið út frá hagsmunum náttúru þá er vaxtartími gróðurs á hálendinu mjög stuttur og jarðvegur óstöðugur. Hálendið þolir illa mikla umferð ferðamanna og í því ljósi er óábyrgt að beina þangað fleiri ferðamönnum undir því yfirskini að létta álagi af láglendinu. Núverandi Kjalvegur verndar náttúru svæðisins því hann takmarkar fjölda ferðamanna á svæðinu. Jafnframt koma færri á jaðartímanum þegar gróður og jarðvegur er hvað viðkvæmastur og varp fugla fer fram. Bættur vegur mun hins vegar fjölga ferðamönnum á svæðinu, bæði á jaðartíma og um hásumar, og hafa þannig neikvæð áhrif á náttúrufar á Kili, langt umfram það sem hlýst af þeim utanvegarakstri sem á sér þar stað í jaðri núverandi vegar.

**Hagsmunir ferðaþjónustu**
Mögulega má að einhverju leyti koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru með mikilli innviðauppbyggingu. Uppbygging innviða er aftur á móti ekki endilega rétta lausnin á Kili. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar þar á vegum Háskóla Íslands sýna að ferðamenn á Kili kæra sig lítið um bætta innviði. Þeir kjósa fámenni og helst enga uppbyggingu, eða þá einfalda uppbyggingu líkt og ferðafélögin á Íslandi hafa staðið fyrir. Með endurbyggingu Kjalvegar og frekari uppbyggingu á helstu áfangastöðum er verið að hrekja þessa ferðamenn í burtu, jafnt innlenda sem erlenda, og auka á einsleitni ferðamanna sem hingað til lands koma, þvert á hagsmuni ferðaþjónustunnar.

**Hagsmunir íbúa**
Ferðaþjónusta og byggðaþróun haldast líka fast í hendur. Síðastliðið haust kom hingað til lands C. Michael Hall, einn virtasti og afkastamesti fræðimaður á sviði ferðamálafræðinnar. Hann flutti erindi á Ferðamálaþingi og í Háskóla Íslands, og fullyrti í HÍ að ferðaþjónusta væri í eðli sínu svo óumhverfisvæn að það eina sem gæti réttlætt hana væri aukin hagsæld íbúa á þeim svæðum þar sem ferðaþjónustan fer fram.

Það eru hins vegar engir íbúar á hálendi Íslands til að njóta góðs af þeirri ferðaþjónustu sem fer þar fram. Þess í stað þarf að flytja þangað um langan veg öll aðföng og starfsfólk, sem aftur felur í sér mikla óhagkvæmni í rekstri. Það er því augljóst að betra er að skipuleggja ferðaþjónustu á Íslandi þannig að meginþorri ferðamanna sé á láglendinu þar sem þeir stuðla að uppbyggingu innviða, auknu þjónustustigi og aukinni hagsæld fyrir samfélagið.



**Hagsmunir almennings**
Hálendi Íslands er eitt mesta víðerni Evrópu og það er okkar að standa vörð um að svo verði áfram. Endurbyggður Kjalvegur mun spilla þessu víðerni og rjúfa þann frið sem þar hefur ríkt til heilla ferðamönnum, farfuglum og jafnvel sauðkindum. Það þarf líka að gæta þess að við eigum eitthvað eftir fyrir okkur sjálf. Við erum nú þegar búin að eftirláta ferðaþjónustunni m.a. Þingvelli, Gullfoss og Geysi, en vonandi berum við gæfu til þess að hálendið fari ekki sömu leið.

Því skora ég á Alþingi að tryggja að komandi kynslóðir Íslendinga geti notið töfra hálendisins án þess að þeir þurfi að olnboga sig í gegnum þvögu ferðamanna eða bruna í gegn á 90 km hraða á klukkustund. Ein leið til þess er að friðlýsa hálendið sem víðerni og huga svo að Kjalvegi með hliðsjón af því.

# Tækifærin í markaðssetningu raforku



Friðrik Larsen
frkst. LarsEn Energy Branden og lektor við HÍ

Framtíðin er full af spennandi tækifærum og það er undir okkur öllum komið hvernig við nýtum þau. Það er raforkumarkaður ekki undanskilinn, þó svo hann hafi hingað til verið nokkuð einsleitur. Framleiðsla á hreinni orku hér á landi mun til lengri tíma skapa þjóðarbúinu miklar tekjur og um leið gefa Íslendingum tækifæri til að hafa gífurleg áhrif á alþjóðavísu.

Sem fyrr segir hefur raforkumarkaður verið einsleitur hingað til, bæði hér á landi og erlendis. Einstaklingar og fyrirtæki hafa keypt orku af opinberum fyrirtækjum og borgað rafmagnsreikninginn án þess að spyrja margra spurninga – eða það sem verra er, að lengi vel var ekki val um annað. Helstu samskipti orkufyrirtækja og neytenda hafa hingað til verið mánaðarlegur reikningur fyrir áætlaðri notkun.

**Orka sem söluvara**
Þetta er þó að breytast hratt og með samkeppni á markaði og sífellt breytilegri tækni hafa einstaklingar og fyrirtæki loks val um hvaðan og hvernig þau kaupa raforku. Samhliða aukinni þörf og kröfu um vistvæna orku eru neytendur meðvitaðir um þörfina fyrir aukin gæði, betri þjónustu og samkeppnishæf verð. Þeir söluaðilar raforku sem mæta þessum þörfum munu vinna markaðinn, ef þannig má að orði komast. Þeir aðilar munu ná árangri með vörumerkjafræðina (e. branding) að vopni.

**Einstaklingar og fyrirtæki hafa keypt orku af opinberum fyrirtækjum og borgað rafmagnsreikninginn án þess að spyrja margra spurninga – eða það sem verra er, að lengi vel var ekki val um annað.**

Rafmagn er í raun hrávara sem gengur kaupum og sölum. Hægt er að gefa orkunni þýðingu sem skiptir neytendur máli. Því skiptir vörumerkjastjórnun máli þegar neytendur geta í auknari mæli valið hvaðan þeir kaupa orkuna. Við þekkjum öll heimsfræg vörumerki á borð við Apple, Google og Amazon. Ekkert þessara fyrirtækja fann upp nýja vöru þannig séð. Tölvur voru til áður en Apple fór að framleiða sínar tölvur og Google var ekki fyrsta leitarvélin svo tekin séu dæmi. Þrátt fyrir það hafa þessi vörumerki ákveðna þýðingu í hugum okkar og vörumerkið eitt og sér kemur ákveðnum skilaboðum áleiðis til neytenda. Skilaboðum sem fela í sér gæði, verð og tilfinningu. Það sama mun gerast hjá þeim rafmagnsveitum sem tileinka sér öfluga vörumerkjastjórnun.

**Fyrsta skrefið**
Dagana 19. og 20. september næstkomandi verður haldin hér á landi ráðstefna um markaðssetningu raforku. Ráðstefnan er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum en þar koma saman margir af stærstu og mikilvægustu söluaðilum raforku í heiminum. Meðal ræðumanna eru aðilar sem hafa yfirburðaþekkingu á viðfangsefninu, þ.e. raforkumarkaði sem og vörumerkjastjórnun. Þátttakendur ráðstefnunnar hafa um leið tækifæri til að mynda öflugt tengslanet í geiranum og sækja sér þekkingu.

Markaðssetning á raforku er nær óþekkt hugtak á alþjóðavísu og ráðstefnan er því um leið mikilvægur frumkvöðlavettvangur. Hún vekur einnig athygli á Íslandi, hreinleika landsins við framleiðslu á raforku, þeim tækifærum sem til staðar eru í íslensku viðskiptalífi og síðast en ekki síst þeirri þekkingu og reynslu sem er til staðar hér á landi hvort sem litið er til orkugeirans, akademíunnar eða viðskiptalífsins í heild sinni. Þarna verða stigin fyrstu skrefin í því að nýta tækifæri framtíðarinnar.

EFLING STÉTTARFÉLAG

# Aðalfundur
## Eflingar-stéttarfélags 2016

Aðalfundur Eflingar - stéttarfélags 2016 verður haldinn á Grand Hótel fimmtudaginn 28. apríl 2016.
Fundurinn hefst kl. 20.00

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 Reykjavík frá og með föstudeginum 22. apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

*Stjórn Eflingar-stéttarfélags*

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# Erfðabreyttur lax enn hvergi fáanlegur til manneldis



Guðbergur Rúnarsson
framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva

Aftur og aftur kemur fram sá misskilningur að eldislax sé erfðabreyttur. Þessi misskilningur er það útbreiddur að Landssambandi fiskeldisstöðva þykir rétt að vekja athygli á því að erfðabreyttur lax er hvergi í heiminum í framleiðslu til manneldis. Í athugasemdum sem berast vegna umhverfismats, kemur þessi rangfærsla fram og er einnig stundum haldið fram í fjölmiðlum. Laxinn sem nú er alinn er kynbættur til að ná fram æskilegum eiginleikum fyrir fiskeldi, meðal annars hröðum vexti, síðbúnum kynþroska, góðri fóðurnýtingu, viðnámi gegn sjúkdómum og fleiri þáttum. Hann er ekki erfðabreyttur.

Kynbætur á eldisdýrum hafa verið stundaðar í aldanna rás. Öll helstu húsdýr í landbúnaði eru kynbætt með tilliti til þeirra eiginleika sem stefnt er að með kynbótastarfinu, t.d. til að ná fram meira kjöti eða holdi, meiri fallþunga, minni fitu og styttri eldistíma. Lax sem nú er alinn á Íslandi hefur verið kynbættur hjá Stofnfiski hf. frá árinu 1990. Laxastofninn er kallaður „Sagastofninn“ og byggir hann á norskum laxastofnum. Í dag er fyrirtækið Stofnfiskur hf. eini framleiðandi laxahrogna á Íslandi og er fyrirtækið vel þekkt á heimsvísu fyrir framúrskarandi framleiðslu af miklum gæðum.

**Erfðabreyttur fiskur**
Kanadíska fyrirtækið AquaBounty hefur stundað tilraunaeldi á erfðabreyttum laxi. Notaðir voru erfðavísar úr amerískri álategund sem þolir vel kulda og einnig erfðavísir úr Kyrrahafslaxinum chinook sem er ríkur af vaxtarhormónum. Vísunum var blandað við erfðavísa Atlantshafslaxins. Þessir erfðavísar gera erfðabreytta fiskinum frá AquaBounty kleift að vaxa hratt allt árið um kring, einnig í köldum sjó að vetri til vegna erfðavísa frá amerísku álnum. Erfðabreytti fiskurinn nær markaðsstærð á 16 til 18 mánuðum. Kynbætti laxinn nær hins vegar sinni markaðsstærð á um það bil þremur árum. Árangur kynbóta í laxeldi hefur minnkað bilið milli vaxtarhraða erfðabreytts lax og kynbætts lax. Reiknað er með að kynbætur á laxi muni minnka bilið hratt á næstu árum auk þess að ná fram öðrum eftirsóknarverðum eiginleikum.

**ISFA mótfallin erfðabreytingum**
AquaBounty hefur í um tvo áratugi reynt að fá leyfi til að setja erfðabreytta fiskinn á markað til manneldis og fékkst nýlega heimild til slíks frá bandarískum yfirvöldum. Hins vegar eru ISFA (International Salmon Farmers Association) sem íslensku laxeldisfyrirtækin eru aðilar að ásamt öllum helstu framleiðendum á heimsvísu, alfarið mótfallin eldi á erfðabreyttum fiski til manneldis. Í samþykkt samtakanna frá árinu 2000 segir m.a.: „Í samræmi við trausta stafshætti í umhverfismálum, hafnar ISFA staðfastlega framleiðslu á erfðabreyttum laxi.“ Félagar í ISFA framleiða yfir 80% af eldislaxi í heiminum og er óheimilt samkvæmt íslenskri reglugerð að nota erfðabreyttar plöntur eða dýr við framleiðslu á fiskafóðri hér á landi.

**Laxinn sem nú er alinn er kynbættur til að ná fram æskilegum eiginleikum fyrir fiskeldi, meðal annars hröðum vexti, síðbúnum kynþroska, góðri fóðurnýtingu, viðnámi gegn sjúkdómum og fleiri þáttum. Hann er ekki erfðabreyttur.**



SINCE 1867
FILIPPO BERIO
Hreint meistaraverk
FILIPPO BERIO
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
For salad dressing and flavouring
500 ml ℮




## ÍA – 10. sæti

**SPÁ ÍÞRÓTTADEILDAR 365**

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti ? | 5. sæti ? | 9. sæti ? |
| 2. sæti ? | 6. sæti ? | 10. ÍA |
| 3. sæti ? | 7. sæti ? | 11. Víkingur Ólafsvík |
| 4. sæti ? | 8. sæti ? | 12. Þróttur |

**GENGI SKAGAMANNA SÍÐUSTU SEX SUMUR**

| 5 ↑ | 1 ↑ | 6 ↑ | 12 ↓ | 2 ↓ | 7 ↑ |
|---|---|---|---|---|---|
| 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
| B-deild | B-deild | A-deild | A-deild | B-deild | A-deild |

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM**
Martin Hummervoll
Norski framherjinn skoraði þrjú mörk fyrir Keflavík í fyrra.

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR**
Arsenij Buinickij
Skoraði 4 mörk í 14 leikjum, mest sem varamaður.

**ÞJÁLFARI** Gunnlaugur Jónsson
Skagamaðurinn er að gera flotta hluti með uppeldisfélagið og byggir á heimamönnum. Nær að kreista allt úr úr hópnum.

**Í BESTA/VERSTA FALLI**

| 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

ÍA hefur litlu bætt við sig og má illa við meiðslum. Sumarið getur verið fínt á Skaganum en lítið má út af bregða.

➜ **Ármann Smári Björnsson er kletturinn í varnarleik Skagamanna. Þessi 35 ára miðvörður spilaði frábærlega í fyrra og þarf að halda áfram á sömu braut ætli ÍA að gera betur en í fyrra.**

Nánar á Vísi ›

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐNI

# Lokaði mig inni eftir tapið

**Teitur Örlygsson telur það ekki rétt að taka við aðalþjálfarastarfi Njarðvíkur eftir að Friðrik Ingi Ragnarsson hætti í fyrradag. Hann segir framtíðina óljósa.**

**KÖRFUBOLTI** Framtíð þjálfaramála Njarðvíkur er í lausu lofti eftir að Gunnar Örlygsson, formaður körfuknattleiksdeildar félagsins, tilkynnti í fyrradag að Friðrik Ingi Rúnarsson væri hættur sem aðalþjálfari liðsins. Áður hafði Teitur Örlygsson, aðstoðarþjálfari Friðriks Inga, gefið það út að hann myndi ekki halda áfram en það gerði hann strax eftir tap liðsins gegn KR í undanúrslitum úrslitakeppni Domino's-deildar karla.

„Ég er búinn að fá þessa spurningu milljón sinnum í dag,“ sagði Teitur við Fréttablaðið í gær en hann átti erfitt með að gefa skýr svör um hvað tæki við hjá honum í körfuboltanum.

„Ég veit nú ekki hvort ég er hættur [þjálfun] fyrir lífstíð. Ég sagði að ég væri hættur í viðtali sem var tekið 25 sekúndum eftir að við töpuðum fyrir KR. Ég er tapsár maður,“ sagði Teitur sem hefur varist allri umræðu um framtíð þjálfaramála í Njarðvík.

„Síðan við töpuðum hef ég lokað mig inni. Ég er búinn að vera að horfa á NBA alla helgina og varla búinn að tala við nokkurn mann. Ég veit ekki hvað gerist og ég veit ekki hvað Njarðvík er að hugsa.“

Gunnar formaður er bróðir Teits og því telur sá síðarnefndi að það væri óviðeigandi að koma að næstu skrefum. „Ég vil ekki taka þátt í því ferli. Það væri einfaldlega ekki rétt. Stjórnin mun bara gera það sem hún gerir.“ En þó svo að Teitur viti ekki hvað tekur við segir hann að hann muni ekki taka við aðalþjálfarstarfinu í Njarðvík.

> **Hann er vinur minn og það væri asnalegt. Við stóðum og féllum með þessu saman.**
>
> Teitur Örlygsson



„Það lá ljóst fyrir strax frá upphafi. Það væri ekki rétt í stöðunni. Ekki bara út af því að bróðir minn er formaður heldur líka gagnvart Frikka [Friðriki Inga]. Hann er vinur minn og það væri asnalegt. Við stóðum og féllum með þessu saman. Þannig að ég segi bara nei í dag. En ég hef svo oft sagt bölvaða vitleysu og maður veit ekkert hvað gerist. Eins og staðan er núna er ég í fríi og ætla að njóta þess að veiða í sumar.“

Teitur heldur þó góðu sambandi við sitt gamla félag. „Ég átti gott spjall við Loga [Gunnarsson] í gærkvöldi um framtíðina. Mér er auðvitað afar annt um Njarðvík og að liðið haldi sínum leikmannakjarna og haldi áfram að byggja upp til framtíðar.“ **eirikur@frettabladid.is**







## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**KR - Haukar 91-61**
KR: Brynjar Þór Björnsson 20/4 fráköst, Michael Craion 19/12 fráköst/5 varin skot, Helgi Már Magnússon 11, Darri Hilmarsson 11, Pavel Ermolinskij 10/9 fráköst/11 stoðsendingar, Björn Kristjánsson 9, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 6, Vilhjálmur Kári Jensson 3, Snorri Hrafnkelsson 2.
Haukar: Kristinn Marinósson 15/8 fráköst, Brandon Mobley 12/15 fráköst/3 varin skot, Emil Barja 9, Kári Jónsson 9, Finnur Atli Magnússon 6, Kristinn Jónasson 4, Haukur Óskarsson 4, Hjálmar Stefánsson 2.

KR vann öruggan sigur á Haukum og er með 1-0 forystu í úrslitaeinvígi liðanna. Haukar misstu Kára Jónsson af velli eftir að hann sneri sig á ökkla í síðari hálfleik.

**Olísdeild karla, 8-liða úrslit**

**Haukar - Akureyri 32-21**
Markahæstir: Hákon Daði Styrmisson 5/2 (6/2), Adam Haukur Baumruk 5 (8), Janus Daði Smárason 5 (9) – Kristján Orri Jóhannsson 7/1 (11/2), Sigþór Heimisson 4 (8).

Akureyri skoraði ekki mark á fyrstu fimmtán mínútum leiksins. Haukar gengu á lagið, komust í 7-0 forystu og unnu öruggan sigur. Þar með unnu Haukar einvígið, 2-1, og mæta ÍBV í undanúrslitum.

**Valur - Fram 31-19**
Markahæstir: Sveinn Aron Sveinsson 8/2 (12/2), Geir Guðmundsson 6 (9), Guðmundur Hólmar Helgason 5 (5) – Garðar B. Sigurjónsson 6/4 (7/5), Þorgrímur Smári Ólafsson 6 (10).

Eftir tvo jafna leiki var lítil spenna í oddaleik liðanna í gær. Valsmenn unnu sannfærandi sigur og tryggðu sér sæti í undanúrslitum úrslitakeppninnar gegn Aftureldingu.

**Enska úrvalsdeildin**

Newcastle 1–1 Manchester City

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 73 | Norwich | 31 |
| Tottenham | 68 | Sunderland | 30 |
| Man. City | 61 | Newcastle | 29 |
| Arsenal | 60 | Aston Villa | 16 |

**FIMMTI DANINN Í KR**
KR-ingar styrktu leikmannahóp sinn í gær þegar samið var við Danann Denis Fazlagic. Sá er 23 ára kantmaður og bakvörður. Fazlagic er fimmti danski leikmaðurinn í herbúðum KR en hann á alls að baki 110 leiki í efstu deild í Danmörku með Vejle og hefur hann skorað í þeim sjö mörk og gefið sextán stoðsendingar. Aðrir danskir leikmenn í KR eru Kennie Chopart, Michael Præst, Morten Beck og Morten Beck Andersen.

**CHARLTON FÉLL**
Charlton, lið Jóhanns Bergs Guðmundssonar, féll í gær úr ensku B-deildinni eftir markalaust jafntefli gegn botnliði Bolton. Jóhann Berg var ekki í leikmannahópi liðsins í gær. Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði var heldur ekki í leikmannahópi Cardiff sem tapaði fyrir Brentford, 2-1. Þar með stórminnkuðu möguleikar liðsins á að komast í umspil um úrvalsdeildarsæti.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.55 | Deportivo - Barcelona | Sport |
| 18.35 | West Ham - Watford | Sport 4 |
| 18.40 | Juventus - Lazio | Sport 5 |
| 18.40 | Roma - Torino | Sport 6 |
| 18.50 | Liverpool - Everton | Sport |
| 18.50 | Man. Utd. - C. Palace | Sport 2 |
| 19.55 | Real Madrid - Villarr. | Sport 3 |
| 02.30 | LA Clippers - Portland | Sport |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. apríl 2016

16. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Kallar eftir nýju fjármálakerfi

**Hagfræðingurinn John Kay vill skipta fjármálafyrirtækjum upp í smærri einingar sem einbeiti sér að því að sinna þörfum raunhagkerfisins. Kerfið hafi orðið flóknara en ekki betra á síðustu áratugum.** »6



»2
**Breytingar í bensíni**
Skeljungur gerbreytir samstarfinu við Shell.

»4
**Tækifæri til vaxtar**
Yfirmaður skráninga hjá Nasdaq á Norðurlöndunum hvetur íslensk fyrirtæki til að kanna möguleika á tvíhliða skráningum.

»8
**Svipmyndin: Sigrún Einarsdóttir**
Ætlar að hlaupa fjögur hálfmaraþon á árinu.

»10
**Hagvaxtarkreppa**
Lars Christensen segir Seðlabanka Evrópu vera lamaðan.

»12
**Bretar og ESB**
Stjórnarmaðurinn býst við því að Bretar verði áfram aðilar að Evrópusambandinu.



## SKJÓÐAN

# Ekki viðvaningar á öllum póstum

**NÚ HEFUR** Ólafur Ragnar Grímsson stigið inn í hringinn. Hann verður í kjöri til embættis forseta Íslands 25. júní næstkomandi. Hann er sitjandi forseti og verður að teljast mjög sigurstranglegur. Stóru fréttirnar í þeirri ákvörðun Ólafs Ragnars að bjóða sig fram felast ekki í því að hann bjóði sig fram í sjötta sinn heldur í forsendunum sem hann gefur fyrir framboðinu.

**Á BLAÐAMANNAFUNDINUM** á Bessastöðum á mánudaginn kom fram hjá forsetanum að hann býst allt eins við pólitískri upplausn hér á landi í kjölfar þingkosninganna sem boðaðar hafa verið í haust. Ólafur Ragnar metur það sem raunhæfan möguleika að eftir kosningar verði illmögulegt eða jafnvel ómögulegt að Alþingi nái að mynda ríkisstjórn og því geti komið til kasta forseta að skipa utanþingsstjórn, sem væntanlega starfi þar til kosið yrði að nýju.

**ÓLAFUR RAGNAR** hefur ítrekað sýnt að hann hefur næmt pólitískt innsæi. Heilar ríkisstjórnir og einstakir ráðherrar hafa vanmetið hann og haft verra af. Nægir að tína til fjölmiðlafrumvarp Davíðs Oddssonar og Icesave-samninga norrænu velferðarstjórnarinnar.

**EKKI ER OFSAGT** að kalla Ólaf Ragnar klókasta stjórnmálafræðing landsins. Hann státar af doktorsnafnbót í greininni og átti stóran þátt í að byggja upp kennslu í faginu við Háskóla Íslands. Nú sér hann fram á stjórnmálakreppu. Ríkisstjórn með ríflegan þingmeirihluta treystir sér ekki til að sitja út kjörtímabilið, enda alvarlega löskuð vegna spillingarmála. Skoðanakannanir gefa til kynna að það verði langt í frá auðvelt að koma saman þinglegri stjórn eftir kosningarnar í haust, ef þær þá verða í haust.

**ÞÁ KEMUR** til kasta forsetans og segja má að hið eina sem Ólafur Ragnar á eftir að reyna á forsetastóli sé að skipa utanþingsstjórn. Hann veitti óvænta innsýn í þankagang sinn varðandi ráðherraskipan í slíkri stjórn þegar hann vísaði á bug kenningu fréttamanns um að hann hefði haft áform um að gera Má Guðmundsson seðlabankastjóra að fjármálaráðherra í utanþingsstjórn ef til þess hefði komið í kjölfar afsagnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á dögunum. Sagðist Ólafur frekar myndu horfa til forsætisráðherrastóls fyrir seðlabankastjórann.

**AF ORÐUM** Ólafs Ragnars á mánudag má merkja að hann telur mikinn stjórnmálalegan óstöðugleika ríkja hér á landi og líkur á að sá vandi muni fremur aukast en hitt í kjölfar kosninga. Þetta er áhyggjuefni fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu því stjórnmálalegur óstöðugleiki er ávísun á efnahagslegan óstöðugleika með tilheyrandi afleiðingum í verðtryggðu fjármálakerfi. Þetta eru ekki kjöraðstæður til að aflétta gjaldeyrishöftum og þetta er án efa vondur tími til að hafa viðvaninga á öllum póstum stjórnkerfisins.






Valgeir Baldursson segir að stjórnendur Skeljungs hafi talið að það myndi fylgja því viss sveigjanleiki að nota sitt eigið vörumerki í stað þess að vera áfram með vörumerki Shell í bílaeldsneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Selja ekki bílabensín undir merkjum Shell

**Skeljungur hefur endurskoðað vörumerkjastefnu sína og dregið verulega úr samstarfi við Shell. Minnkar kostnað um leið. Ekki keypt eldsneyti af Shell í áratug.**

Skeljungur hefur ráðist í endurskoðun á allri vörumerkjastefnu sinni og mun hætta að selja eldsneyti á bíla undir merkjum Shell. „Við ákváðum í kjölfar af stefnumótun sem við vorum að klára undir lok ársins að fara í endurskoðun á vörumerkjastefnunni og vörumerkjunum okkar,“ segir Valgeir Baldursson, forstjóri Skeljungs.

Valgeir segir að út úr þessari endurskoðun hafi orðið til vörumerkið Orkan X. Hluti af þessari stefnumótun hafi síðan verið endurskoðun á áratugalöngu samstarfi við Shell. „Við höfum átt í löngu og farsælu samstarfi við Shell og munum eiga það áfram á mjög mörgum sviðum, svo sem í smurolíu og í þjónustu við flugvélaeldsneyti og skipaeldsneyti,“ segir Valgeir en bætir því við að á bensínstöðvunum verði hér eftir notast við vörumerki Skeljungs.

„Við teljum að við séum með mjög sterkt vörumerki sem Skeljungur er á íslenskum markaði. Og töldum að því myndi fylgja sveigjanleiki og ákveðin tækifæri sem eru ekki til staðar með erlendum vörumerkjum. Og töldum að við gætum haft meira frumkvæði og verið snarpari á þessum markaði þar sem ríkir mikil og hörð samkeppni alla daga.“

> **Við höfum ekki keypt eldsneyti af Shell í heildsölu í meira en áratug. Þetta hafa bara verið merkingar á stöðvum og það regluverk sem fellur undir þessi stóru erlendu vörumerki.**
>
> Valgeir Baldursson forstjóri Skeljungs

Valgeir segir að með breytingunum takist Skeljungi að draga úr kostnaði. Það sé jákvætt, en þó ekki meginástæða breytinganna. „Eftir sem áður munum við leggja áherslu á sama konsept, sem er þjónusta og sala á gæðaeldsneyti,“ segir Valgeir. Breytingin fyrir viðskiptavinina eigi að verða til hins betra.

Valgeir segir að breytingunni á vörumerkinu muni ekki fylgja neinar breytingar á því hvar eldsneytið er keypt í heildsölu. „Við höfum ekki keypt eldsneyti af Shell í heildsölu í meira en áratug. Þetta hafa bara verið merkingar á stöðvum og það regluverk sem fellur undir þessi stóru erlendu vörumerki.“

Valgeir býst ekki við því að ferðamenn sem hingað koma muni sækja á aðra staði, í önnur alþjóðleg merki hér, í stað þess að versla við Skeljung. „Það hefur ekki verið reynsla okkar að ferðamenn velti mikið fyrir sér vörumerkjunum þegar kemur að kaupum á eldsneyti,“ segir hann. Hingað til hafi ferðamönnum ekki fjölgað meira á Shell-stöðvum en öðrum stöðvum.

jonhakon@frettabladid.is

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

## Á döfinni

**Miðvikudagur 20. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
Vísitala byggingarkostnaðar fyrir maí 2016.
Mánaðarleg launavísitala í mars 2016.
Greiðslujöfnunarvísitala í maí 2016.
Vísitala kaupmáttar launa í mars 2016.
Vísitala lífeyrisskuldbindinga í mars 2016.
Fjármálastöðugleiki 2016/1.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.

**Mánudagur 25. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Kjötframleiðsla í mars 2016.
**MAREL** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
**REGINN** Aðalfundur 2016.

**Þriðjudagur 26. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Viðskipti með atvinnuhúsnæði.

**Miðvikudagur 27. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vinnumarkaður í mars 2016.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?
**VODAFONE** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016.
**NÝHERJI** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Getty**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.

***Ríkulegur staðalbúnaður:** *8 gíra sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM ), Bi-Xenon ljós, 18“ álfelgur, fullkomið hljómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

# Rafmagns Porsche!

Porsche hlaut nýlega titilinn besta bílamerkið (Corporate Brand) í Evrópu í flokki sportbílaframleiðenda. Til grundvallar valinu er sú staðreynd að Porsche er tákn fyrir hámarks akstursupplifun og notagildi sem og einstaka sporteiginleika. Hins vegar er litið til alls þess frumkvöðlastarfs sem Porsche á að baki, til dæmis við þróun á Plug-In E-Hybrid vélum. Nú, þegar sumir bílaframleiðendur eru að kynna sínar lausnir í fyrsta skipti, kemur Porsche með kynslóð númer tvö af rafmagns Cayenne; sportjeppa sem getur gengið eingöngu fyrir rafmagni, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða aflgjafana jöfnum höndum. Honum er einfaldlega stungið í samband við heimilisrafmagn.

## Porsche Cayenne S E-Hybrid
## Verð: 12.990 þús. kr.*

**Verið velkomin í reynsluakstur um helgina**

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl | 590Nm tog
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.

PORSCHE

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna**
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík • S: 590 2000
porsche@porsche.is • www.benni.is

**Opnunartími**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00



Alexis Tsipras á enn í miklu basli með ríkisfjármálin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Gríska ríkið þarf enn að skera niður

Kröfuhafar hafa samþykkt að þrýsta á um meiri niðurskurð hjá gríska ríkinu ef stjórnvöldum tekst ekki að ná markmiðum í ríkisfjármálum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa náð samkomulagi um að krefjast niðurskurðar sem nemur tveimur prósentum af landsframleiðslu Grikklands, eða 3,6 milljörðum evra. Það samsvarar um 500 milljörðum íslenskra króna

Samkomulagið kveður á um að einungis verði gripið til þessara tilteknu ráðstafana ef Grikkir ná ekki markmiðum sínu í ríkisfjármálum næstu þrjú árin. En þessar aðgerðir myndu þá bætast við niðurskurð sem nú þegar er verið að semja um. Þrátt fyrir það yrði gríska þingið að samþykkja lög um þær núna. Wall Street Journal segir að þetta geti orðið mikill prófsteinn á ríkisstjórn Alexis Tsipras, sem nú þegar hefur einungis þriggja manna meirihluta á þinginu. – **jhh**

## ÍAV gera við flugbrautir

Ráðist verður í viðgerðir á flugbrautum á Keflavíkurflugvelli í sumar og næsta sumar.

Á vef Víkurfrétta var greint frá því í gær að Íslenskir aðalverktakar hefðu átt hagstæðasta tilboð í verkið.

Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á rúma 5,6 milljarða króna. Aftur á móti hljóðaði tilboð Ístaks upp á rúmlega 6,1 milljarð. Kostnaðaráætlun er rúmir 5,2 milljarðar.

**5,6**

**milljarða mun verkið kosta samkvæmt tilboði Íslenskra aðalverktaka.**

Verkið sem Íslenskir aðalverktakar taka að sér felst einkum í endurnýjun yfirborðs og endurnýjun rafmagns- og flugbrautaljósakerfis. – **jhh**



Nasdaq Ísland er hluti af Nasdaq á Norðurlöndunum.

# Kauphöllin í Stokkhólmi kjörin fyrir íslensku bankana

**Kauphöllin í Stokkhólmi er kjörin fyrir skráningu á íslensku bönkunum, að mati yfirmanns skráninga á Nasdaq Norðurlöndunum. Með vel heppnaðri skráningu myndi hróður íslensks efnahagslífs aukast.**

Kauphöllin í Stokkhólmi er kjörinn markaður fyrir skráningu á íslensku bönkunum, að mati Adams Kostyál, yfirmanns skráninga Nasdaq á Norðurlöndunum. Hann er staddur hér á landi þessa dagana til að ræða við íslensk fyrirtæki og hagsmunaaðila um tvíhliða skráningar fyrirtækja.

„Við erum að hitta fyrirtækin og við erum að hitta hagsmunaaðila eins og lífeyrissjóðina. Umræðan er alltaf sú sama. Hún er um það hvaða möguleika aflétting á fjármagnshöftunum, eða rýmri reglur um fjármagnsflutninga, myndi gefa,“ segir Kostyál. Hann segir að markmiðið sé að kynna sýn Nasdaq á Norðurlöndunum á aðstæður hér og einnig að kynna hvaða kostir eru í boði til fjármögnunar fyrir fyrirtækin á Nasdaq Nordic umfram það sem þau hafa hér á Íslandi. „Og þetta er farið að skipta fyrirtækin meira máli,“ segir hann og bætir við að fyrirtækin átti sig á því að með því að hafa hlutabréf sín skráð víðar en í heimalandinu sé hægt að stuðla að enn frekari vexti fyrirtækisins og sækja fjármagn frá norrænum og jafnvel alþjóðlegum fjárfestum.

Hann segir að stærsti vettvangurinn á Norðurlöndunum sé Svíþjóð, enda hafi flest fyrirtækin verið skráð þar á síðasta ári. Bæði á aðalmarkaðnum og First North. Fyrir nauðasamninga bárust reglulega fréttir af því að slitastjórn Glitnis væri að skoða möguleikann á tvíhliða skráningu Íslandsbanka. Ekkert varð þó af því og lyktaði málum þannig að ríkið eignaðist bankann sem hluta af stöðugleikaframlagi. Kostyál segir þó tvíhliða skráningu vera raunverulegan möguleika fyrir íslensku bankana. „Ég vil ekki tjá mig um einn banka frekar en annan en við höfum séð nokkurn fjölda fjármálastofnana skjóta upp kollinum á markaðinum í Stokkhólmi, segir hann. Þar séu bæði viðskiptabankar og fjárfestingarbankar. Hann telur að markaðurinn í Stokkhólmi sé í réttri stærð fyrir íslensku bankana, en markaðir á meginlandi Evrópu kynnu að vera of stórir.

> **Við höfum séð nokkurn fjölda fjármálastofnana skjóta upp kollinum á markaðinum í Stokkhólmi.**
>
> Adam Kostyál, yfirmaður skráninga Nasdaq



Kostyál telur að vel heppnaðar skráningar utan Íslands væru mikilvægar til þess að sýna fram á styrk, ekki einungis íslensku bankanna, heldur líka íslenska markaðarins. „Vöxturinn og efnahagsbatinn eftir hrunið er mjög aðdáunarverður og ég held að með því að vera með skráningar fyrir utan heimamarkaðinn þá myndi það sýna vel hvernig vöxturinn hefur verið hérna.“

En Kostyál sér ekki einungis fyrir sér möguleika á að skrá bankana erlendis heldur líka önnur fyrirtæki sem þegar eru skráð á Nasdaq Ísland, til dæmis Icelandair Group eða Eimskip. „Já, fyrirtæki sem vilja stækka og hafa alþjóðlega skírskotun,“ segir hann.

Í dag er einungis eitt íslenskt fyrirtæki tvískráð. Það er stoðtækjafyrirtækið Össur, sem er skráð á Íslandi og í Danmörku.

**jonhakon@frettabladid.is**

UPPLÝSTARI VIÐSKIPTI MEÐ LÁNSHÆFISMATI CREDITINFO



ÁSKRIFTARTILBOÐ:
PRÓFAÐU LÁNSHÆFISMATIÐ ÁN ENDURGJALDS Í APRÍL

Nýir áskrifendur greiða ekkert mánaðargjald í apríl og geta nýtt sér allt að 20 uppflettingar án endurgjalds.

Skráðu þig á creditinfo.is og prófaðu.

CREDITINFO

HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030



Barrokk klukka - verð 34.000
Tilboð **28.000**
Stærð 21,5 x 14,5 sm h. 32 sm



Golda hliðarborð - verð 117.000
Tilboð **98.000**
Stærð 120 x 40 sm - h. 80 sm



Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð **137.000**
Stærð 180 x 50 sm - h. 60 sm



Blaðgrindarborð - verð 43.000
Tilboð **35.000**
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm



Chippendale stofuskápur - verð 379.000
Tilboð **298.000**
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm



Viceroy hægindasófi verð 329.000
Tilboð **279.000**
Stærð 222 x 95 sm h. 105 sm



Flair hliðarborð verð 134.000
Tilboð **107.000**
Stærð 110 x 47 sm - h. 80 sm



Sófaborð 2 skúffur - verð 105.000
Tilboð **84.000**
Stærð 130 x 60 sm - h. 50 sm



Viceroy hægindastóll verð 165.000
Tilboð **139.000**
Stærð 95 x 95 sm h. 105 sm



Calais 3 + 2 - verð 230.000
Tilboð **186.000**
3 sæta 222 sm, 2 sæta 168 sm x 97 sm h. 86 sm



Ashton svefnsófi - verð 198.000
Tilboð **138.000**
Stærð 200 x 88 sm h. 71 sm



Coltrain sófasett - verð 547.000
Tilboð **437.000**
Sófi 230 - stóll 104 x 100 sm h. 95 sm



Hægindastóll m. snúningi - verð 139.000
Tilboð **99.000**
Stærð 82 x 90 x 105 sm



Novel tungusófi - verð 242.000
Tilboð **159.000**
Stærð 297 x 185 sm h. 88 sm



Lampaborð - verð 57.000
Tilboð **47.000**
Stærð 60 x 60 sm - h. 71 sm

# WWW.HUSGAGNABANKINN.IS

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is





# Bankarnir ekki of stórir heldur of flóknir til að falla

Skoski hagfræðingurinn John Kay segir fjármálakerfi heimsins allt of stórt. Of margir innan þess séu uppteknir af því að eiga í viðskiptum við aðra í fjármálakerfinu í stað þess að sinna þörfum raunhagkerfisins. Kay mun halda erindi um fjármálakerfið hér á landi um næstu helgi.

Fjármálakerfið varð miklu flóknara, svo það þurfti á mun gáfaðra fólki að halda. En það gerði kerfið ekki betra," segir skoski hagfræðingurinn John Kay um fjármálakerfið fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna sem hófst árið 2008. John Kay er reglulegur pistlahöfundur í The Financial Times, gestaprófessor við London School of Economics og Oxford, en hann heldur erindi á opnum fundi Samfylkingarinnar á Grand hóteli á sunnudaginn.

Kay hefur talað mjög einarðlega fyrir einföldun fjármálakerfisins, sem hann telur mun stærra en nauðsynlegt sé til að sinna þörfum samfélagsins. Þegar Kay var að alast upp í Edinborg í Skotlandi á 7. áratugnum segir hann það langt í frá að klárustu einstaklingarnir í hverjum árgangi hafi farið að vinna í bankakerfinu. Fremur hafi það verið þeir sem hafi ekki verið með nógu góðar einkunnir til að komast í bestu háskólana. Fyrir síðustu fjármálakreppu hafi hins vegar mikið af klárasta fólkinu af hans kynslóð starfað í bönkunum. Það hafi hins vegar ekki skilað betra fjármálakerfi. „Kerfið var orðið flóknara en áður en skilaði ekki betri árangri. Fjármálakerfið hafði blásið út, fyrst og fremst vegna þess að starfsmenn voru uppteknari við að eiga í viðskiptum hver við annan," segir hann.

> Kerfið var orðið flóknara en áður en skilaði ekki betri árangri. Fjármálakerfið hafi blásið út, fyrst og fremst vegna þess að starfsmenn voru uppteknari við að eiga í viðskiptum hver við annan.

Kay segir fjármálakerfið orðið allt of innhverft og upptekið af sjálfu sér. „Umsvif á fjármálamörkuðum hafa vaxið gífurlega, sem hefur lítið að gera með notendur raunverulegs fjármagns, og hefur í raun tapað tengslum við notendur raunverulegs fjármagns."

Ástæðan fyrir því að ákveðið var að bjarga stórum bönkum og fjármálastofnunum hafi ekki verið að þeir hafi verið of stórir til að falla, heldur hafi þeir verið of flóknir til að falla. „Þegar Lehman Brothers féll í september 2008 átti hann milljón útistandandi samninga við viðskiptavini sína."

### Kerfið skapað óstöðugleika

Hagfræðingurinn segir hið breytta fjármálakerfi hafa margs konar óbein áhrif á hagkerfið. „Þetta hefur skapað mun meiri óstöðugleika og dregið úr sveigjanleika og aukið ójöfnuð. En beinu áhrifin eru að við erum með kerfi sem er ekki betra, og að sumi leyti er það orðið verra í að gera hluti sem við viljum að fjármálakerfið geri. Það er að reka greiðslumiðlunarkerfi, hjálpa okkur að stýra neyslu okkar yfir ævina, fjármagna nám, kaupa húsnæði, spara til efri áranna, arfleiða börn og barnabörn að auði, færa til fjármagn, taka á móti sparnaði og miðla í fjárfestingar og hjálpa okkur að draga úr áhættu.

Jafnvel þó að fjármálakerfið hafi vaxið gífurlega er það ekki að gera þessa hluti betur. Og stór hluti af fólkinu, sérstaklega þeir sem fá hæstu launin, er alls ekki að gera þessa hluti," segir Kay.

### Flóknari reglugerðir ekki lausnin

Lausnin á vanda fjármálakerfisins felist hins vegar ekki í fleiri og ítarlegri reglugerðum. „Ég tel að við höfum þegar of mikið af reglugerðum. Með reglugerðum ætti frekar að horfa til uppbyggingar kerfisins og hvata fólksins sem starfar í því en að skrifa sífellt ítarlegri reglugerðir um hvernig fólk eigi að hegða sér. Það þýðir að slíta hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi frá annars konar bankastarfsemi og að skipta fjárfestingarbönkum í mismunandi hluta: Fyrirtækjaráðgjöf, útgáfu verðbréfa, viðskiptavakt, eignastýringu og svo framvegis," segir hagfræðingurinn.

„Með þessu myndu skapast sérhæfðar fjármálastofnanir sem myndu hagnast á að sinna þörfum

# SÆBJÚGNAHYLKIN ERU BYLTING

**ARCTIC STAR KYNNIR** Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.




**FINNUR MIKINN MUN Á SÉR**

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu við strendur Íslands. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir Magnús.

> Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég farið í langar gönguferðir sem ég gat ekki áður.
>
> Magnús Friðbergsson

Magnús, sem er 65 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

**Íslensk framleiðsla** **Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.**



**MIKLU BETRI** **Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin.** MYND/GVA



**HEILSUBÓT** **Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum.**












„Væntingar okkar eru þær að gestir skemmti sér jafn vel og við og eigi frábæra kvöldstund með Rokkkórnum," segir Matthías V. Baldursson, skipuleggjandi tónleikanna og stjórnandi Rokkkórsins. MYND/ERNIR



Rokkkór Íslands ásamt hljómsveit halda „sing a long" rokktónleika á föstudag sem byggja á lögum frá níunda áratug síðustu aldar. MYND/ÞÓRDÍS RÚNARS ÞÓRSDÓTTIR

# BYGGÐIR UPP SEM HÁLFGERT PARTÍ

Tónleikagestir mega syngja og dansa að vild á rokktónleikunum 80's rokk partý! sem haldnir verða í Bæjarbíói næsta föstudag. **Rokkkór Íslands** stendur fyrir viðburðinum og lofar miklu fjöri.

Nýlega stofnaður Rokkkór Íslands stendur fyrir tónleikunum 80's rokk partý! næsta föstudag í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Tónleikarnir verða þó ekki með hefðbundnu fyrirkomulagi því tónleikagestum er velkomið að syngja með og standa upp úr sætunum enda um svokallaða „sing a long" tónleika að ræða sem njóta sívaxandi vinsælda.

Meðal flytjenda sem Rokkkórinn tekur fyrir eru ýmsar stórstjörnur frá níunda áratugarins, flytjendur á borð við AC/DC, Bon Jovi, Kiss, Meatloaf, U2, Whitesnake, Bonnie Tyler og Eurythmics og því hægt að lofa miklu fjöri, segir Matthías V. Baldursson, skipuleggjandi tónleikanna og stjórnandi Rokkkórsins.

„Tónleikarnir verða byggðir upp sem hálfgert partí. Barinn verður opinn og gestir mega alveg standa upp og kíkja þangað hvenær sem er. Það verður lítið um formlegheit enda markmiðið bara að skemmta sér saman. Textum laganna verður varpað upp á skjáinn fyrir tónleikagesti svo allir geti tekið undir og sungið með. Væntingar okkar eru þær að gestir skemmti sér jafn vel og við og eigi frábæra kvöldstund með Rokkkórnum enda eru Íslendingar þekktir fyrir að vilja syngja mikið og hafa gaman af söng af ýmsum gerðum."

## METNAÐUR OG SÖNGGLEÐI

Rokkkór Íslands var stofnaður í apríl í fyrra og fagnar því eins árs afmæli um þessar mundir. „Nokkrir vinir mínir þrýstu á mig að búa til kór sem væri skipaður vönu söngfólki sem langaði að takast á við krefjandi verkefni í tónlist og hafa gaman saman. Ég sló til og úr varð þessi flotti kór. Aðsókn í hann varð strax mjög mikil og í dag er hann skipaður rúmlega 30 manns og flestir eiga það sameiginlegt að hafa yfir áratuga reynslu í popp-, rokk- og dægurlagasöng. Metnaður, sönggleði ásamt toppgæðum eru mottó okkar."

Rokkkórinn hélt fyrstu tónleika sína í Hörpu í febrúar og þar kviknaði hugmyndin hjá einum kórmeðlim, að halda „sing a long" rokktónleika með lögum frá þessu tímabili. „Prógramm okkar í Hörpu var byggt upp á þekktum lögum frá níunda áratugnum og var stemmingin í salnum svo mikil að við ákváðum að láta þetta verða að veruleika. Áhorfendur voru æstir í að syngja með og nú gefst fólki heldur betur tækifæri til þess."

Lagavalið var því ekki flókið ferli að sögn Matthíasar. „Við notumst að mestu leyti við sömu lög og við sungum í febrúar. Það sem helst þarf að hafa í huga er að vera með lög sem flestir þekkja og hafa gaman af. Prógramm okkar á föstudag einkennist svo sannarlega af því."

## STEFNT Á FREKARI ÚTGÁFU

Auk tónleikanna á föstudag er ýmislegt fram undan að sögn Matthíasar. „Við erum byrjuð að undirbúa næstu tónleika sem verða í haust en þar verður tónlist frá áttunda áratug síðustu aldar aðalþemað. Einnig er stefnt að því að fara í hljóðver og taka upp nokkur lög. Rokkkórinn er nú þegar búinn að gefa út þrjú lög sem komin eru á netið og útgáfa geisladisks er á dagskránni innan tveggja ára. Einnig erum við að fara að taka þátt í mjög stóru söngleikjaverkefni en ekki er hægt að greina frá því strax."

Einsöngvarar á tónleikunum verða þau Davíð Smári Harðarson, Telma Ágústsdóttir, Íris Kristinsdóttir, Georg Alexander, Áslaug Helga Hálfdánardóttir, Áslaug Fjóla Magnúsdóttir, Óli Már, Katrín Hildur Jónasdóttir, Kristjana Þórey Ólafsdóttir, Kristbjörg Kari Sólmundsdóttir og Brynhildur Jónsdóttir. Matthías spilar á hljómborð og stýrir kórnum. Auk hans skipa hljómsveitina feðgarnir Davíð Sigurgeirsson og Sigurgeir Sigmundsson sem spila á gítara, Þorbergur Ólafsson leikur á trommur og Þórir Rúnar Geirsson leikur á bassa.

**Tónleikarnir verða í Bæjarbíói í Hafnarfirði föstudaginn 22. apríl og hefjast kl. 22. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir 80's rokk partý auk þess sem Rokkkórinn er á Facebook. Rokkkórinn er einnig með YouTube-rásina Rokkkór Íslands þar sem hlusta má á nokkur tóndæmi.**




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# Öryggisþjónusta

20. apríl 2016

# Við veitum fólki hugarró

**Securitas** hefur í nærri fjóra áratugi varið heimili, fyrirtæki og sumarbústaði fólks fyrir þjófnaði og skemmdum vegna vatns og elds. Securitas rekur öflugt öryggisgæslusvið ásamt tæknisviði sem fylgist með öllum tækninýjungum enda hefur þróunin, til að mynda í myndeftirliti, verið ótrúleg. Heiðarleiki, árvekni og hjálpsemi eru einkunnarorð Securitas og eru þau í hávegum höfð.

Securitas var stofnað á Ísland árið 1979 og hefur átt langan og farsælan feril. „Securitas var stofnað í kringum eitt lítið verkefni og nú, nærri fjörutíu árum síðar, erum við enn leiðandi í öryggisgæslu og þjónustu,“ segir Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas, glaðlega. Hann segir fyrirtækið í sífelldri þróun eftir því hvað markaðurinn kalli á hverju sinni. „Við höfum fengist við ýmislegt í gegnum tíðina,“ segir Hjörtur en Securitas á einnig nokkur dótturfélög sem tengjast öryggismálum beint og óbeint. Til dæmis er boðið upp á lúxusakstur, geymsluleigu og þjónustu tengda ökutækjaritum og flotastýringum. „Við höfum sinnt fjölbreyttum hlutverkum í gegnum tíðina sem öll tengjast því að veita fólki öryggi og hugarró.“

### Ekki aðeins þjófavörn

Margir tengja Securitas við mannaða öryggisgæslu og innbrotakerfi en Hjörtur leggur áherslu á að það sé aðeins hluti af því sem fyrirtækið standi fyrir. „Öryggiskerfin okkar veita ekki síður vörn gegn tjóni af völdum vatns og elds. Við fáum til dæmis mýmörg útköll í hverri viku vegna vatnstjóns,“ segir hann og bendir á að þó öryggiskerfin komi ekki í veg fyrir leka eða bruna þá geti þau hindrað að tjónið verði meira en það þarf að vera og í raun komið í veg fyrir stórtjón.

Securitas veitir um tuttugu þúsund aðilum vörn af einhverju tagi, þar af eru tólf þúsund heimili eða um 10 prósent af öllum fasteignum á landinu. „Við erum með öryggiskerfi í öllum tegundum húsnæðis, frá fjölbýli til einbýlis,“ segir Hjörtur. Hann telur að fólk sé að verða mun meðvitaðra um kosti öryggiskerfanna, sér í lagi fjölskyldufólk sem er stór hluti af viðskiptavinum Securitas. „Flestir finna hjá sér þörf til að skoða öryggismál sín þegar fyrsta barnið fæðist.“

Einnig er mikill vaxtarbroddur á fyrirtækjamarkaði að sögn Hjartar. „Þar bjóðum við upp á fjölbreyttar vörur og þjónustu, sérstakar brunavarnir, myndeftirlit og aðgangsstýringar svo aðeins fátt eitt sé nefnt,“ upplýsir hann.

> **„Öryggiskerfin okkar veita ekki síður vörn gegn tjóni af völdum vatns og elds. Við fáum til dæmis mýmörg útköll í hverri viku vegna vatnstjóns.**
>
> *Hjörtur Freyr Vigfússon*

### Öflug tækniþekking

Í kringum 450 manns starfa hjá Securitas. Um 45 prósent starfa sem öryggisverðir sem þýðir að meirihluti starfsmanna sinnir störfum í stoð- og tæknideildum. „Tæknideildin er ein stærsta deildin okkar enda má segja að við séum farin að tejast til hátæknifyrirtækis,“ segir Hjörtur. Hann bendir á að ótrúleg tækniþróun eigi sér stað í þessum bransa, sér í lagi öllu sem tengist myndeftirliti. „Manni finnst þróunin ævintýri líkust. Það sem maður sá í bíómyndum fyrir fimm árum og þótti ótrúverðugt er orðið að veruleika í dag,“ lýsir hann. Til dæmis megi þekkja andlit fólks í fjölda með ótrúlegri nákvæmni, hægt sé að greina milli kynja og greina hæð fólks.

### Þjónusta um allt land

Securitas veitir þjónustu víðs vegar um Ísland. Meginstarfsstöðin er í Reykjavík, en einnig eru starfsstöðvar á Reykjanesi, Akureyri, Austurlandi, Selfossi og í Borgarnesi. „Securitas býður sams konar þjónustu um allt landið og sama vöruframboð,“ segir Hjörtur.

Securitas starfrækir stjórnstöð í Reykjavík og á Akureyri. „Starfsfólk okkar á stjórnstöðvunum sinnir þörfum viðskiptavina fyrirtækisins allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, allan ársins hring,“ lýsir Hjörtur en sími stjórnstöðvar er 533-5533.



Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas, stendur hér efst í stiganum en með honum á myndinni er hluti af því glaðlega og flotta starfsfólki sem vinnur hjá fyrirtækinu. MYND/ERNIR

### Leiðandi frá upphafi

Securitas er löngu orðið þjóðþekkt fyrir starfsemi sína enda hefur fyrirtækið verið leiðandi á öryggismarkaðnum frá upphafi. „Við leggjum metnað okkar í að vera leiðandi og gerum það með því að veita framúrskarandi þjónustu og höfum við að leiðarljósi að stytta okkur aldrei leið í veitingu þjónustunnar. Við hlustum á viðskiptavini okkar og erum sífellt að breyta vinnulagi og þjónustuframboði okkar eftir kröfum þeirra.“


**Heimavörn Securitas**
–Miklu meira en innbrotavörn

Innbrotaviðvörun
Brunavörn
Vatnslekavörn
Gaslekavörn
Spennuvakt
Lyklaafhending

SECURITAS

# Eitt mikilvægasta öryggistæki sem völ er á

Þróun rafrænna öryggislausna og velferðartækni fleytir fram og eldri borgarar hafa um sífellt fjölbreyttari möguleika að velja. Öryggishnappur Securitas er eitt helsta öryggistæki eldra fólks að mati Hauks Ingibergssonar, formanns Landssambands eldri borgara. Tækið væri þó lítils virði án þjónustunnar að baki því.

Nú þegar nýta margir eldri borgarar ýmsar rafrænar öryggislausnir og er öryggishnappur Securitas eitt þekktasta dæmið en fyrirtækið hefur meðal annars átt gott samstarf við Landssamband eldri borgara í gegnum árin. „Samstarfið hefur fyrst og fremst skapast af áhuga beggja aðila á velferðartækni og þeim fjölbreyttu möguleikum sem þar skapast," segir Haukur Ingibergsson, formaður Landssambands eldri borgara.

Eitt af einkennum öldrunar er að sögn Hauks að færni fólks minnkar, það dregur úr atgervi og þörfin fyrir öryggi eykst. „Til eru ýmsar rafrænar lausnir sem styðja við athafnir daglegs lífs bæði í heimahúsi og annars staðar og sífellt eru að koma fram nýjungar til vöktunar sem beinast að því að vakta líðan og athafnir eða athafnaleysi hins aldraða auk þess að vakta heimilistæki og lyfjaskömmtun svo eitthvað sé nefnt. Öryggishnappur Securitas er að mínu mati eitt mikilvægasta öryggistækið sem við höfum í dag en með honum er hægt að láta vita um leið og eitthvað bjátar á þannig að notandi öryggishnappsins fái aðstoð eins fljótt og auðið er," segir Haukur.



**Haukur Ingibergsson, formaður Landssambands eldri borgara.** MYND/ERNIR

**„Ég tel að notkun margvíslegrar velferðartækni á eigin heimili verði lykillinn að því að fólk geti verið lengur heima auk þess sem vélmenni og róbótar munu vafalaust eiga eftir að leysa af hendi ýmis heimilisstörf sem mannshöndin sinnir nú.**

*Haukur Ingibergsson*

Securitas býður upp á sólarhringsvöktun en að mati Hauks er mikilvægt að hér á landi starfi stöndug öryggisfyrirtæki á borð við Securitas með stöðuga starfsemi árum saman sem hafi reynslu og afl til að þróa lausnir, veita viðeigandi þjónustu og tryggja öryggi daga sem nætur, árið um kring."

Eldra fólki mun fjölga hlutfallslega á næstu áratugum og flestir vilja búa á eigin heimili eins lengi og unnt er. Haukur spáir því að rafrænar lausnir muni hafa mikil áhrif á öldrunarþjónustu á næstu árum og áratugum. „Ég tel að notkun margvíslegrar velferðartækni á eigin heimili verði lykillinn að því að fólk geti verið lengur heima auk þess sem vélmenni og róbótar muni vafalaust eiga eftir að leysa af hendi ýmis heimilisstörf sem mannshöndin sinnir nú. Öryggishnappurinn mun eftir sem áður vera mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi þeirra sem eldri eru og veita aðstandendum hugarró," segir Haukur, en að hans mati hefur hann opnað nýja sýn hjá mörgum eldri borgurum hvað nytsama velferðartækni varðar.

Haukur myndi gjarnan vilja sjá að sem flestir sem á þurfa að halda hefðu öryggishnapp. Sjúkratryggingar Íslands greiða niður hluta af kostnaðinum en bent hefur verið á að erfitt sé að sækja um og fá samþykki. „Stundum er það svo að tæknin fer fram úr opinberum reglum og gjaldskrá þó allir viðurkenni að þörfin sé til staðar og að hana þurfi að uppfylla."

## Öryggi í fyrirrúmi

**Aukin þjálfun öryggisvarða**

Allir öryggisverðir Securitas hafa hlotið öryggisvarðaþjálfun og eru þjálfaðir í aðstæðum sem oft blasa við þeim sem eru fyrstir á vettvang óhappa. Securitas ákvað nýlega að auka þjálfun viðbragðsteymis Securitas og hafa tugir öryggisvarða farið í gegnum nám í vettvangshjálp og undirbúning fyrir sjúkraflutning. Þeir tryggja að hnappþegar fái besta mögulegan undirbúning fyrir flutning á sjúkrahús eða komu sérfræðinga. Þeir öryggisverðir, í viðbragðsteymi Securitas, sem hafa farið í gegnum námið eru merktir sérstaklega sem aðgreinir þá frá hefðbundnum öryggisvörðum í svörtu jökkunum. Markmið Securitas er að sem flestir öryggisverðir í viðbragðsteymi fyrirtækisins fari í gegnum þessa þjálfun.

**Fyrirferðarlítið tæki**

Öryggishnappur Securitas er einfalt og fyrirferðarlítið öryggistæki, hann er borinn um háls eða úlnlið og er alltaf innan seilingar. Verði óhapp, veikindi eða slys innan heimilisins þá er nóg að ýta á hnappinn til þess að komast í beint talsamband við stjórnstöð Securitas. Þar er sérþjálfað starfsfólk á vakt 24 tíma á sólarhring alla daga ársins. Aðstoð er strax veitt í gegnum talsamband og um leið er viðbragðsteymi sent heim til viðkomandi.




ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301 | VEFFANG visir.is | UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Bryndís Hauksdóttir| bryndis@365.is | s. 512-5434 | ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# Á ÖRYGGISKERFINU MIKIÐ AÐ ÞAKKA

Preben Jón Pétursson, framkvæmdastjóri á Akureyri, segist geta þakkað öryggiskerfi frá Securitas að hann missti ekki heimili sitt í bruna. „Rétt áður en við fórum út einn morguninn hafði fjölskyldumeðlimur rekið sig í takka á eldavélinni. Á örfáum mínútum kom upp eldur en þar sem við vorum með reykskynjara sem var tengdur við öryggiskerfi Securitas fengu þeir boð um eldinn á byrjunarstigi. Starfsfólk Securitas kallaði til slökkvilið og sendi mér boð um að eldur væri kominn upp og að slökkviliðið væri á leiðinni heim til mín. Slökkviliðið var svo komið klukkan tíu mínútur yfir átta en við höfðum farið út um korteri áður,“ útskýrir Preben.

Hann nefnir líka að lítill drengur hafi gengið fram hjá og séð eldinn. „Hann hljóp heim og lét vita þannig að það er ekki hægt að taka heiðurinn af honum. Auk þess er nágrannavarslan góð hjá okkur og nágrannarnir höfðu tekið eftir eldinum líka. En starfsfólk Securitas brást fljótt og vel við og bjargaði því að ekki fór verr. Það varð auðvitað tjón en það hefði ekki þurft að líða miklu lengri tími til þess að stórtjón hefði orðið.“

Preben segir það alveg klárt að hann verði áfram með öryggiskerfi. „Ég er líka með öryggiskerfi í vinnunni sem hefur stöðvað hjá mér vatnstjón þannig að ég á Securitas mikið að þakka,“ segir hann ánægður.





Kristín Dögg Höskuldsdóttir, starfsmannastjóri Securitas.

## Alltaf að leita að góðu fólki

Hjá Securitas vinna alla jafna um 450 manns en á álagstímum fjölgar starfsfólkinu í rúmlega fimm hundruð. Störfin eru fjölbreytt en rúmlega helmingur starfsfólksins starfar við öryggisgæslu af ýmsum toga. „Við erum með margskipta öryggisgæslu, staðbundna öryggisverði og farandgæsluverði sem sinna útköllum og við sinnum ýmsum sérverkefnum í öryggisgæslunni. Við erum með sérhæft fólk í verslunarþjónustu, mörg rafvirkjastörf, starfsfólk á sölu- og markaðssviði, í tæknideild og á ýmsum stoðsviðum innanhúss. Auk þess erum við með starfsfólk innan nokkurra dótturfélaga,“ segir Kristín Dögg Höskuldsdóttir, starfsmannastjóri Securitas.

Mikið er að gera hjá starfsfólki Securitas og sífelld aukning á verkefnum. „Við erum því alltaf að leita að góðu fólki til að sinna verkefnum af margvíslegum toga. Það er gott að vinna hjá okkur, hér er léttur og skemmtilegur andi og ótrúlegt hve vel tekst til að halda fjölskyldumenningu innan fyrirtækisins þrátt fyrir stærð þess.“

Kristín segir starfsfólk Securitas yfirleitt hafa langan starfsaldur og það stafi helst af því að fólk er hvatt til þess að þróa sig í starfi. „Fólk vinnur hjá okkur í fjölda ára en það þýðir ekki að það sé í sama starfinu. Við horfum inn á við þegar við búum til ný störf og leyfum fólki að þróast í starfi. Til dæmis er stór hluti af stjórnendateymi okkar fólk sem hefur unnið sig upp í gegnum fyrirtækið,“ segir hún.

„Jafnlaunastefna Securitas er hluti af starfsmannastefnu fyrirtækisins og góð skipting á milli kynja skiptir okkur miklu máli. Við erum einnig með mikla aldursbreidd hjá starfsfólki, erum með fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og fólk sem er að láta af störfum, 68 ára, og náum að geðjast öllum – enda frábært að vinna hérna“ segir Kristín og brosir.

SECURITAS

TIL ÖRYGGIS Í NÆSTUM 40 ÁR

Heimilislífið

Securitas býður fjölbreytta þjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem vilja huga að öryggi sínu:

**Heimavörn** - beintengdu heimilið við stjórnstöð Securitas
**Öryggishnappar** - hugarró fyrir þig og aðstandendur
**Slökkvitæki** - öryggisvörur fyrir heimilið og bílinn
**Sumarhúsavörn** - njóttu þess að vera að heiman
**Myndeftirlit** - góð yfirsýn sem eykur öryggi þitt

Atvinnulífið

Securitas hefur að bjóða öryggiskerfi í fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum en jafnframt sérsniðnar lausnir fyrir mismunandi þarfir:

**Firmavörn** - sniðin að þörfum þíns fyrirtækis
**Skip og bátar** - öryggisbúnaður og öryggiskerfi á sjó
**Akstursþjónusta** - sérþjálfaðir ökumenn og öryggi alla leið
**Brunaviðvörunarkerfi** - smærri og stærri einingar
**Gæsla** - mönnuð gæsla, fjargæsla og forvarnir
**Heilbrigðislausnir** - sjúkrakallkerfi, öryggishnappar og umönnunarkerfi
**Slökkvikerfi** - ásamt öflugri slökkvitækjaþjónustu
**Myndeftirlit** - myndavélar, vöktun og betri yfirsýn
**Vöruvernd** - öryggislausnir sem stöðva þjófnað
**Aðgangsstýring** - fullkomið innbrota- og aðgangsstýrikerfi

Við hvetjum þig til að skoða hvernig lausnir Securitas geta aukið öryggi þitt og þinna.

Kynntu þér þjónustuframboð Securitas á heimasíðu okkar www.securitas.is eða hafðu samband í síma 580-7000.

Á VAKT SÍÐAN 1979

# Góð samskipti granna eru mikilvæg

Viðskiptavinir Securitas geta sér að kostnaðarlausu pantað götugrill hjá fyrirtækinu og slegið upp veislu með nágrönnum sínum. Securitas mætir með grillið á staðinn, kol og uppkveikilög, sækir grillið að veislunni lokinni og þrífur það. Götugrillið var sett á laggirnar með það að markmiði að auka samskipti nágranna. Þröstur Sigurðsson er sölu- og viðskiptastjóri hjá Securitas á daginn, en yfirgrillari um helgar.

„Ég tók við verkefninu í fyrra. Mig langaði til að fara út og hitta fólkið sem er í viðskiptum við okkur," segir Þröstur Sigurðsson, yfirgrillari Götugrills Securitas, en um helgar þeytist hann milli hverfa með risastórt kolagrill á hjólum í eftirdragi. Viðskiptavinir Securitas geta pantað grillið sér að kostnaðarlausu og haldið veislu með nágrönnum sínum. Yfir hundrað manns nýttu sér þessa þjónustu síðasta sumar við góðar undirtektir.

„Manni er hálfpartinn fagnað eins og þjóðhetju þegar maður mætir með grillið. Fólk trúir því ekki að þetta sé frítt. Í nokkrum tilvikum höfðu íbúar jafnvel lokað götunni fyrir bílaumferð. Svo er grillinu bara stillt upp og allir koma út með stóla og borð og búa til langborð, jafnvel 80 til 90 manns, allt skreytt með blöðrum og ótrúlega skemmtileg stemming. Stemmingin er svo orðin enn þá betri þegar maður kemur aftur undir kvöld að sækja grillið," segir Þröstur hress.

„Margir hafa ekki notað kolagrill lengi en við stillum öllu upp og sýnum fólki hvernig á að umgangast þetta. Oft hefur líka verið ævintýralegt að koma grillunum á sinn stað. Eitt sinn skrúfaði eigandinn niður grindverk svo hægt væri að koma grillinu inn í garðinn. Sem betur fer var hann ekki búinn að skrúfa það upp aftur áður en við sóttum það," segir Þröstur hlæjandi.

> **Við viljum einfaldlega auka samskipti nágranna með þessu. Þegar fólk hittist svona á góðri stund styrkir það öryggistengslanetið í götunni. Samskiptin milli fólks verða öðruvísi, tengslin verða önnur og fólk fer að passa upp á náungann. Það er fyrst og fremst þakklæti sem maður fær í staðinn.**
>
> *Þröstur Sigurðsson*

**Er þetta skemmtilegt?**

„Ég hef lent á spjalli við fólk um öryggiskerfi yfir grillsteikinni og fólk er ánægt með þetta framtak Securitas, vill ekki skipta við neinn annan," segir Þröstur sposkur. „Það er samt sem áður ekki ástæðan á bak við þetta hjá okkur. Við viljum einfaldlega auka samskipti nágranna með þessu. Þegar fólk hittist svona á góðri stund styrkir það öryggistengslanetið í götunni. Samskiptin milli fólks verða öðruvísi, tengslin verða önnur og fólk fer að passa upp á náungann. Það er fyrst og fremst þakklæti sem maður fær í staðinn."



**Þröstur Sigurðsson er sölu- og viðskiptastjóri hjá Securitas á daginn en yfirgrillari um helgar. Þá þeytist hann milli hverfa með risastór kolagrill á hjólum í eftirdragi en viðskiptavinir Securitas geta pantað grill heim sér að kostnaðarlausu og slegið upp veislu með nágrönnum sínum.** MYND/SECURITAS





## Heimili með Heimavörn Securitas fá stærðarinnar kolagrill að láni um helgar í sumar - ókeypis

Pantaðu grillið tímanlega og sláðu upp mögnuðu götugrilli fyrir ættingja, nágranna og jafnvel alla í götunni ef svo ber undir. Við komum með grillið heim til þín og með því fylgja kol, kveikilögur, eldspýtur og grillgjöf fyrir grillarann. Að veislunni lokinni sækjum við svo grillið.
Allt þér að kostnaðarlausu.

**Er þetta ekki upplagt fyrir þig í sumar?**

Leggðu inn pöntun fyrir grillhelgi sumarsins á **www.gotugrill.is** núna strax.
Fyrstir panta – fyrstir fá.

SECURITAS

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta

www.hsebokhald.is

hsebokhald@hsebokhald.is

Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Bókhald**

- Skattframöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

Sanngjarnt verð

Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf

Síðumúla 1 108 Reykjavík

581-1600 • www.vidvik.is

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Þarf að skipta um rennur, glerja eða mála þakið? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

**MARKMIÐ VERKTAKAR**

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

**K2**

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## atvinna

**FLUTNINGA ÞJÓNUSTAN**

ehf. auglýsir eftir starfskröftum

**Fullt starf – hlutastarf - aukavinna**

Vegna aukinna umsvifa leitum að:
Meiraprófsbílstjórum í fullt starf, stelpum og strákum með meirapróf, eða bara gamla góða bílprófið.
Bílstjórum og dugnaðarforkum til að vera á hliðarlínunni þegar mikið liggur við.

Tilvalið fyrir skólafólk og vaktavinnufólk sem vill aukavinnu.

Vinsamlegast sendið okkur upplýsingar, ferilsskrá, stutt skilaboð eða símanúmer á:
atvinna@flutningathjonustan.is og við munum hafa samband við fyrsta tækifæri.

*kemur hreyfingu á hlutina*

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**

Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla

Visa 566 7311 euro

Tímapantanir í síma 8694650

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 92þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Herbergi R108 húsgögn, þvottahús og eldhús. Sími 8661786. 50 þúsund

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**kvosin** FERSKT OG FLJÓTT

Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling á helgarvaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlega sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 28. apríl.

**Olíudreifing**

Meiraprófsbílstjórar

Við leitum að bílstjórum með meirapróf í framtíðar- og sumarstörf í Reykjavík og í sumarstörf á Akureyri og á Reyðarfirði.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 (Reykjavík og Austurland) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550-9910 (Akureyri).

Olíubirgðastöðin í Helguvík

Við leitum að starfsmönnum í framtíðar- og sumarstörf í olíubirgðastöðinni í Helguvík.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Georgsson í síma 550-9907. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störfin. Nánari upplýsingar á www.oliudreifing.is

**KvikkFix**

Hvaleyrarbraut 4-6 · Hafnarfjörður · S: 575-1500

**STARFSFÓLK ÓSKAST Í EFTIRFARANDI STÖRF.**

a) Manneskju í bókhald. 50-100% starf. Sveigjanlegur vinnutími.

b) Manneskju í móttöku. 50-100% starf. Sveigjanlegur vinnutími.

c) Menn í smur- dekkjavinnu og léttar viðgerðir.

**Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst með kynningu á hinrik@nrg.is fyrir 26. apríl.**

**VANTAR VANA MENN Á DEKKJAVERKSTÆÐI DEKKVERK. NOKKRAR STÖÐUR LAUSAR.**

1. Verkamaður á gólfi.
2. Sölumaður í afgreiðslu.
3. Sumarstarfsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Möguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19

**Upplýsingar í síma 578-7474 Einar Björgvin, eða koma á staðinn**

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR STARFSMÖNNUM:**

* í bifvélavirkjun

* í múrverki

* í málningarvinnu

Vinsamlega sendið CV eða helstu upplýsingar á netfangið tokatimar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Suðurlandsbraut 18

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. desember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. janúar 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar - Ármúla vegna lóðarinnar nr. 18 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit bakhússins svo hann nái yfir núverandi bílageymslu, fjarlægja bílastæði á 2. hæð bílageymslu, byggja allt að þriggja hæða byggingu á suðausturhluta lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Engjateigur 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. desember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. janúar 2106 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Engjateig. Í breytingunni felst að innkeyrsla á lóðina er færð, afmarkaður er nýr einnar hæðar byggingarreitur fyrir hliðhús á lóðinni, bílastæðum á lóðinni er fækkað úr 57 í 12 og komið er fyrir tæknirýmum og geymslum í bílakjallara. Jafnframt er sett inn heimild fyrir allt að 4,5 m hárri öryggisgirðingu á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 20. janúar 2016 til og með 2. mars 2016. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 2. mars 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 20. janúar 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

viðskiptavina líkt og önnur fyrirtæki gera. Ég myndi líka vilja strangari reglur um ábyrgð þeirra sem stýra fjármálafyrirtækjum. Kannski er minni þörf á því á Íslandi því þið eruð nær eina landið sem hefur dæmt þá sem brutu lög í fjármálahruninu í fangelsi. Við höfum ekki verið nálægt því hér í Bretlandi eða í Bandaríkjunum.“

Kay hefur reglulega tjáð sig um málefni Íslendinga og gagnrýndi til að mynda framferði hollenskra og breskra stjórnarvalda við Icesave-samningaviðræðurnar. „Ég furðaði mig á því að það væri á ábyrgð íslenskra skattborgara að greiða skuldina.“ Kay segir að með þessu móti myndi áhættusamasti hluti fjármálakerfisins færast yfir í vogunarsjóði eða samlagsfélög þar sem fólk væri að nota sína eigin peninga til fjárfestinga.

Hann telur að horfa ætti á fjármálakerfið með sama hætti og aðrar atvinnugreinar. Ef atvinnugreinin stendur ekki undir sér án ríkisaðstoðar ætti hún ekki að þrífast.

**Bíður eftir næstu kreppu**

Kay segir það hafa verið rétta ákvörðun til skamms tíma að bjarga fjármálakerfinu á árunum 2008 og 2009 en til lengri tíma litið þurfi að gera breytingar. „Það hafa ekki orðið meiriháttar endurbætur á fjármálakerfinu. Það hefur verið einhver niðurskurður í fjárfestingarbönkum. Fjárfestingarbankar hafa skilað hagnaði en þeir eru mjög óstöðugir.“

En ef koma hefði átt í veg fyrir kreppuna hefði þurft að byrja að vinda ofan af stærð og flækjustigi fjármálakerfisins mörgum árum áður.

En hvers vegna hafa hugmyndir hans ekki hlotið brautargengi?

> **Ég tel að við höfum þegar of mikið af reglugerðum. Með reglugerðum ætti frekar að horfa til uppbyggingar kerfisins og hvata fólksins sem starfar í því en að skrifa sífellt ítarlegri reglugerðir um hvernig fólk eigi að hegða sér.**

„Þetta kerfi er mjög flókið og fólk skilur það ekki, er hluti af svarinu. Önnur ástæðan er að innan fjármálakerfisins starfa mjög öflugir þrýstihópar.“

Hann segist vera að bíða eftir næstu kreppu svo hægt verði að afla nægilegs stuðnings við þær hugmyndir sem hann talar fyrir. Ekki fyrr en þá verði hægt að innleiða raunverulegar breytingar í fjármálakerfinu. Hins vegar sé erfitt að segja til um hver verði orsök þeirrar kreppu. Eins og staðan sé nú komi helst til álita að orsökin verði að Evrópusambandið liðist í sundur eða í einhverju nýmarkaðsríki.

**Hvað felst í útgöngu Breta?**

Kay er talsmaður áframhaldandi veru Bretlands í Evrópusambandinu en Bretar munu kjósa um útgöngu eða áframhaldandi veru í Evrópusambandinu þann 23. júní næstkomandi. Þó hafa mjög margir sig utan við umræðuna í heimalandinu vegna þess hve hryllieg umræðan þar sé. „Ég hef ekki hugmynd um hvað það þýðir að yfirgefa Evrópusambandið. Þýðir að semja um svipaða stöðu og Ísland hefur? En Bretland er mun stærra en Ísland og að ná slíkum samningi gæti orðið nokkuð flókið.“

# Versta ársbyrjun banka frá kreppunni 2008

Stærstu fjárfestingarbankar Bandaríkjanna áttu gríðarlega erfiðan fyrsta ársfjórðung og dróst hagnaður þeirra á tímabilinu saman um allt að 60 prósent, tekjur drógust saman um allt að tuttugu prósent. Kay segir eina birtingarmynd þróunar fjármálakerfisins síðustu áratugi hve mikill óstöðugleiki ríki á fjármálamarkaði.

Fyrsta mánuð ársins hrundu hlutabréf í kauphöllum Kína og bárust smitáhrif þess auk lækkandi olíuverðs til Bandaríkjanna. Hlutabréf í helstu fjárfestingarbönkum Bandaríkjanna lækkuðu all verulega á tímabilinu, eða um milli fimmtán og tæplega þrjátíu prósent. Nú sýna tilkynningar að bandarískir bankar áttu verulega þungan fyrsta ársfjórðung.

Hagnaður Citigroup dróst saman um 27 prósent, tekjur drógust saman um ellefu prósent og námu 17,6 milljörðum dollara, jafnvirði 2.200 milljarða íslenskra króna. Tekjur Bank of America drógust einnig saman og námu 2,7 milljörðum dollara, jafnvirði 336 milljarða íslenskra króna, á sama tíma námu heildartekjur Wells Fargo 5,5 milljörðum dollara, 685 milljörðum króna.

Hagnaður JP Morgan Chase & Co dróst saman um 6,7 prósent. Þetta er í fyrsta sinn sem það gerist yfir fimm ársfjórðunga tímabil.

Hagnaður fjárfestingarbankans Goldman Sachs dróst verulega saman á ársfjórðungnum, fjórða ársfjórðunginn í röð. Hagnaður dróst saman um 60 prósent og tekjur fyrirtækisins drógust saman um 40,3 prósent á tímabilinu. Tekjur námu 6,34 milljörðum dollara, jafnvirði 785 milljarða íslenskra króna. Þær hafa ekki verið lægri síðan árið 2011.



Hagnaður Morgan Stanley dróst saman um 54 prósent á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **60%** samdráttur varð á hagnaði Goldman Sachs á síðasta ársfjórðungi.

Eitt mesta höggið var hjá Morgan Stanley. Hagnaður bankans dróst saman um 54 prósent. Tekjur féllu um 21 prósent og námu 7,8 milljörðum dollara, 967 milljörðum króna, á tímabilinu.

Af öllum bandarísku fjárfestingarbönkunum er talið að Morgan Stanley hafi hlotið mesta höggið þar sem hann er ekki með stóra viðskiptabankastarfsemi til að mýkja höggið í fjárfestingarbankastarfsemi.

Greiningaraðilar segja að þetta hafi verið versta byrjun árs síðan í fjármálakreppunni 2007 til 2008 og óttast nú að niðurstaða fyrsta ársfjórðungs bendi til þess að árið allt verði lélegt fyrir fjárfestingarbanka. – sg


# VIÐ PRENTUM




Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

PAUL COPLEY



## Í brúna hjá Kaupþingi

Paul Copley tók við starfi framkvæmdastjóra Kaupþings þann 1. apríl síðastliðinn. Hann situr einnig í stjórn félagsins. Paul hafði áður starfað hjá PriceWaterhouseCoopers í tuttugu ár þar sem hann vann við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Hann starfaði einnig hjá fjárfestingarbankanum Lehman Brothers í sex ár og hefur setið í nefndum gamla Landsbankans fyrir hönd kröfuhafa. – sg

HELGI JÓHANNESSON



## Helgi nýr formaður Samorku

Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, var á föstudaginn kjörinn nýr formaður Samorku á aðalfundi samtakanna. Hann tekur við af Bjarna Bjarnasyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Þrír nýir stjórnarmenn taka einnig sæti; Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna, og Jóhanna B. Hansen, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar.



Sigrún Brynja hefur starfað á nefndasviði Alþingis frá árinu 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stefnir að því að hlaupa fjögur hálfmaraþon á árinu 2016

Sigrún Brynja Einarsdóttir tekur við sem skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þann 1. júní. Utan vinnunnar hleypur hún langhlaup og les mikið. Karl Ove Knausgard heillaði hana nýlega.

## SVIPMYND

**SIGRÚN BRYNJA EINARSDÓTTIR**

„Þetta er töluverð breyting fyrir mig frá fyrra starfi. Þar hef ég haft yfirsýn yfir marga málaflokka, eiginlega allt sem viðkemur íslenskri löggjöf. Þetta er allt atvinnulífið sem er hér undir. Það sem ber hæst um þessar mundir eru ferðamálin og nýsköpun. En svo eru hefðbundnari svið eins og lög um hlutafélög og ársreikninga og því um líkt," segir Sigrún Brynja Einarsdóttir. Hún hefur verið skipuð í embætti skrifstofustjóra á skrifstofu viðskipta, nýsköpunar og ferðaþjónustu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og mun taka við starfinu þann 1. júní næstkomandi.

Undanfarin átta ár hefur Sigrún Brynja verið forstöðumaður nefndasviðs Alþingis. „Mér líst mjög vel á þetta. Þetta er mikil áskorun og spennandi og margt nýtt til að setja sig inn í," segir hún.

Sigrún Brynja er lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Auk þess hefur hún diplóma í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun og hefur hlotið alþjóðlega IMPA D-vottun í verkefnastjórnun. Sigrún Brynja starfaði í þrjú ár við hugverkaréttindi hjá Faktor einkaleyfisskrifstofu. Hún hefur síðan starfað á nefndasviði frá ársbyrjun 2000, og hefur verið forstöðumaður frá mars 2008.

Sigrún Brynja á tvö börn. Utan vinnunnar eru helstu áhugamálin hlaup og lestur. „Ég er búin að vera að hlaupa í tíu ár, markvisst frá því að dóttir mín fæddist. Ég hljóp maraþon í fyrra og hef keppt í minni hlaupum líka. Ég er með ársmarkmið að hlaupa fjögur hálfmaraþon á árinu. „Það fyrsta verður í vormaraþoni nú um næstu helgi, svo verður Reykjavíkurmaraþonið það þriðja," segir hún.

> **Síðasti rithöfundur sem ég las sem heillaði mig algjörlega var norski rithöfundurinn Karl Ove Knausgard. Hann skrifaði ævisögu í sex bókum, þetta eru fleiri þúsund blaðsíður, og merkilegt þar sem hann er einungis 47 ára.**
>
> Sigrún Brynja Einarsdóttir

Sigrún Brynja segist alltaf hafa verið mikill lestrarhestur. „Ég les ýmislegt en það breytist aðeins eftir því að maður eldist, þá fer maður að lesa meiri sögulegar bækur og um almennan fróðleik. Ég las meira almennar bókmenntir á yngri árum," segir Sigrún Brynja.

„Síðasti rithöfundur sem ég las sem heillaði mig algjörlega var norski rithöfundurinn Karl Ove Knausgard. Hann hefur verið tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, hann skrifaði ævisögu í sex bókum, þetta eru fleiri þúsund blaðsíður, og merkilegt þar sem hann er einungis 47 ára," segir hún.

Það má því segja að Sigrún Brynja sé svolítið í úthaldinu, bæði þegar kemur að hlaupum og lestri þúsunda blaðsíðna bóka. „Lesáhuginn er ættgengur, foreldrar mínir eru báðir miklir lestrarhestar og pabbi er íslenskufræðingur," segir Sigrún Brynja. saeunn@frettabladid.is


**Frábært tækifæri**

**Til leigu 1-2 rými á besta stað, á móti ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi, í hjarta vesturlands á mjög vaxandi ferðamannasvæði.**

Hentar fyrir t.d.
Útivistarverslun
Veitingasölu
Sport-hestavörur
Kaffihús
Blóma-gjafavöru
verslun o.fl.

Allarar nánari upplýsingar
í síma 430-5502 / Guðsteinn
eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.




## Verð á eðalmálmum hefur rokið upp

Verð á silfri rauk upp í gær og var það hæsta sem mælst hefur í tíu mánuði. Mest hækkaði silfur um fimm prósent og seldist únsa af silfri á um 17 dollara í gær, jafnvirði 2.100 íslenskra króna.

Uppsveiflan í silfri er sambærileg við uppsveifluna í gulli í marsmánuði. Í byrjun apríl hafði gull hækkað um 13 prósent á árinu en silfur hafði einungis hækkað um átta prósent. Á undanförnum vikum hafa vinsældir silfurs færst í aukana og munar nú minna á verði á málmunum tveimur.

Í þrjátíu ár hefur gull ekki hækkað meira en það gerði á fyrsta ársfjórðungi 2016. Talið er að fjárfestar hafi leitað í öryggi gullsins í ljósi sveiflukenndra hlutabréfamarkaða og veikara gengi dollara. Nú virðast fjárfestar þó vera að beina sjónum sínum að silfri. – sg



Verð á únsu af silfri náði upp í sautján dollara í gær og hefur ekki verið hærra í tíu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28.—30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun

Styrktaraðilar viðburðar

Icelandair
Arion banki
Center Hotels
Lexus



Lífeyrismál

Bolli Héðinsson
hagfræðingur

# Samtakamáttur lífeyrissjóðanna

Þora lífeyrissjóðirnir að beita samtakamætti sínum? Sem meirihlutaeigendur í flestum stærri fyrirtækjum landsins gefst lífeyrissjóðum færi á að nýta þann mátt til framfara sem eignarhaldið færir þeim. Eins og til lífeyrissjóðanna er stofnað, sem sjóða til að tryggja launafólki lífeyri, þá hafa þeir skyldum að gegna þ. á m. að koma böndum á ofurlaun og kaupauka þeirra hálaunamanna sem þeir ráða til starfa í fyrirtækjum í eigu sjóðanna. Eins og málum háttar nú eru stjórnir fyrirtækjanna oftar en ekki leiksoppar heimaríkra stjórnenda sem ná sínu fram vegna samráðsleysis eigendanna, lífeyrissjóðanna.

Launafólk býr við þær aðstæður að Samtök atvinnulífsins semja um kaup og kjör við launamenn. Þegar kemur að stjórnendum og möguleikum til að koma böndum á ofurlaun stjórnenda í fyrirtækjum sem eru í eigu lífeyrissjóða íslensks launafólks þá skortir aftur á móti allt samráð. Með „kjararáði“ væri verið að beita sömu aðferðum gagnvart stjórnendum og beitt er nú gagnvart venjulegu launafólki.

„Kjararáð lífeyrissjóðanna“ gæti verið sjálfstæð nefnd sem lífeyrissjóðirnir stofnuðu til og starfaði með svipuðum hætti og hin opinbera kjaranefnd ríkisins starfar nú, sem ákvarðar kaup og kjör æðstu embættismanna ríkisins. Kjararáðið yrði einfaldlega tæki sem lífeyrissjóðunum byðist til að auðvelda samræmda launaákvörðun stjórnenda í fyrirtækjum í þeirra eigu.

Eftir að bankar í eigu ríkisins voru hlutafélagavæddir um síðustu aldamót þá hófst strax sjálftaka stjórnenda þeirra. Þeir sem höfðu uppi mótbárur lyppuðust hins vegar fljótlega niður þegar stjórnendurnir sögðu „þetta tíðkast víða erlendis“! Þar með hófst sú veisla á kostnað þjóðarinnar, sem lauk svo eftirminnilega á haustdögum 2008.

Fulltrúar vinnuveitenda í stjórnum sjóðanna hljóta að taka þessari hugmynd opnum örmum því þeir eru tilnefndir af samtökum sem bjóða launþegum einungis samræmdar launahækkanir. Þeir hljóta að taka því fagnandi að fá með kjararáðinu tæki upp í hendurnar til að láta sama ganga yfir stjórnendur og nú gildir um launþega. Sjálfsagt er að kjararáðið bjóði öðrum að færa sér í nyt þjónustu þess. Einboðið væri að Bankasýsla ríkisins notfærði sér þjónustu kjararáðsins sem leið til að brjótast út úr þeim vítahring launahækkana stjórnenda sem fyrirtæki lífeyrissjóðanna, Bankasýslunnar og fleiri eru föst í. Spurningin er munu eigendurnir (lífeyrissjóðirnir) þora að taka slaginn við ráðríka stjórnendur í þeim fyrirtækjum sem þeir eiga nú þegar og eiga eftir að eignast síðar?

# Alþjóðlega tölvuleikjaráðstefnan í Berlín



Alþjóðlega tölvuleikjaráðstefnan í Berlín fer fram þessa dagana og stendur til 24. apríl. Þar var Daníel, frá leikjafyrirtækinu Sparrowgames, að prófa leikinn Runes, the forgotten Path. Á leikjaráðstefnunni munu leikjahönnuðir skiptast á hugmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sumarblús á evrusvæðinu – einu sinni enn?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Nýlega hafa ríkisstjórnir bæði Ítalíu og Spánar komið fram og sagt að þær verði að endurskoða spár sínar um fjárlagahalla til hins verra. Á svipaðan hátt hafa komið fram endurnýjaðar áhyggjur af fjárlögum í Portúgal og Grikklandi. Þannig lýsti Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, miklum efasemdum í síðustu viku um getu Grikkja til að ná efnahagslegum markmiðum sínum.

Fram að þessu hafa markaðirnir brugðist frekar rólega við vaxandi áhyggjum af efnahagsástandinu í Suður-Evrópu, en við höfum samt sem áður séð ávöxtun ítalskra, spænskra og portúgalskra ríkisskuldabréfa aukast, samanborið við ávöxtun þýskra bréfa undanfarið, í kjölfarið á þessum áhyggjum. Og það vekur auðvitað þá spurningu hvort við verðum aftur vitni að öðrum fjármálaóróa á evrusvæðinu fljótlega.

Síðasta sumar var stjórnmála- og fjármálakreppan í Grikklandi auðvitað miðpunktur athyglinnar hjá evrópsku mörkuðunum og við ættum alls ekki að útiloka að við fáum annað sumar þar sem áhyggjur af evrusvæðinu ráða ferðinni. Reyndar, ef við verðum óheppin, gætum við fengið vorkreppu frekar en sumarblús.

**Það er fyrst og fremst hagvaxtarkreppa**

Okkur hættir til að líta á evrusvæðiskreppuna sem „skuldakreppu“, en það er mjög mikilvægt að gleyma því ekki að hér er fyrst og fremst um hagvaxtarkreppu að ræða. Þess vegna er ástæða þess að Suður-Evrópa á í efnahagslegu basli sú að hagvöxtur hefur engan veginn náð sér á strik eftir kreppuna enn sem komið er. Í öllum suðurevrópsku löndunum er bæði nafnvirði og raunvirði vergrar landsframleiðslu langt undir því sem var fyrir kreppuna.

Rökrétt afleiðing af þessu er að hlutfall skulda af vergri landsframleiðslu hefur rokið upp. Að vissu leyti má segja að þetta snúist jafnmikið um nefnarann eins og um teljarann í hlutfallinu á milli skulda og vergrar landsframleiðslu. Þetta þýðir líka að í hvert skipti sem það kemur afturkippur í nafnvirði vergrar landsframleiðslu koma efnahagsvandræðin aftur upp, og það er einmitt það sem við sjáum núna.

Kjarninn á bak við endurtekinn minnkandi hagvöxt í Suður-Evrópu er sú staðreynd að við höfum orðið vitni að niðursveiflu um allan heim í kjölfar hertrar peningamálastefnu í Bandaríkjunum, en einnig vegna þess að Seðlabanki Evrópu hefur leyft verðbólguvæntingum enn einu sinni að fara langt undir 2% – og með engri verðbólgu dregur einnig eðli málsins samkvæmt úr nafnvirði vergrar landsframleiðslu.

Ef Seðlabanki Evrópu viðurkennir ekki þessar hættur og bregst við á viðeigandi hátt er ekki ólíklegt að við sjáum endurtekna efnahagslega ringulreið á evrusvæðinu og að því leyti er sérstaklega kvíðvænlegt að nú virðist Seðlabanki Evrópu vera undir auknum þrýstingi, sérstaklega frá þýskum valdhöfum, um að slaka á peningamálastefnunni þrátt fyrir þá staðreynd að bankinn hefur ítrekað farið undir 2% verðbólgumarkmið sín.

Og þetta gæti versnað. Með engum hagvexti á evrusvæðinu fylgir nú uppgangur öfga- og lýðskrumsflokka víða í Evrópu. Þetta getur auðvitað í sjálfu sér valdið fjárhagslegum háska, og það sem skiptir jafnvel enn meira máli er að Seðlabanki Evrópu gæti fundið fyrir þrýstingi vegna, til dæmis, uppgangs hins popúlíska Alternative für Deutschland (AfD) til að sleppa því að koma fram með nauðsynlega slökun á peningamálastefnunni, til að forðast að Evrópa falli aftur niður í samdrátt og dýpkandi verðhjöðnun og þar með endurnýjaðan efnahagsvanda.

Við skulum vona að við losnum við hörmulegan kokkteil öfgastjórnmála og kreppu af völdum verðhjöðnunar. En þar sem Seðlabanki Evrópu virðist vera lamaður er erfitt að vera bjartsýnn.

# Tárin á bak við brosið, mátturinn í núinu



Hin hliðin

Rúna Magnúsdóttir

Ég ætla bara að játa það hér og nú, ég er forfallinn junki. Ég er forfallinn, fljótfær og hugmyndaríkur frumkvöðull – slass – athafnakona með þráhyggju.

Alveg frá því í æsku hef ég haft þessa undarlegu þrá að standa og falla með því sem ég geri. Þrá til að taka ábyrgð á mínum athöfnum, viðhorfum og oft á tíðum eigin fordómum. Þrá til að vera virt og viðurkennd kona í vestrænu samfélagi. Viljað taka þátt í leiðum sem geta bætt heiminn á einhvern máta.

Í gegnum tíðina hef ég meðvitað neitað að hlusta á efasemdaraddir í kringum mig, hundsað athugasemdir fólks sem hefur einfaldlega viljað gefa mér góð ráð. Hvað þá að ég hafi leyft mér að hlusta á efasemda niðurbrjótandi röddina inni í mér, ó nei.

Þar sem mitt starf hefur snúist um að hjálpa fólki við að finna sinn X-factor og ná sínum draumum hef ég talið mér trú um að ég þurfi að djöflast áfram. Líkt og aðrir frumkvöðlar hef ég gengið í öll þau hugsanlegu störf sem þarf að framkvæma til að láta fyrirtækið mitt ganga. Búið til fyrirlestra, prógrömm, markaðsgögn, markaðssett, selt, skrifað út reikninga og rukkað. Já, ég hef bara bitið á jaxlinn, brosað í gegnum tárin og þrammað áfram veginn, eins og jarðýta.

Ég er jú forfallinn, fljótfær, hugmyndaríkur frumkvöðull sem þráir að eiga þátt í að breyta heiminum, ekki satt?

Þegar samferðafólkið spyr mig á förnum vegi þessara klassísku íslensku spurningar: „Hvernig gengur? Brjálað að gera?“ þá svara ég oftast með einhverjum brandara, bæti við brosi og einhverjum jákvæðum, uppbyggilegum orðum. Á sama tíma langar röddinni innra með mér í raun að öskra og leyfa tárunum að streyma fram vegna áratuga rússíbanareiðar.

En nú finnst mér vera komið nóg.

Í dag er síðasti vetrardagur. Um leið og ég kveð þennan vetur ætla ég að kveðja mínar eigin klisjur og henda þessari uppsettu fullkomnu mynd af því hvað það er að vera frumkvöðull beint í ruslið. Ég ætla að taka á móti sumrinu með því að gefa mér leyfi til að taka niður varnirnar, vera mennsk, leyfa mér að sýna óhindraða væntumþykju og virðingu til annarra og treysta því að í núinu gerast kraftaverkin.

Viltu vera memm?


– STÓRTÓNLEIKAR –
Bryan Ferry
16.05.16
– LEIKUR ÖLL SÍN BESTU LÖG FRÁ EIGIN FERLI OG ROXY MUSIC –
Harpa, Eldborg
HARPA.IS
BRYANFERRY.COM
TIX.IS
GAMMA | KEXLAND

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. apríl 2016

**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.906,29+20,09
▲(1,07%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## 188

**MILLJÓNA KRÓNA HAGNAÐUR**

var hjá fjármálafyrirtækinu Arctica Finance á síðasta ári. Hagnaður fyrirtækisins jókst um 15 milljónir króna milli ára. Alls námu rekstrartekjur 690 milljónum króna árið 2015 miðað við 677 milljónir árið 2014.

## 42

**MILLJARÐA KRÓNA SKULDABRÉF**

gaf Arion banki út. Í heild bárust tilboð frá yfir 70 fjárfestum fyrir rúmlega 500 milljónir evra. Skuldabréfin eru til þriggja ára og bera fasta 2,5% vexti og voru seld á kjörum sem jafngilda 2,70% álagi á millibankavexti. Þetta er önnur útgáfa Arion banka í evrum sem seld er til breiðs hóps fjárfesta. Í tilkynningu kemur fram að það voru Barclays, JP Morgan og Nomura sem sáu um útgáfuna.

**18.04.2016**



**Í þessu umróti óvissu og mótmæla og í kjölfar nýliðinna atburða hefur fjöldi fólks víða að úr þjóðfélaginu á undanförnum vikum höfðað til skyldu minnar, reynslu og ábyrgðar og beðið mig að endurskoða ákvörðunina sem ég tilkynnti í nýársávarpinu, hvatt til þess að ég gefi á ný kost á mér til embættis forseta Íslands, standi áfram vaktina með fólkinu í landinu.**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Að vera eða fara

**Um** fátt er nú meira rætt og ritað í Bretlandi en mögulega útgöngu Breta úr Evrópusambandinu – svokallaðan Brexit.

**George** Osborne fjármálaráðherra ásamt Cameron forsætisráðherra og Jeremy Corbyn, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, eru fyrirferðarmestu stuðningsmenn áframhaldandi veru í ESB. Í útgönguhópnum eru svo aðsópsmiklir menn úr Íhaldsflokknum, þeirra eftirtektarverðastir Boris Johnson, borgarstjóri Lundúna, og dómsmálaráðherrann Michael Gove.

**Fjármálaráðherrann** Osborne hefur nú lagt orð í belg í formi 200 blaðsíðna skýrslu sem útbúin var í ráðuneyti hans. Niðurstöðurnar eru afgerandi. Bretar verða af um 36 milljörðum punda við útgöngu samkvæmt sérfræðingum ráðuneytisins eða sem samsvarar átta prósenta flatri tekjuskattshækkun á ári hverju. Ekki nóg með það, heldur er áætlað að eftir 15 ár verði breska hagkerfið 6,2% minna en ef ekki verður ákveðið að ganga úr sambandinu.

**Þess** utan áætla sérfræðingar Osbornes að útgöngu fylgi snörp veiking sterlingspundsins, minni erlend fjárfesting, verðbólga og vaxtahækkanir.

**Andstæðingar** Osbornes og Camerons saka þá félaga um að ala á ótta fólks – þótt flestir taki nú undir hina hagfræðilegu greiningu að minnsta kosti að hluta. Gove er í sóknarhug og segir að Bretar verði snöggir til að gera viðskiptasamninga við lönd utan ESB og jafnvel í fyllingu tímans við sjálft ESB.

**Forkólfar** viðskiptalífsins styðja áframhaldandi veru í ESB nánast sem einn maður. Fólkið í landinu er þó ekki jafn visst í sinni sök, og finnst of mikið löggjafarvald hafa runnið til Brussel. Kannanir benda til að fylkingarnar séu hnífjafnar.

**Eins** og svo oft áður virðist þetta spurning um hvort hjartað eða höfuðið fær að ráða. Stjórnarmaðurinn leyfir sér að spá sigri aðildarsinna.

**Fólk** á það nefnilega til að láta höfuðið ráða þegar til kastanna kemur, eða kjósa með fasteignaláninu eins og kalla mætti það.


ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...





netto
SUMARGJAFIR
Backpack Water Cannon
VATNSBYSSA
298 KR.
VATNSBYSSA M/ BAKTÖSKU
1.498 KR.
VATNSBYSSA
1.498 KR.
VATNSBYSSA
1.298 KR.
playmobil
SPORTS & ACTION
FRISBÍDISKUR
298 KR.
PLAYMO FOTBOLTASPIL
9.998 KR.
FROZEN TASKA
1.998 KR.
PLAYMO FOTBOLTAKALL
998 KR.
TABLETOP FOOTBALL
FOR ALL THE FAMILY
FLUGDREKI
298 KR.
DART BOARD
PÍLUR OG SPJALD
898 KR.
FÓTBOLTASPIL
4.998 KR.
BUG LIFE
SKORDÝRA STÆKKUNARGLER
298 KR.
FATA OG SKÓFLA
698 KR.
VATNSBLÖÐRUR
898 KR.
www.netto.is | Tilboðin gilda 19. –21. apríl 2016
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Þökkum samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

**Bjargar Ívarsdóttur**
sjúkraliða,
Stekkjarbergi 6, Hafnarfirði.

**Sigrún Valgarðsdóttir** — **Maggi G. Ingólfsson**
**Arnaldur Valgarðsson** — **Arndís Jónsdóttir**
**Ívar Valgarðsson** — **Ragnheiður G. Hrafnkelsdóttir**
**Valgarður Valgarðsson** — **Hildur Harðardóttir**
**Kristján F. Valgarðsson** — **Sigríður E. Snorradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ríkarður Pálsson**
tannlæknir,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju, miðvikudaginn 27. apríl kl. 13.00.

**Selma Hannesdóttir**
**Hannes Ríkarðsson** — **Hella Willig**
**Smári Ríkarðsson** — **Hrafnhildur Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Edith Valborg Þorsteinsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 14. apríl síðastliðinn.
Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. apríl kl. 10.30.

**Stefán Karl Jónsson** — **Filippía Jónsdóttir**
**Anna Mary Jónsdóttir** — **Jón R. Trampe**
**Þorsteinn Jónsson**
**Sólveig Björk Jónsdóttir** — **Stefán Björnsson**
**Þórey Helga Albertsdóttir** — **Páll Friðjónsson**
**Jón Albertsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bryndís Jónsdóttir**
fv. deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
Selbraut 17, 170 Seltjarnarnesi,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 14. apríl.
Jarðarförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 22. apríl kl. 11.00.

**Geir Óttar Geirsson** — **Margrét Harðardóttir**
**Jón Ólafur Geirsson**
**Hildur Elín Geirsdóttir**
**Gylfi Már Geirsson**
**Bryndís Soffía Jónsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, fóstra, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Guðný Kristjánsdóttir**
Boðahlein 3, Garðabæ,

sem lést miðvikudaginn 30. mars, verður jarðsungin frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 22. apríl kl. 13.00. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rögnvaldur Karl Hjörleifsson** — **Erla Ingvarsdóttir**
**Guðmundur Hjörleifsson**
**Guðbjörg K. Hjörleifsdóttir** — **Páll Bragason**
**Álfhildur Erna Hjörleifsdóttir**
**Sverrir Hjörleifsson** — **Svanhildur Guðlaugsdóttir**
**Kristján Haukdal Þorgeirsson**
**Jón Haukdal Kristjánsson**



**„Það þarf bara góðar myndavélar,“ segir Svanhildur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þetta var brjáluð vinna

## Svanhildur Egilsdóttir gekk í Ljósmyndarafélag Íslands á 90. aðalfundi þess. Hún er nýútskrifuð í líffræðiljósmyndun og nýtir þá þekkingu í starfi sínu hjá Hafrannsóknastofnun.

**Sem líffræðingur** hef ég unnið hjá Hafrannsóknastofnun í 23 ár, meðal annars við botnþörungarannsóknir. Þar var fleygt myndavél í fangið á mér en ég kunni lítið með hana að fara. Mig langaði hins vegar alltaf að fara í mastersnám og datt í hug að sérhæfa mig í líffræðiljósmyndun. Ég fann einn skóla sem bauð upp á slíkan kúrs, það var Nottingham-háskóli.“ Þannig útskýrir Svanhildur Egilsdóttir líffræðingur hvernig það kom til að hún bætti ljósmyndun í menntun sína.

Svanhildur segir einungis góðar myndavélar duga í líffræðiljósmyndun og að í skólanum hafi hún fengið þjálfun í notkun smásjármyndavéla, víðsjár og rafeindasmásjár. Námið var býsna strangt, að hennar sögn. „Þetta var brjáluð vinna.“ „Ég þurfti að gefa út bæði bók og tímarit og svo var ég í þriggja manna hópi sem gerði saman stuttmynd, fyrir utan auðvitað að læra undirstöðuatriði ljósmyndunar og notkun helstu myndvinnsluforrita. Sem líffræðiljósmyndari þarf maður líka að kunna skil á kvörðum og ýmsum greiningaratriðum í hverri myndatöku fyrir sig.“

Svanhildur er á fimmtugsaldri, hún á eiginmann og fjögur börn og tók manninn og yngsta barnið, fjórtán ára strák, með til Englands. „Við vorum úti í eitt ár og það var lærdómsríkur og skemmtilegur tími. Maðurinn minn gat tekið vinnuna með sér og ég var svo heppin að fá leyfi úr mínu starfi til að fara í þetta nám.“ Svanhildur kveðst nýta hina nýju kunnáttu í vinnunni. „Ég fór til dæmis nýlega í leiðangur þar sem ég var eingöngu að taka myndir af skeljum og kuðungum. Þær eru sendar út til greiningar. Sú aðferð verður ábyggilega notuð sífellt meira í stað þess að hafa sérfræðinga með um borð. Krafan eykst um að stofnanir eins og Hafrannsóknastofnun sýni frá leiðöngrum sínum á myndböndum jafnóðum. Mitt nám fólst, að hluta til, í því að gera fólk hæfara til að miðla slíkum upplýsingum á glöggan hátt.“ **gun@frettabladid.is**



**Djúpsjávar ígulker, Gracelichinus alexandri, sem veiddist við Reykjaneshrygg í haustleiðangri á Árna Friðrikssyni 2015.** MYND/SVANHILDUR EGILSDÓTTIR

> **Ég fór til dæmis nýlega í leiðangur þar sem ég var eingöngu að taka myndir af skeljum og kuðungum. Þær eru sendar út til greiningar. Sú aðferð verður ábyggilega notuð sífellt meira í stað þess að hafa sérfræðinga með um borð.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Steinunn Kristjana Kristinsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Austurgerði 2, Kópavogi,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 15. apríl 2016. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 22. apríl kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun og hlýju.

**Hrafnkell Guðmundsson**
**Arnar Már Hrafnkelsson** — **Þröstur Hrafnkelsson**
**Sólveig Kjartansdóttir** — **Silja Valdemarsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Helgu Marínar Sigurjónsdóttur**

sem lést að heimili sínu, Þórðarsveig 1, að morgni 8. apríl síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram.

**Stefán Agnar Magnússon** — **Hjördís Pedersen**
**Marín Björk Magnúsdóttir**
**Sigurjón Hjörtur Magnússon** — **Sigurlaug Eyjólfsdóttir**
**Magnús H. D. Magnússon** — **Sólveig Anna Halldórsdóttir**
**Sigurlín Guðrún Magnúsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

Ég er með ofnæmi fyrir því að vera þar sem er of mikið af fólki. Ég verð bara lasinn.

Dagur, 9 ára

**Blár er alþjóðlegur litur einhverfu.** Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.

Blár apríl er árlegt vitundarátak Styrktarfélags barna með einhverfu. Leggjum átakinu lið og beinum sjónum okkar að málefnum barna með einhverfu – því lífið er blátt á mismunandi hátt.

#blaraprill

902 1010

BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu




Verð gilda til og með **24. apríl** eða meðan birgðir endast



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KÆRU LANDSMENN
TAKK FYRIR VETURINN
OPIÐ Á MORGUN SUMARDAGINN FYRSTA Í
ÖLLUM VERSLUNUM BÓNUS FRÁ 11:00-18:30
SPARAÐU MEÐ BÓNUS
259 kr. stk.
Euro Plastbolti
6 cm
298 kr. pk.
Krítar
Stórar, 20 stk.
69 kr. stk.
Sápukúlur
60 ml
298 kr. stk.
Grillbursti
Þríhyrndur
598 kr. stk.
Euro Plastbolti
23 cm
579 kr. stk.
Brennibolti
Blár eða rauður
198 kr. stk.
Sápukúlusverð
Margir litir
198 kr. 4 stk.
Heima Grillbakkar
4 stk.
98 kr. 20 g
Candyfloss
20 g
0,5L
98 kr. 0,5 l
Egils Límonaði
0,5 l
98 kr. 40 g
Pringles Snakk
40 g, 3 teg.
98 kr. 100 g
Euro Shopper Súkkulaði
100 g, 5 teg.
98 kr. 145 g
Maryland Kex
145 g, 4 tegundir
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðvestan og vestan 8-15 m/s í dag, hvassast sunnan til á landinu. Skúrir eða él, en úrkomulítið austan til fram yfir hádegi. Norðvestan 8-13 í kvöld og úrkomuminna. Hiti 0 til 8 stig að deginum, hlýjast sunnanlands.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 1° | 0° |
| →5 | →11 | →7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 4° | -3° |
| ↘7 | ↘8 | →4 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 1° | 1° |
| →2 | →8 | →8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 5° | -1° |
| →11 | ↘9 | ↘8 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. rúm
6. einnig
8. efni
9. kjafi
11. tveir eins
12. næðuð
14. urga
16. stefna
17. gifti
18. fát
20. átt
21. skjótur

**LÓÐRÉTT**
1. tónlistarstíll
3. pot
4. eldsneyti
5. for
7. skínandi
10. hljóma
13. ískur
15. harla
16. upphrópun
19. eyðileggja

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. koja, 6. og, 8. tau, 9. kló, 11. rr, 12. kæmuð, 14. sarga, 16. út, 17. gaf, 18. fum, 20. sa, 21. frár. **LÓÐRÉTT:** 1. rokk, 3. ot, 4. jarðgas, 5. aur, 7. glæstur, 10. óma, 13. urg, 15. afar, 16. úff, 19. má.

### Skák Gunnar Björnsson

Alexander Shabalov (2.528) bjargaði jafntefli í höfn á ævintýranlegan hátt gegn Aleksandr Lenderman (2.618) á meistaramóti Bandaríkjanna.

**44...Hc3!! 45. Be6+ Kg7 46. Dxf4** (46. Ba2 Hxg3! 47. Dxg3 Dd4 og hvítur kemst ekkert áleiðis) **46...Hxa3+! 47. bxa3 Dxa3 48. Ba2 Dc3+ 49. Hb2 e1D+ 50. Bxe1 Dxe1+.** Hvítur kemst ekki undan þráskák.

**www.skak.is:** Norway Chess-mótið.

**Svartur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 8 | 9 | |
| 7 | | 9 | 2 | | | | 4 | 6 |
| | 1 | 3 | | 8 | | | 2 | |
| | | 4 | 5 | | | 6 | 8 | 9 |
| | 7 | 1 | | | | | 5 | |
| | | 6 | | 2 | 8 | | | 1 |
| 3 | | 5 | | 4 | | | | 2 |
| 9 | | | | 6 | | | | 8 |
| | 4 | | 9 | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | | 4 | 2 | | |
| | 6 | 9 | | | | | | |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| | | | | 4 | | 9 | | 6 |
| | | 4 | 2 | 6 | | 7 | 8 | |
| | | | 7 | 5 | 8 | | | |
| 9 | | | 1 | 3 | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | 8 | 6 | | 7 | 3 |
| 3 | 5 | | | 7 | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 5 | | | 6 | |
| 9 | 7 | | | 8 | | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 7 | | |
| | | | | 7 | | | 9 | 3 |
| 3 | | 1 | | | | | | 5 |
| 5 | | | | 6 | | 1 | | |
| 1 | | | 3 | | | | | 7 |
| | 3 | 9 | | 4 | | | | |
| | 4 | | | | 6 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 |
| 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 2 | 9 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 7 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 9 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 1 | 7 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 6 | 9 | 1 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 8 | 6 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 2 | 4 | 1 | 5 | 8 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 3 | 8 | 9 | 7 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 | 2 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÍÞRÓTTAHETJUR
20%*
AFSLÁTTUR
AF ÍÞRÓTTAFÖTUM
OG ÍÞRÓTTASKÓM
FYRIR BÖRN
ÁRNASYNIR
*Í dag og á morgun, sumardaginn fyrsta.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING




www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Hvaleyrarbraut 3.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 5.maí 2015, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Hvaleyrarbraut 3 í samræmi við 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður og færður til á lóð og að leyfðar verði 6 íbúðir í núverandi byggingu. Hámarks nýtingarhlutfall miðað við fullnýttan byggingarreit verði N=0,58.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 20. apríl til 1. júní 2016. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 1. júní 2016. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

***Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.***
***Skipulagsfulltrúi.***






Kristín Þóra Haraldsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Elma Stefanía Ágústsdóttir í hlutverkum sínum í Auglýsingu ársins.

# Á milli stofu og kúnna, manns og guðs, þjóðar og leiðtoga

**LEIKHÚS**

**Auglýsing ársins**
★★★★☆

**Nýja svið Borgarleikhússins**

**Höfundur:** Tyrfingur Tyrfingsson
**Leikstjóri:** Bergur Þór Ingólfsson
**Leikarar:** Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Elma Stefanía Ágústsdóttir, Theodór Júlíusson, Hjörtur Jóhann Jónsson, Björn Thors
**Leikmynd og búningar:** Eva Signý Berger
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Myndband:** Roland Hamilton
**Tónlist og hljóðmynd:** Garðar Borgþórsson
**Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir og Elín S. Gísladóttir
**Sýningarstjórn:** Christopher Astridge

Auglýsing ársins er nýtt leikrit eftir Tyrfing Tyrfingsson sem var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðið laugardagskvöld. Tyrfingur hefur þegar vakið athygli með fyrri verkum sem efnilegt leikskáld og með Auglýsingu ársins tekst honum á eftirtektarverðan hátt að fylgja þeirri velgengni eftir. Leikritun er erfitt form að takast á við en Tyrfingur tekst á við það af þekkingu og færni, með lipran stíl og skemmtilega rætinn húmor að leiðarljósi.

Í Auglýsingu ársins leynir sér ekki að Tyrfingur sækir margt í smiðju absúrdleikhússins. Hugmyndir, skoðanir, tilfinningalíf og táknmyndir holdgervast í persónum og umgerð óháð öllum veruleika eða raunheimi. Verkið hverfist um sex persónur (jafn margar og þær sem Pirandello sendi út í leit að höfundi) en fimm þeirra tilheyra veröld smart en útbrunninnar auglýsingastofu en sú sjötta er hinn utanaðkomandi Kúnni. Persónan sem óneitanlega tilvera allra auglýsingastofa byggir á og hverfist um með einum eða öðrum hætti.

Tyrfingur tekur þessa sköpunarmynd alla leið með innkomu og veru Babelsturnsins á vegum Kúnnans sem sundrar auglýsingafólkinu, tungumáli þeirra og táknheimi. Skapandi og sniðuga auglýsingafólkinu sem lifir í stöðugri togstreitu á milli listrænnar sköpunar og óhaminnar markaðshyggju þar sem kúnninn er allt og testamentið svohljóðandi: „Það er ekkert budget.“ Þar lifir draumurinn um listrænt frelsi og skapandi reikningsgerð.

Auglýsing ársins er virkilega gott og vel skrifað leikrit en það er þó ekki gallalaust. Vandinn er að á köflum ætlar Tyrfingur sér helst til mikið og verkið verður nokkuð hlaðið. Persónuleg átök og togstreita persóna varðandi kynferði, kynhegðun, neyslu, sjálfsupphafningu og fleiri eigindir eiga það til að verða fyrirferðarmikil á kostnað undirstöðunnar. Hinnar einföldu en snjöllu hugmyndar um samband auglýsingafólks og kúnna. Manns og guðs, þjóðar og leiðtoga. Áhugavert og spennandi stef í íslenskum veruleika í samtíð, fortíð og framtíð. Í þessu samhengi er einmitt gott að hafa í huga að öll sterkustu og bestu verk absúrdleikhússins eru einmitt einföld í grunninn og dregin áfram af skýrt mótuðum persónum.

Auglýsing ársins er gott en helst til flókið verk og fyrir vikið verður það erfitt og flókið í framkvæmd. Það er ekki heiglum hent að leikstýra þessu verki og því tók Borgarleikhúsið góða ákvörðun með því að koma því í hendur Bergs Þórs Ingólfssonar, eins besta leikstjóra sem íslenskt leikhús á um þessar mundir. Bergur Þór gerir líka vel og nær að skapa úr flóknu verki heildstæða og skemmtilega sýningu og hann virðist hafa þann eiginleika að láta leikarana ávallt njóta þess sem þeir eru að gera. Að miðla af ástríðu og tilfinningu því sem tekist er á við hverju sinni.

Frammistaða leikaranna er góð í samræmi við sterka leikstjórn. Theodór Júlíusson er skemmtilega aumkunarverður í hlutverki Eigandans eða eins og dóttir hans segir svo skemmtilega: „Það er ekki komið eins illa fram við neina og karlmenn yfir fimmtugt í auglýsingabransanum.“ Dóttirin er leikin af Elmu Stefaníu Ágústsdóttur sem gerir það vel en líður reyndar fyrir að vera helst til kvenleg fyrir hlutverk þessarar tvíkynja eða hvorugkyns veru. Að sama skapi má segja að Hjörtur Jóhann Jónsson sé helst til ungur fyrir hlutverk Kúnnans til þess að samræmast hugmyndum okkar um alföðurinn. En Hjörtur Jóhann vinnur vel og kröftuglega úr sínu hlutverki engu að síður. Björn Thors er skemmtilegur í hlutverki Leikstjórans enda bráðskemmtilegur leikari. En hann þarf að gæta þess að læsa Kenneth Mána inni í skáp fyrir hverja sýningu og láta hann ekki spila með sig, Björn er of góður leikari til þess. Kristín Þóra Haraldsdóttir sýnir líka fína takta í hlutverki Maríu sem sveiflast á milli stjórnsemi og óöryggi. Ólafía Hrönn Jónsdóttir fer á kostum í hlutverki Leikarans. Það er eins og hlutverkið sé skrifað fyrir hana og hún nýtir það líka til fulls þar sem hún brunar allan tilfinningaskalann áhorfendum til mikillar gleði.

Eva Signý Berger er höfundur skemmtilegrar leikmyndar og búninga sem margir hverjir virðast styðja vel við hlutverkasköpun leikarana. Lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar er í senn fagmannleg og falleg eins og myndband Rolands Hamilton, tónlist og hljóðmynd Garðars Borgþórssonar og leikgervi Árdísar Bjarnadóttur og Elínar S. Gísladóttur. Það veit á gott þegar maður er ekki að velta þessum þáttum of mikið fyrir sér heldur nýtur heildarmyndarinnar sem gott fagfólk getur skapað.

Auglýsing ársins er einmitt góð leiksýning sem er bersýnilega unnin af góðu fagfólki allt frá höfundi til sýningar. Það er gott dæmi um mikilvægi þess að íslenskt leikhús leggi mikið í að hlúa að þeim fáu hæfileikasálum sem ganga sjálfviljugar þann planka að skrifa í þessu erfiða formi. Í vaxtarsprota íslenskrar leikritunar felst framtíð leikhússins.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg leiksýning, unnin af góðu fagfólki á flottu verki ungs höfundar.


Holta KJÚKLINGUR
KJÚKLINGAVEISLA
TILBOÐ 35% afsláttur á kassa
Holta
TILBÚIÐ Í SALATIÐ, VEFJUNA, SÚPUNA OG KJÚKLINGARÉTTINN
FAJITAS
BARBECUE
ARGENTÍNU
798 kr/pk
verð áður 1.149
100% HREIN AFURÐ
KJÚKLINGUR HEILL FERSKUR
714 kr/kg
verð áður 1.099
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
KJÚKLINGALUNDIR
2.174 kr/kg
verð áður 2.899
TILBOÐ 40% afsláttur á kassa
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
560 kr/kg
verð áður 933
TILBOÐ 40% afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-VÆNGIR
267 kr/kg
verð áður 445
TILBOÐ 30% afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-LEGGIR
699 kr/kg
verð áður 999
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-BRINGUR
2.024 kr/kg
verð áður 2.699
FRÁBÆRT VERÐ Í HAGKAUP!
HAGKAUP SKILAR TIL VIÐSKIPTAVINA
ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti
CHICKEN
CHICKEN
CHICKEN
DANPO FROSINN KJÚKLINGUR 1.4 KG
523 kr/kg
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE BOSS | 5:50, 8, 10:10 |
| HARDCORE HENRY | 10:25 |
| MAÐUR SEM HEITIR OVE | 5:30, 8 |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 8, 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 | 5:50 ÍSL.TAL |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3:20 - 3:40 - 5:40 - 6 |
| THE JUNGLE BOOK 2D VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| ALLEGIANT | KL. 8 - 10:40 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:40 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:20 - 8:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| ROBERTO DEVEREUX ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 5:40 - 8 - 10 |
| ALLEGIANT | KL. 10:20 |
| THE SHOW OF SHOWS | KL. 6:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 10:30 |
| ROOM | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:40 - 10:20 |
| ALLEGIANT | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 7:20 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 8 - 10:20 |
| THE BOSS | KL. 8 |
| ALLEGIANT | KL. 10:20 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 5:40 - 8 |
| ALLEGIANT | KL. 8 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 10:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. APRÍL 2016

### Tónlist

**Hvað?** Strokkvartettinn Siggi á háskólatónleikum
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Kapellan, aðalbygging HÍ
Strokkvartettinn Siggi flytur strengjakvartett í F-moll opus 95, Serioso eftir Beethoven og Fimm smámuni fyrir strengjakvartett eftir Atla Heimi Sveinsson. Kvartettinn skipa fiðluleikararnir Una Sveinbjarnardóttir og Helga Þóra Björgvinsdóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir sem leikur á víólu og Sigurður Bjarki Gunnarsson á selló. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Heima í Hafnarfirði
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hafnarfjörður
Tónlistarhátíðin Heima í Hafnarfirði 2016 fer fram í þriðja sinn í dag. Hátíðin er hluti af bæjarlistahátíðinni Björtum dögum sem nú stendur yfir. Fjórtán fjölskyldur munu opna heimili sitt og bjóða upp á tónleika með tveimur mismunandi hljómsveitum og/eða listamönnum inni á gafli hjá sér. Setningarhátíðin fer fram í Firði í dag klukkan 18.00, þar verður mikið um dýrðir og alls kyns uppákomur fyrir unga sem aldna. Tónleikarnir hefjast svo í heimahúsum um klukkan 20.00. Hápunktur hátíðarhaldanna verður í Bæjarbíói þar sem Björgvin Halldórsson stígur á svið og flytur nokkur af sínum vinsælustu lögum ásamt hljómsveit. Miðasala fer fram á Midi.is og er miðaverðið 5.900 krónur.

**Hvað?** Áfram veginn í 90 ár
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Karlakór Reykjavíkur efnir til sinna árlegu vortónleika í Langholtskirkju. Einsöngvari með kórnum er Elmar Gilbertsson og stjórnandi kórsins er Friðrik S. Kristinsson. Miðaverð er 4.000 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Spunaleikhópurinn Improv Ísland efnir til fjölbreyttra grín-spunasýninga í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Ekkert hefur verið ákveðið fyrirfram og á hverju kvöldi er hver sýning sýnd í fyrsta og síðasta skipti. Sýningarhópinn skipa 30 manns sem skiptast á að sýna í hverri viku. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Feigð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekku, við Rafstöðvarveg
Leikfélagið Hugleikur frumsýnir verkið Feigð eftir Ármann Guðmundson. Höfundur er jafnframt leikstjóri og alls koma 15 leikarar fyrir í verkinu. Verkið er með söng-, hryllings-, drama- og gamanleikja ívafi.

### Uppákomur

**Hvað?** Áður en Íslendingar féllu fyrir Prins póló
**Hvenær?** 16.20
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Sýning á textum og ljósmyndum eftir íslensk ungmenni á Kjarvalsstöðum. Nemendur í 9. og 10. bekk í Landakotsskóla hafa í vetur unnið með jafnöldrum sínum frá Wroclaw í Póllandi í verkefninu Storytelling Lab for Young Adults. Allir eru velkomnir á viðburðinn sem er á dagskrá Barnamenningarhátíðar.

**Hvað?** Afmælishátíð – Uppeldis- og menntunarfræði 40 ára háskólagrein
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bratti, Stakkahlíð
Farið verður yfir sögu uppeldis- og menntunarfræði og nokkrir fyrrverandi og núverandi nemendur segja frá námi sínu og störfum. Allir velkomnir.

**Hvað?** Hagyrðingakvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Veturinn verður kveðinn í kútinn á Hagyrðingahátíð á Græna hattinum í kvöld. Þeir hagyrðingar sem fram koma eru Friðrik Steingrímsson, Björn Ingólfsson, Stefán Vilhjálmsson, Pétur Pétursson, Hjálmar Freysteinsson og Ósk Þorkelsdóttir. Stjórnandi verður Birgir Sveinbjörnsson. Miðaverð er 2.500 krónur.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Stjórnið sjálf – Donald og Hillary þurfa ekki að sækja um: Vettvangur opinberra tjáskipta sem eflir rauntímalýðræði
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 101, Oddi
Géza Tessényi, lögfræðingur og forstöðumaður the Intercivil Society of London, heldur fyrirlestur þar sem hann kynnir hugmyndir um vettvang opinberra tjáskipta á sviði stjórnmála sem eflir rauntímalýðræði og nýtir aðferðir rafræns lýðræðis. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir.



Björgvin Halldórsson er meðal þeirra sem koma fram á tónlistarhátíðinni Heima í Hafnarfirði.

**Hvað?** Flóttamenn í Evrópu - Ljósmyndaerindi Páls Stefánssonar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** HT-101, Háskólatorg
Ljósmyndarinn Páll Stefánsson flytur erindi um flóttamenn í Evrópu. Aldrei hefur jafnmargir flúið heimili sín en talið er að um 55 milljónir manna séu á flótta um heim allan. Páll hefur á undanförnum mánuðum ferðast víða og kynnst aðstæðum og raunum þeirra sem flúið hafa átök í heimalöndum. Páll deilir í máli og myndum reynslu sinni frá ferðum til Líbanons, Kos, Lesbos, Tyrklands, Svíþjóðar, Þýskalands og Calais í Frakklandi. Fundarstjórn verður í höndum Páls Biering, dósents við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Fundurinn fer fram á íslensku og er öllum opinn.

**Hvað?** Þrengt að opnu framhaldsskólavali árin 2010–2012: Forsendur og saga málsins
**Hvenær?** 16.20
**Hvar?** K-206, Stakkahlíð
Námsbraut um kennslu í framhaldsskólum og Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs við Háskóla Íslands boða til opinna funda um rannsóknir á framhaldsskólastarfi. Málstofurnar verða haldnar í húsnæði menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Erindin eru að jafnaði um 20 mínútur og jafnlangur tími er ætlaður til umræðna. Erindin eru flutt á íslensku nema annað sé tekið fram. Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur undir yfirskriftinni Þrengt að opnu framhaldsskólavali árið 2010-2012: Forsendur og saga málsins. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Maðurinn sem minnkaði – vistsporið sitt
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Salur 2, Háskólabíó
Í tilefni 10 ára afmælis þverfræðilegs meistaranáms í umhverfis og auðlindafræði býður námsbrautin, í samstarfi við kvikmyndaframleiðslufyrirtæki, til frumsýningar á heimildarmyndinni Maðurinn sem minnkaði – vistsporið sitt. Myndin fjallar um Sigga og baráttu hans við að lifa sjálfbæru lífi í ósjálfbæru samfélagi. Pallborðsumræður og móttaka að sýningu lokinni. Þátttakendur í pallborði eru Ragnheiður Elín Árnadóttir, viðskipta- og nýsköpunarráðherra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, dr. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, Snorri Baldursson, formaður Landverndar og Sigurður E. Jóhannesson, umhverfis- og auðlindafræðingur, framleiðandi. Fundarstjóri er Magnús B. Jóhannesson, rekstrarhagfræðingur og framleiðandi. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.



Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er meðal þeirra sem taka þátt í pallborðsumræðum við fumsýningu á heimildarmyndinni Maðurinn sem minnkaði – vistsporið sitt í Háskólabíói í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Louder than bombs | 17:45 |
| Fyrir framan annað fólk / in front of others ENG SUB | 18:00 |
| Son of saul // saul fia | 17:45 |
| The Witch / Nornin | 20:00 |
| Spotlight | 20:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Mia Madre | 22:00 |
| Anomalisa | 22:30 |
| Reykjavík ENG SUB | 22:00 |



# SKÓLAHREYSTI



## ÚRSLIT RÁÐAST Í KVÖLD

Úrslit ráðast í Skólahreysti í kvöld þegar tólf bestu grunnskólar landsins í Skólahreysti keppa til sigurs í Laugardalshöll. Úrslitaskólarnir eru Árskóli, Egilsstaðaskóli, Grundaskóli, Grunnskólinn á Ísafirði, Hagaskóli, Holtaskóli, Hvolsskóli, Kelduskóli, Laugalækjarskóli, Lindaskóli, Síðuskóli og Stóru-Vogaskóli. ÞAÐ ER ÓKEYPIS INN og við hvetjum alla til að mæta og styðja skólann sinn. Keppnin verður SÝND Í BEINNI ÚTSENDINGU Á RÚV KL. 20.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SKÓLAHREYSTI ER Í BOÐI LANDSBANKANS

facebook.com/skolahreysti #skolahreysti



2 | 20:05
**Á UPPLEIÐ**
Sindri Sindrason hittir Láru Konráðsdóttur sem byrjaði starfsferil sinn á lítilli skrifstofu en er nú forstjóri Eimskips í Noregi.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




2 | 20:35
**GREY'S ANATOMY**
Við sýnum hörkuspennandi tvöfaldan þátt þar sem allt fer á annan endann á Grey Sloan spítalanum. Loka þarf byggingunni og neyðarástand ríkir hjá læknum og starfsfólki á vakt.

2 | 22:05
**BLINDSPOT**
Hörkuspennandi þættir þar sem Jane hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftar en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.



b | 22:00
**MIDNIGHT IN PARIS**
Rómantísk gamanmynd í leikstjórn Woody Allen og fjallar um ungt fólk í tilhugalífinu sem fer í frí til Parísar og þau eru ekki sammála um ágæti borgarinnar.



3 | 20:20
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán og sprengjuhótanir um borð í flugvélum.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.
Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Teen Titans Go
**07.45** The Middle
**08.10** Sullivan & Son
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.10** Anger Management
**11.35** Hello Ladies
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.45** Mayday
**14.30** Baby Daddy
**14.55** Glee
**15.40** Teen Titans Go
**16.05** Sirens
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** **Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu. Áhugaverð umræða og fróðlegar fréttaskýringar.
**19.10** Víkingalottó
**19.15** The Middle
**19.40** Mike & Molly
**20.05** Á uppleið
**20.25** **Grey's Anatomy** Tólfta þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**21.10** Grey's Anatomy
**21.55** Blindspot
**22.45** Girls
**23.15** Real Time with Bill Maher
**00.15** NCIS
**01.00** The Blacklist
**01.40** Better Call Saul
**02.30** Mistresses
**03.10** Mistresses
**03.55** The Mortal Instrument. City of Bones
**06.00** Your're the Worst
**06.25** Louie

## SPORT

**07.00** Norwich - Sunderland
**08.40** Everton - Southampton
**10.20** Messan
**11.35** Man. Utd. - Aston Villa
**13.15** Bournemouth - Liverpool
**14.55** Valur - Víkingur R.
**16.35** KR - Haukar
**18.15** Körfuboltakvöld
**18.50** Liverpool - Everton
**21.05** Newcastle - Man. City
**22.45** Man. Utd. - Crystal Palace
**00.25** West Ham - Watford
**02.05** Shaqtin a Fool. Finale
**02.30** LA Clippers - Portland

## SPORT 2

**11.40** Meistarad. Evrópu - fréttir
**12.05** Þýsku mörkin
**12.30** Ítölsku mörkin
**12.55** Napoli - Bologna
**14.35** Chelsea - Man. City
**16.15** Arsenal - Crystal Palace
**17.55** Premier League Review
**18.50** Man. Utd. - Crystal Palace
**21.00** Wayne Rooney Film
**22.00** Deportivo - Barcelona
**23.40** Real Madrid - Villarreal

## GOLFSTÖÐIN

**09.10** RBC Heritage
**12.10** Golfing World
**13.00** RBC Heritage
**18.00** Golfing World
**18.50** RBC Heritage

## STÖÐ 3

**16.40** Discovery Atlas
**18.25** League
**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** Last Man Standing
**19.55** Baby Daddy
**20.20** Mayday. Disasters
**21.10** The Listener
**21.55** American Horror Story. Hot
**22.45** Supergirl
**23.30** Arrow
**00.10** Last Man Standing
**00.35** Baby Daddy
**00.55** Mayday. Disasters
**01.45** The Listener
**02.25** American Horror Story. Hotel
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.55** UKI
**08.00** Ljóti andarunginn og ég
**08.25** Latibær
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Lína langsokkur
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** UKI
**12.00** Ljóti andarunginn og ég
**12.22** Latibær
**12.45** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Lína langsokkur
**13.46** Mæja býfluga
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** UKI
**16.00** Ljóti andarunginn og ég
**16.22** Latibær
**16.45** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Lína langsokkur
**17.46** Mæja býfluga
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**19.00** Skýjað með kjötbollum á köflum 2



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GULLSTÖÐIN

**18.10** Raising Hope
**18.35** 2 Broke Girls
**19.00** Friends
**19.25** Cougar Town
**19.50** Lýðveldið
**20.15** Feðgar á ferð
**20.40** Chuck
**21.25** Cold Case
**22.10** Shetland
**23.05** Friends
**23.25** Lýðveldið
**23.50** Feðgar á ferð
**00.10** Chuck
**00.55** Cold Case
**01.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**13.45** Admission
**15.30** **The Last of Robin Hood** Rómantísk bíómynd frá árinu 2013 sem fjallar um ævisögu Hollywood-leikarans Errols Flynn. Með aðalhlutverk fara Kevin Kline, Susan Sarandon og Dakota Fanning.
**17.00** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**18.35** Admission
**20.25** The Last of Robin Hood
**22.00** Midnight in Paris
**23.35** Riddick
**01.35** **Pride and Glory** Hörkuspennandi glæpamynd sem fjallar um fjölskyldu lögreglumanna í New York þar sem Colin Farrell, Edward Norton og Jon Voight leika aðalhlutverkin.
**03.45** Midnight in Paris

## RÚV

**17.15** Maðurinn og umhverfið
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Skólahreysti
**21.30** Lífæðar hjartans
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Á spretti
**22.40** Bekkjarmótið
**00.15** Hernám
**01.05** Kastljós
**01.25** Fréttir
**01.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Top Chef
**09.50** Survivor
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Black-ish
**13.55** Jane the Virgin
**14.40** Minute To Win It
**15.25** Life In Pieces
**15.50** Grandfathered
**16.15** The Grinder
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.45** Leiðin á EM 2016
**20.15** Secret Solstice. Fólkið í Dalnum
**21.10** Chicago Med
**21.55** Quantico
**22.40** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.20** The Late Late Show with James Corden
**00.00** Sleeper Cell
**00.45** Billions
**01.30** Scandal
**02.15** Chicago Med
**03.00** Quantico
**03.45** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.25** The Late Late Show with James Corden
**05.05** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.

# YFIR 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.***

2 SPORT

*Sportpakkinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótbolti, körfubolti, ruðningur, bardagaíþróttir, handbolti, frjálsar og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.*
***Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.***

**Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.*

365.is | Sími 1817

365

markhönnun ehf

netto






















**Tilboðin gilda 20. – 24. apríl 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




SS
LAMBABÓGUR
FROSIÐ - 2 STK
798
ÁÐUR 998 KR/KG




998 KR GRILLPYLSUR
CHILLI/BEIKON
998 KR PK




HOLTA
KJÚKLINGABORGARI
2 STK M/BRAUÐI
387
ÁÐUR 595 KR/PK




GRÍSAKÓTILETTUR
PROVANCEL TEXAS DE BRASIL
1.386
ÁÐUR 1.898 KR/KG




NETTÓ
KJÚKLINGAVÆNGIR
299
ÁÐUR 398 KR/KG



COOP
MAÍSSTÖNGLAR 2 STK
400 G
279




TWIX 4 Í PAKKA
SNACKSIZE 160 G
299
ÁÐUR 329 KR/PK




ORGANIC PIZZA
RUCOLA SALAMI
340 G
498
ÁÐUR 598 KR/STK

ORGANIC PIZZA
MOZZARELLA & PESTO
340 G
498
ÁÐUR 598 KR/STK

ORGANIC PIZZA
MARGHERITA
340 G
398
ÁÐUR 498 KR/STK



# Eitt og annað sem hefur átt sér stað síðastliðna 7.202 daga



Forsetakosningarnar fara fram þann 25. júní næstkomandi. Ólafur Ragnar tók við embætti af Vigdísi Finnbogadóttur þann 1. ágúst 1996 og hefur því verið forseti í 19 ár og 263 daga í dag. Það gerir alls 7.202 daga frá því að Ólafur varð forseti. Lífið fór yfir ýmislegt sem hefur átt sér stað síðan Ólafur varð forseti.

- **Gwyneth Paltrow** og **Brad Pitt** voru kærustupar.
- Vinsælasta lag sumarsins árið 1996 var lagið **Macarena** með Los del Rio.



- **Spice Girls** voru enn starfandi og við það að slá í gegn um heim allan. Síðan þá hefur hljómsveitin lagt upp laupana, líkt og flestir ættu að vita, og nokkrum sinnum komið saman á ný.
- Þess má einnig til gamans geta að **David** og **Victoria Beckham** voru ekki enn byrjuð að deita en í dag eiga þau fjögur börn saman.
- Íslendingar sendu lagið **Sjúbídú** í flutningi Önnu Mjallar í Eurovision. Lagið endaði í 13. sæti með 51 stig en sigurvegari keppninnar var Eimear Quinn fyrir hönd Írlands en hann flutti lagið The Voice.



- **Ross** var ekki enn búinn að halda fram hjá **Rachel** í sjónvarpsþáttunum Friends. Síðan hefur töluvert vatn runnið til sjávar.
- **Míní-pils** og svokallaðir **klumbuskór** á borð við **buffalo**-skó voru að detta inn og hlébarðamynstur var í töluverðri tísku. Og sökum vinsælda nýnefnds sjónvarpsþáttar vildu allir vera með hár eins og Rachel.
- **Tyra Banks, Niki Taylor og Rebecca Romijn** voru aðalmálið.



- **Karl Bretaprins** og **Díana prinsessa** voru í miðju skilnaðarferli sem lauk þann 28. ágúst. **Díana** lést í bílslysi þann 31. ágúst árið 1997.
- Meðal kvikmynda sem frumsýndar voru árið 1996 eru **Independence Day, Mission: Impossible, 101 Dalmatians, The Nutty Professor og Jerry Maguire**. Independence Day var söluhæsta mynd ársins og er nú unnið að framhaldi hennar, **Independence Day: Resurgence** sem frumsýnd verður 24. júní þessa árs.



# Gula fílabindið gjöf frá Dorrit

Fílabindi sem **Ólafur Ragnar Grímsson,** forseti Íslands, bar þegar hann tilkynnti aftur um framboð sitt til forseta á mánudaginn vakti heldur betur athygli. Fréttablaðið grennslaðist fyrir um gula bindið.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is





„Þetta bindi fékk ég í gjöf frá Dorrit,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, spurður út í gula fílabindið sem vakti heldur betur athygli á samskiptamiðlum eftir blaðamannafund á Bessastöðum á mánudaginn.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Ólafur skartar bindinu í hinum ýmsu erindagjörðum. Ætli bindið sé í miklu uppáhaldi hjá honum?

„Bindið er í uppáhaldi hjá mér, ég hef notað það oft,“ segir Ólafur Ragnar, og skal engan undra að Dorrit hafi gefið honum bindið, enda er hún þekkt fyrir fágaðan og fallegan fatastíl og hefur meðal annars verið valin best klædda kona landsins.



## Hann ber bindið mjög vel



„Ég veit ekki alveg hvaðan fíllinn kemur, ég þekki þetta bindi ekki beint persónulega, en þetta er mjög áhugavert bindi. Í fyrsta lagi í stjórnmálum vísar fíllinn oft til repúblíkanahópsins, sem er algjör andstæða við það sem Ólafur Ragnar stendur fyrir, þar sem hann er ekki hægri íhaldsmaður. Svo er spurning hvort hann sé að tengja sig við bleika fílinn í herberginu. Guli liturinn á bindi er frekar dipló, Ólafur er mikið fyrir bresk föt og kaupir öll sín jakkaföt á Savile Row í Bretlandi, hann er mjög trúr sínum stíl. Hann er nær alltaf í tvíhnepptum jakkafötum með bindi, og yfirleitt þetta bindi, sérstaklega þegar hann er að tala fyrir framan almenning. Ég er hrifinn af bæði gulum bindum og bindum með myndum,“ segir Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, áhugamaður um tísku, þegar hann er spurður út í bindið.




Brian Wilson
flytur
Pet Sounds
50 ára
afmæli
Meistaraverkið flutt í heild sinni í síðasta sinn.
~Ásamt fágætum lögum og vinsælustu lögunum~
Sérstakir gestir
Al Jardine & Blondie Chaplin
6. september 2016 í Eldborg - Hörpu
Miðasala hefst þriðjudaginn 26. apríl kl. 10:00



Jóhann Kristófer Stefánsson ásamt Kim Kardashian og Jonathan Cheban. MYND/JÓHANN KRISTÓFER

# Skrifaði BA-ritgerð um Kim og fékk selfie með henni

Í kjölfar heimsóknar Kardashian-klansins og fylgdarfólks þess hafa margir íslenskir aðdáendur reynt að ná sjálfsmyndum með þeim og sumir hafa uppskorið af erfiði sínu. Einn af þeim er **Jóhann Kristófer Stefánsson** sem skrifaði BA-ritgerð um Kardashian-fjölskylduna.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Jóhann Kristófer Stefánsson, sviðshöfundur, rappari, leikari og fyrirsæta var einn af þeim sem hitti Kardashian-hópinn í miðbænum á mánudaginn.

„Ég var á gangi niðri í bæ og fann á mér að meðlimir Kardashian-fjölskyldunnar væru ekki langt frá. Þannig að ég fylgdi innsæinu og gekk þar til ég rakst á þau á Bæjarins bestu. Eftir að fjölskyldan fékk sér pullu gengu þau upp í Grjótaþorp og þeim fylgdi halarófa ungmenna. Ég gekk meðferðis, enda áhugasamur leikmaður, og ekki leið á löngu áður en ég náði stuttu augnabliki við hliðina á Kim, en þá skaut ég að henni að ég hefði einmitt skrifað BA-ritgerðina mína um þáttinn hennar. Henni þótti gaman að heyra það og sagði í sínum einkennistóni: „Oh, cool,“ en Jóhann skrifaði BA-ritgerðina sína við sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands einmitt um raunveruleikaþáttinn Keeping up with the Kardashians.

„Í ritgerðinni skoðaði ég þáttinn í samhengi við kenningar skoska félagsfræðingsins Ervings Goffman, sem heldur því fram að við séum alltaf í sviðsetningu á sjálfum okkur. Kardashian-fjölskyldan notar þáttinn til þess að viðhalda ímynd sinni algjörlega á sínum eigin forsendum. Þau ráða algjörlega hvernig við sjáum þau og með eftirvinnslu og klippingu manipúlera þau hvaða tilfinningar vakna upp við áhorf á þáttinn.“



## The Dream

Með Kardashian-systrum og Kanye West í för er söngvarinn og lagahöfundurinn The-Dream.

**Rétt nafn** Terius Nash.

**5 sólóplötur** Flestar hafa fengið ágætis dóma, þá sérstaklega þrjár fyrstu plöturnar hans sem hafa verið kallaðar Love-þríleikurinn: Love Hate, Love vs. Money og Love King.

**Lagahöfundur** Samdi, ásamt öðrum, t.d. Baby með Justin Bieber, Umbrella með Rihönnu og Single Ladies hennar Beyoncé,

***Mögulega kominn til að taka þátt í upptökum á myndbandi Kanye West.***

**Gætu verið lögin** Ultralight Beam eða Highlights af The Life of Pablo.



# Barist á götum New York

**The Division**
**Ubisoft**
**PlayStation 4/Xbox One/PC**
★★★☆☆

Á yfirborðinu er The Division ákaflega fallegur og heillandi skotleikur. Spilarinn þræðir auðar götur New York-borgar og tekst á við afleiðingar skelfilegrar farsóttar sem hryðjuverkamenn leystu úr læðingi. The Division er taktískur, þriðju persónu skotleikur sem byggir á loforði Ubisoft um risavaxinn leikvöll spilara og langa, lífræna framvindu sem knúin er áfram af loforðinu um sífellt betri tæki, tól og búnað.

Þetta er þó aðeins yfirborðið, því eins og með svo marga leiki frá Ubisoft þá er The Division hrjáður tæknilegum göllum sem í besta falli gera leikinn þreytandi en í versta falli óspilanlegan.

Sjálf spilunin er þokkaleg og sögusviðið er sannarlega heillandi en Ubisoft tekst ekki að innleiða spunaspil (RPG) í anda Destiny eða WoW í sögusvið sem byggir á raunheimi. Áherslurnar fara ekki vel saman og togstreitan er hvergi sjáanlegri en þegar það tekur nokkur magasín að fella grímuklæddan gaur í hettupeysu að nafni Brian.

Þrátt fyrir áhersluna á fjölspilun gerir The Division ekki þá kröfu á spilara að taka höndum saman við aðra. Spilarinn getur hreinsað New York af óeirðaseggjum einsamall en undir vélarhlífinni er gríðarlega vel heppnað fjölspilunarkerfi sem snertir í raun alla fleti leiksins.

Spilarinn upprætir ólíkar fylkingar skúrka sem freista þess að hagnast á óðagotinu í borginni. Þrátt fyrir það breytist lítið. Eina úrræði spilarans til að bæta líf borgarbúa virðist vera að taka í gikkinn nógu oft.

Í grunninn er The Division þokkalegur skotleikur en spunaspilið og fjölspilunin þvælist oft á tíðum fyrir. The Division er langtíma verkefni og fyrstu viðbætur við leikinn hafa þegar komið út og gert spilunina fágaðri. Enn skortir þó á jafnvægi milli skotgleðinnar og spunans.

**Kjartan Hreinn Njálsson**

# ellos
# OUTLET
## ALLT FYRIR SUMARIÐ







**ellos.is | Outlet | Mjóddinni | Þarabakka 3**

Opnunartími: Virka daga 12.00-18.00. laugardaga 12.00-17.00.










Jóhannes Haukur ásamt Jens Hultén, meðleikara sínum í myndinni The Solutrean, en hann er þekkastur fyrir hlutverk sín í Skyfall og Mission Impossible.

# Fylgdist með í beinni frá upphafi

**Jóhannes Haukur Jóhannesson** leikari eignaðist stúlku 17. apríl með eiginkonu sinni Rósu Björk Sveinsdóttur. Jóhannes Haukur fylgdist með fæðingunni í gegnum Skype þar sem hann er nú staddur í Kanada við tökur á myndinni The Solutrean í leikstjórn Alberts Hughes.

Tilfinningin var blendin, manni þótti auðvitað miður að geta ekki verið á staðnum en að sama skapi alveg dásamlegt að geta fylgst með og talað við Rósu í beinni útsendingu. Þetta kom okkur sem betur fer ekki á óvart þar sem við vorum fyrir löngu búin að átta okkur á því að það væru yfirgnæfandi líkur á því að ég myndi ekki ná því að vera viðstaddur þar sem settur dagur var 29. apríl og ég kem ekki heim fyrr en í fyrsta lagi 5. maí. Svo er þetta þriðja barnið og hin tvö hafa bæði komið fyrir tímann,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson, spurður hvernig tilfinning það hafi verið að horfa á fæðingu dóttur sinnar í gegnum Skype.

Jóhannes Haukur og eiginkona hans Rósa Björk Sveinsdóttir eignuðust stúlku 17. apríl. Eins og fyrr segir var Jóhannes nokkuð viss um að ná ekki fæðingunni, en gerði ráðstafanir og fylgdist vel með frá upphafi.

„Ég var stressaður yfir því að vera við tökur á einhverjum stað með lélegri nettengingu og missa þannig alfarið af þessu. En dóttir okkar sýndi okkur þá kurteisi að koma í heiminn á frídegi þannig að ég gat fylgst með í beinni frá upphafi og þar til hún sofnaði í örmum móður sinnar sex tímum síðar. Ég sat bara á hótelherberginu mínu með premium nettengingu. Svo er maður alltaf með áhyggjur af því hvort allt gangi vel og að allir sleppi heilir frá þessu. Fæðingin gekk ótrúlega vel. Það var búið að ákveða heimafæðingu og allt til alls á staðnum, ég var búinn að taka allt til fyrir komu barnsins áður en ég fór til Kanada í febrúar. Vaggan, föt, bleiur, skiptiborð, bílstóll og allt sem til þarf var klárt þegar ég fór út. Um sunnudagsmorgun byrjaði legvatnið að leka en samdrættirnir byrjuðu svo ekki fyrr en um átta um kvöldið. Þá komu ljósmæðurnar og frænka mín, sem var minn staðgengill í fæðingunni, á staðinn. Svo bara græjaði frúin þetta á þremur tímum eins og herforingi. Jógabolti og sundlaug og eiginmaðurinn á tölvuskjá. Litla stelpan tók svo strax brjóst og sofnaði í örmum móður sinnar laust eftir miðnætti,“ segir Jóhannes Haukur stoltur og fullur tilhlökkunar að koma heim og hitta nýfædda dóttur sína og fjölskyldu.



Nýfædd dóttir þeirra Jóhannesar Hauks og Rósu Bjarkar.

**ÉG VAR STRESSAÐUR YFIR ÞVÍ AÐ VERA VIÐ TÖKUR Á EINHVERJUM STAÐ MEÐ LÉLEGRI NETTENGINGU OG MISSA ÞANNIG ALFARIÐ AF ÞESSU.**

Jóhannes Haukur er á síðustu metrunum við að leika í kvikmyndinni The Solutrean í leikstjórn Alberts Hughes. Myndin gerist fyrir 20.000 árum og fjallar í einföldu máli um að lifa af.

„Ég held ég megi nú ekkert gefa nánar upp um söguþráðinn. Þetta er stórkostlegt verkefni sem ég er afar þakklátur fyrir að fá að taka þátt í. Myndin kemur í bíó um allan heim í IMAX, 2D og 3D seint á næsta ári. Og mér skilst að hún verði sýnd í kvikmyndahúsum Senu hér heima. Maður skellir sér þá í bíó með allt stóðið og smellir heyrnartólum á þessa minnstu,“ segir Jóhannes Haukur léttur í bragði.

gudrunjona@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ
HVAÐA LIÐ STANDA UPPI SEM ÍSLANDSMEISTARAR?
NÚ ER ALLT UNDIR
KR
Brynjar Þór Björnsson
SNÆFELL
Gunnhildur Gunnarsdóttir
HAUKAR
Kristinn Marinósson
HAUKAR
Helena Sverrisdóttir
UN WOMEN
Íslensk landsnefnd
In support of
HeForShe
UN Women Solidarity Movement for Gender Equality
PIPAR\TBWA · SÍA
kki.is
SJÁUMST Á VELLINUM!
DOMINO'S DEILDIN

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Bjarna Karlssonar



# Tóm heimska ef...

Um daginn sagði mér fróður maður að vísindamenn úti í heimi héldu því fram að hringrásin í vistkerfinu væri svo hröð að á hverjum þremur vikum hafir þú deilt frumeindum með hverri einustu lífveru sem dregið hafi andann á þessari jörð. Efni og orka eyðist ekki heldur skiptir bara um form og öðlast nýtt samhengi. Og nú halda menn jafnvel að tíunda reikistjarnan sé fundin í okkar litla sólkerfi.

Við skiljum hvorki víddir alheimsins né vegi vistkerfisins til hlítar en við vitum að þar ríkir samhengi. Veröldin virðist samsett úr mörgum opnum og gagnvirkum kerfum þar sem allt er innbyrðis tengt. Kjarni veruleikans er sennilega tengsl.

Góð tengsl byggja á samspili og samspil snýst alltaf um að virða samhengi, vita hvar maður sjálfur endar og annað tekur við. Mannskepnan virðist vera eina tegundin sem dreymir um að vera stærri en veruleikinn. Hún unir ekki samhengi sínu og gengur m.a.s. svo langt í sínum almættisórum að hún smíðar gjöreyðingarvopn – tæki sem rýfur öll tengsl vistkerfisins á einu bretti!

Önnur og vægari birtingarmynd þess að vilja vera stærri en veruleikinn er þegar við ráðumst yfir mörk annarra með því að öskra á fólk, berja það eða ögra með öðrum hætti. Líka þegar við bregðumst trúnaði með ósannsögli eða svikum. Þá lokast tengsl og samspil dettur niður. Það sama gerist þegar við mengum eða eignum sjálfum okkur það sem allir eiga saman, svo sem vatn, land og náttúruauðlindir eða söfnum peningum í hrúgur og felum einhvers staðar langt í burtu. Allt er það tóm heimska ef veruleikinn er tengsl.







